

SKÓLASKÝRSLA 2007

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Hag- og upplýsing svið

2007

Skólaskýrsla 2007

© Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30

Pósthólf 8100

128 Reykjavík

Sími 515 4900

Netfang: samband@samband.is

Veffang: www.samband.is

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
LEIKSKÓLI	6
1. LEIKSKÓLABÖRN	6
2. LEIKSKÓLAR	12
3. STARFSFÓLK	14
4. KOSTNAÐUR VEGNA LEIKSKÓLA	21
GRUNNSKÓLI	31
5. NEMENDUR	31
6. GRUNNSKÓLAR	36
7. STARFSFÓLK Í GRUNNSKÓLA	37
8. KOSTNAÐUR VEGNA GRUNNSKÓLA	55
SKÓLAMÁLANEFND SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA	64
HLUTVERK SKÓLAMÁLANEFNDAR	64
VERKEFNI SKÓLAMÁLANEFNDAR	64
BREYTT VINNUBRÖGÐ Í SAMSKIPTUM LN OG KÍ VEGNA GRUNNSKÓLANS	66
HEILDARENDURSKOÐUN LÖGGJAFAR UM ÖLL SKÓLASTIG	68
AUKINN SVEIGJANLEIKI Í NÁMI	69
VELFERÐ OG ÁBYRGÐ NEMENDA	70
LOKAORÐ	70
FYLGISKJÖL	71
FYLGISKJAL 1 - ÁHERSLUATRÍÐI SAMBANDSINS VEGNA HEILDARENDURSKOÐUNAR GRUNNSKÓLALAGA	71
FYLGISKJAL 2 - FYRIRVARI FULLTRÚA SAMBANDSINS Í ENDURSKOÐUNARNEFND GRUNNSKÓLALAGA	72
FYLGISKJAL 3 - SKILABRÉF NEFNDAR UM HEILDARENDURSKOÐUN Á GRUNNSKÓLALÖGUM	72
FYLGISKJAL 4 - ÁHERSLUR SAMBANDSINS VEGNA ENDURSKOÐUNAR LAGA UM LEIKSKÓLA NR. 78/1994... 73	73
FYLGISKJAL 5 - FYRIRVARI FULLTRÚA SAMBANDSINS Í NEFND UM ENDURSKOÐUN LEIKSKÓLALAGA	74
FYLGISKJAL 6 - SKILABRÉF NEFNDAR UM ENDURSKOÐUN LAGA UM LEIKSKÓLA NR. 78/1994	75
FYLGISKJAL 7 - SKÓLASKRIFSTOFUR SVEITARFÉLAGA OG SKÓLAR UTAN ÞEIRRA	77

INNGANGUR

Markmiðið með útgáfu þessarar skýrslu er að birta tölulegar upplýsingar um skólamál og gera þær aðgengilegar fyrir sveitarstjórnarmenn, stjórnendur grunnskólans og aðra þá sem fylgjast vilja með þróun í skólamálu. Í skýrslunni er bæði fjallað um leikskólann og grunnskólann.

Tölulegar upplýsingar ná til málaflokkanna á landsvísu en einnig er upplýsingunum skipt niður eftir landshlutum. Að auki eru upplýsingarnar að nokkru leyti flokkaðar eftir íbúafjölda sveitarfélaga.

Upplýsingar í skýrslunni eru fengnar frá opinberum aðilum, þ.e. Hagstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í höfuðdráttum er gerð grein fyrir starfsemi hvors skólastigs um sig árið 2006 og að auki sambærilegar upplýsingar aftur í tímann eins og kostur er.

Skýrslan gefur möguleika á árlegum samanburði á ýmsum lykiltölum í skólahaldi.

Birtar eru ýmsar magntölur yfir nemendur, skóla, kennara og annað starfsfólk og kostnaðartölur vegna málaflokksins. Að auki er að finna fróðleik frá öðrum sviðum sambandsins. Frá þróunar- og alþjóðasviði er umfjöllun um hlutverk og verkefni skólamálanefndar sem var sett á fót um mitt ár 2005. Þá er að finna í skýrslunni stutta umfjöllun frá kjarasviði um aðgerðaáætlun og breytt vinnubrögð KÍ og LN í samskiptum þeirra á milli. Lögfræðisvið gerir vinnu við frumvörp til leikskóla- og grunnskólalaga og áherslur sambandsins nokkur skil, og hvaða breytingar þau hefðu í för með sér. Skýrslan er tekin saman af Valgerði Ágústsdóttur, sérfræðingi á hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

LEIKSKÓLI

Hér má sjá yfirlit lykiltalna vegna leikskóla á tímabilinu 2004–2006. Fjöldi starfsfólks vísar til fjölda stöðugilda. Rekstrarkostnaður er uppreiknaður á verðlagi ársins 2006.

Helstu lykiltölur vegna leikskóla árin 2004–2006


	2004	2005	2006	Breyting	% breyting
Fjöldi leikskólabarna	16.755	16.864	17.216	461	3%
Heilsdagsígildi barna	15.312	15.643	16.226	914	6%
Leikskólar	262	262	267	5	2%
Starfsfólk við uppeldis- og menntunarstörf	3.459	3.535	3.807	348	10%
Starfsfólk við önnur og ótilgreind störf	413	400	394	-19	-5%
Allt starfsfólk	3.872	3.935	4.201	329	8%
Rekstrarkostnaður	13.264.799	14.606.822	17.292.418	4.027.619	28%

1. Leikskólabörn

Leikskóli er fyrsta skólastigið í skólakerfinu samkvæmt lögum nr. 78/1994 um leikskóla og er ætlaður börnum undir skólaskylduáldri. Lögin kveða á um að bygging og rekstur leikskóla skuli vera á kostnað og ábyrgð sveitarstjórna og jafnframt að sveitarstjórnnum sé skylt að hafa forystu um að tryggja börnum dvöl í góðum leikskóla. Á vegum flestra sveitarfélaga landsins er starfræktur leikskóli. Í þessum kafla verður fjallað um ýmsar lykiltölur um leikskólabörn, leikskóla, starfsfólk á leikskóla og rekstrarkostnað.

Leikskóli er ætlaður börnum undir grunnskólaáldri og er þá miðað við 1. september það ár sem börnin verða 6 ára.

Mynd 1.1 Fjöldi barna á öllum leikskólum og fjöldi heilsdagsígildi barna 1998–2006



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Börn í opinberum leikskólum og sjálfstætt starfandi leikskólum. Heilsdagsígildi eru reiknuð þannig að dvalartími í 4 klst. jafngildir hálfu heilsdagsígildi, dvalartími í 5 klst. = 0,625 og 6 klst. = 0,75. 7 klst. viðvera og yfir reiknast sem 1 heilsdagsígildi.

Árið 2006 eru 17.216 börn í öllum leikskólum landsins eða samtals 16.226 heilsdagsígildi. Frá árinu 1998 hefur leikskólabörnum alls fjölgað um rúm tvö þúsund eða 14%. Á sama tíma eykst fjöldi heilsdagsígilda mun meir eða um 39% sem jafngildir 4.540 heilsdagsígildum.

Tafla 1.1 Fjöldi barna í leikskólum reknur af sveitarfélögum 1998–2006

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	Breyting 1998-2006	% breyting 1998-2006
Reykjavík	5.336	5.185	4.935	5.287	5.542	5.611	5.690	5.658	5.677	341	6%
Höfuðborgarsv. án Rvk.	3.242	3.142	3.145	3.355	3.634	3.693	3.785	3.847	3.903	661	20%
Suðurnes	772	776	778	856	870	837	855	892	913	141	18%
Vesturland	744	733	725	820	839	825	859	852	892	148	20%
Vestfirðir	518	501	510	460	449	430	383	376	380	-138	-27%
Norðurland vestra	455	438	442	446	449	467	454	445	392	-63	-14%
Norðurland eystra	1.309	1.328	1.376	1.439	1.437	1.469	1.445	1.418	1.390	81	6%
Austurland	673	680	668	588	569	663	656	704	691	18	3%
Suðurland	1.125	1.151	1.124	1.154	1.198	1.151	1.136	1.130	1.147	22	2%
Landið allt	14.174	13.934	13.703	14.405	14.987	15.146	15.263	15.322	15.385	1.211	9%

Heimild: Hagstofa Íslands


Tafla 1.1 sýnir fjölda leikskólabarna í leikskólum á vegum sveitarfélaga eftir landshlutum tímabilið 1998–2006. Leikskólabörnum fjölgað um rúm tvö þúsund eða 14% á tímabilinu. Þeim fjölga hlutfallslega mest á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur, Vesturlandi og Suðurnesjum. Aðeins á Vestfirðum og Norðurlandi vestra fækka leikskólabörnum, um 27% og 14%. Á mynd 1.2 eru þessar upplýsingar settar fram á myndrænu formi og upplýsingum um heilsdagsígildi bætt við.

Börn dvelja mislangan tíma á leikskóla á dag. Í samanburði milli einstakra leikskóla þarf að taka tillit til mislangs dvalartíma einstakra barna á leikskóla. Því eru svokölluð heilsdagsígildi barna reiknuð út. Sjá skýringu við mynd 1.1.

Hér er ekki gerð tilraun til að taka tillit til áhrifa af barngildum eða misjöfnum aldri leikskólabarna sem hefur áhrif á starfsmannafjölda á leikskólunum þar sem hver starfsmaður nær að sinna færri börnum eftir því sem þau eru yngri.

Yfirlit um þróun barnafjölda á leikskólum sem reknir eru af sveitarfélögum kemur fram á mynd nr. 1.2. Þar kemur einnig fram fjöldi heilsdagsígilda barna á leikskólum sem reiknaður er út eftir fyrrgreindri formúlu.

Mynd 1.2 Fjöldi barna á leikskólum sveitarfélaga og fjöldi heilsdagsígilda 1998–2006




Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Börn leikskólum reknur af sveitarfélögum. Heilsdagsígildi eru reiknuð þannig að dvalartími í 4 klst. jafngildir hálfu heilsdagsígildi, dvalartími í 5 klst. = 0,625 og 6 klst. = 0,75. 7 klst. viðvera og yfir reiknast sem 1 heilsdagsígildi.

Hér sjáum við sömu þróun og í mynd 1.1. Leikskólabörnum hefur fjölgað um 1.211 eða 9% á tímabilinu 1998–2006. Á sama tíma hefur fjöldi heilsdagsígilda barna á leikskólum vaxið um 33% eða um 3.585 heilsdagsígildi. Það að heilsdagsígildum barna á leikskóla fjölgi meira en sem nemur heildarfjölda þeirra er vísbending um að viðvera barna sé að lengjast.

Mynd 1.3 Hlutfall leikskólabarna af árgangi 1998–2006




Heimild: Hagstofa Íslands

Skýring: Hlutfall leikskólabarna af árgöngum 1–5 ára barna.

Ásókn í þá þjónustu sem leikskólinn veitir hefur aukist umtalsvert á undanförunum árum. Árið 1998 sækja 69% barna á aldrinum 1–5 ára leikskóla en árið 2006 er það hlutfall komið upp í 81%.

Mynd 1.4 Þróun dvalartíma leikskólabarna 1998–2006



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga

Skýring: Hlutfall leikskólabarna af árgöngum 1-5 ára barna.

Í mynd 1.4 er að finna eina skýringu á því hve heilsdagsígildum hefur fjölgað frá 1998. Viðvera barna á leikskólum hefur aukist gífurlega á tímabilinu. Hlutdeild þeirra barna sem dvelja hálfan daginn eða minna á leikskóla hefur minnkað verulega en hlutföld þeirra barna sem dvelja 7 klst. eða lengur stórukist, eða úr tæpum 44% árið 1998 í rúm 83% árið 2006.

Tafla 1.2 Daglegur dvalartími leikskólabarna 1998–2006

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	% breyting
4 klst	4.330	3.679	2.916	2.367	2.161	1.747	1.296	1.002	744	-83%
5-6 klst	4.176	3.941	3.778	3.508	3.064	2.883	2.665	2.437	2.123	-49%
7 klst og yfir	6.599	7.141	7.880	9.703	11.057	12.055	12.794	13.425	14.349	117%
Alls	15.105	14.761	14.574	15.578	16.282	16.685	16.755	16.864	17.216	14%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Viðvera barna í leikskóla hefur lengst umtalsvert hin síðari ár. Í töflu 1.2 kemur fram að þeim börnum sem dvelja á leikskóla í 4 klukkustundir dag hvern hefur fækkað um 83 % árið 2006 miðað við árið 1998. Hlutfallsleg fækkun nemur tæpum 50% meðal barna er dvelja í leikskólanum í 5–6 tíma dag hvern. Stóraukning hefur orðið meðal barna er dvelja í 7 klukkustundir eða lengur á leikskóla á degi hverjum eða 117%. Alls hefur leikskólabörnum fjölgað um 14% á tímabilinu.


Tafla 1.3 Dvalartími barna á leikskóla árið 2006 eftir stærð sveitarfélaga

	4 klst		5-6 klst		7 klst og yfir		Samtals	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
< 500 íbúar	30	14%	58	26%	133	60%	221	1%
501 - 2000	206	13%	373	24%	951	62%	1.530	9%
2001 - 5000	231	11%	465	22%	1.387	67%	2.083	12%
5001 >	166	2%	980	14%	5.778	83%	6.924	40%
Reykjavík	111	2%	247	4%	6.100	94%	6.458	38%
Alls	744	4%	2.123	12%	14.349	83%	17.216	100%

Heimild: Samband sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Í töflu 1.3 er dvalartími leikskólabarna skoðaður eftir stærð sveitarfélaga. Hér má greina tengsl milli stærðar sveitarfélaga og dvalartíma barna á leikskóla þannig að í minni sveitarfélögum dvelja börn í styttri tíma á leikskóla en ella. Að auki má sjá í dálkinum til hægri skiptingu barna í leikskóla eftir stærð sveitarfélags. Þannig búa 38% leikskólabarna í Reykjavík, en einungis 1% í sveitarfélögum sem hafa 500 eða færri íbúa.

Mynd 1.5 Dvalartími barna á leikskóla árið 2006 eftir stærð sveitarfélaga



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Skýring: Bæði einkareknir leikskólar og leikskólar reknir af opinberum aðilum.

Í mynd 1.5 hafa upplýsingar úr töflu 1.3 verið settar fram á myndrænu formi. Hér sést glögg að um línuleg tengsl er að ræða milli stærðar sveitarfélaga og dvalartíma barna á leikskóla. Í minnstu sveitarfélögunum er hlutfall barna er dvelja 4 klukkustundir á leikskóla um 14%, en það hlutfall fer lækkandi eftir því sem sveitarfélögin eru stærri. Í Reykjavík og sveitarfélögum með íbúa yfir 5000 dvelja einungis 2% barna í 4 klukkustundir á dag í leikskóla. Í Reykjavík er hlutfall barna er dvelja í leikskóla í 7 eða fleiri klukkustundir langhæst eða 94%. Í minnstu sveitarfélögunum er það hlutfall um 60%.

Tafla 1.4 Hlutfall leikskólabarna af árgangi 1998–2006

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Reykjavík	71	68	67	71	77	80	83	83	83
Höfuðborgarsv. án Rvk.	67	65	66	72	78	79	78	77	80
Suðurnes	61	62	62	75	79	77	77	78	77
Vesturland	71	72	69	75	75	78	80	80	85
Vestfirðir	76	76	79	77	80	78	78	78	73
Norðurland vestra	64	64	66	67	71	73	74	77	80
Norðurland eystra	69	69	72	75	76	79	80	80	84
Austurland	72	74	75	70	70	84	84	88	91
Suðurland	71	74	73	73	80	79	79	76	76
Landið allt	69	68	68	72	77	79	80	80	81

Heimild: Hagstofa Íslands

Skýring: Hlutfall leikskólabarna af árgöngum 1-5 ára barna.

Tafla 1.4 sýnir það sama og mynd 1.3 nema hér eru upplýsingar greindar eftir landshlutum. Eftirspurnin hefur alls staðar aukist eftir þessari þjónustu, þó misjafnlega mikið eftir landshlutum. Hlutfallið hefur hækkað í öllum landshlutum á tímabilinu en mest á Austurlandi og er komið upp í 91% árið 2006.

Tafla 1.5 Hlutfall 1–5 ára barna af íbúafjölda 1998–2006


	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Reykjavík	5,5%	5,2%	4,9%	5,2%	5,5%	5,7%	5,7%	5,7%	5,5%
Höfuðborgarsv án Rvk	5,6%	5,2%	5,2%	5,6%	5,9%	6,0%	5,9%	5,9%	6,0%
Suðurnes	5,3%	5,3%	5,2%	6,2%	6,3%	6,1%	6,1%	6,0%	5,8%
Vesturland	5,3%	5,2%	5,1%	5,7%	5,8%	5,7%	6,0%	5,7%	5,9%
Vestfirðir	6,0%	6,0%	6,3%	5,7%	5,7%	5,5%	5,0%	5,0%	5,1%
Norðurland vestra	4,8%	4,6%	4,7%	4,8%	4,9%	5,1%	5,1%	5,0%	5,3%
Norðurland eystra	5,4%	5,5%	5,6%	5,8%	5,7%	5,9%	5,7%	5,6%	5,7%
Austurland	5,5%	5,6%	5,6%	5,0%	4,8%	5,6%	5,3%	5,1%	4,5%
Suðurland	5,7%	5,7%	5,5%	5,4%	5,6%	5,3%	5,2%	5,0%	5,0%
Landið allt	5,5%	5,3%	5,2%	5,4%	5,6%	5,7%	5,7%	5,6%	5,6%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Hlutfall barna á aldrinum 1-5 ára af íbúafjölda

Í töflu 1.5 koma fram upplýsingar um hlutfallslegan fjölda leikskólabarna af heildarfjölda íbúa í landshlutum frá 1998–2006. Árið 2006 er lægst hlutfall leikskólabarna af íbúafjölda á Austurlandi, en hæst á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur og á Vesturlandi og Suðurnesjum. Sé þróunin skoðuð á árunum 1998–2006 sést að hlutfallið hefur lækkað á Austurlandi, Vestfirðum og Suðurlandi. Á öðrum svæðum hefur hlutfallið hækkað miðað við árið 1998, nema í Reykjavík þar sem hlutfallið stendur í stað, og mest á Vesturlandi.


Mynd 1.6 Fjöldi leikskólabarna eftir stærð leikskóla 2004–2006



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Í mynd 1.6 er fjöldi leikskólabarna flokkaður eftir stærð leikskóla árin 2004–2006. Langflest leikskólabörn eru í leikskóla með 60–90 leikskólabörnum árið 2006.

Mynd 1.7 Fjöldi barna á einkareknum leikskólum og fjöldi heilsdagsígilda 1998–2006



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Börn í sjálfstætt starfandi leikskólum. Heilsdagsígildi eru reiknuð þannig að dvalartími í 4 klst. jafngildir hálfu heilsdagsígildi, dvalartími í 5 klst. = 0,625 og 6 klst. = 0,75. 7 klst. viðvera og yfir reiknast sem 1 heilsdagsígildi.

Á vegum einkaaðila eru reknir leikskólar, flestir á höfuðborgarsvæðinu en nokkrir á Suðurnesjum og Norðurlandi eystra. Þróun í fjölda barna og heilsdagsígilda á þessum leikskólum hefur orðið á árunum 1998–2006 eins og kemur fram á mynd 1.7. Börnum á einkareknum leikskólum hefur fjölgað um 97% á tímabilinu eða úr 931 í 1.831 og heilsdagsígildi hafa meira en tvöfaldast eða úr 793 í 1.749.

1.1 Samantekt

Árið 2006 eru 17.216 leikskólabörn í leikskólum landsins eða 16.226 heilsdagsígildi. Leikskólabörn í leikskólum reknur af opinberum aðilum eru 15.385 árið 2006 eða 14.477 heilsdagsígildi. Frá árinu 1998 hefur leikskólabörnum alls fjölgað um rúm tvö þúsund eða um 14%. Í leikskólum reknur af sveitarfélögum hefur börnum fjölgað um rúm 1.200 eða 9%.

Heilsdagsígildum fjölga mun meira en börnum frá árinu 1998, meðal allra leikskóla fjölga heilsdagsígildum um 4.540 eða 39%, og meðal leikskóla reknur af sveitarfélögum fjölgaði heilsdagsígildum um 3.585 eða 33%. Það að heilsdagsígildum barna fjölgi meira heldur en fjölda barna gefur vísbendingu um að viðvera barna á leikskólum hefur verið að lengjast.

Á tímabilinu 1998–2006 jókst mjög viðvera barna í leikskóla. Þeim börnum sem dvelja 4–6 klukkustundir á dag fækkaði mikið en fjöldi barna sem dvelja sjö klukkustundir eða lengur tvöfaldaðist. Sé þróunin skoðuð eftir stærð sveitarfélaga koma tengsl stærðar þeirra og dvalartíma barna á leikskóla í ljós. Í minni sveitarfélögum dvelja börn á leikskóla í styttri tíma en ella.

2 Leikskólar

Samkvæmt lögum um leikskóla er sveitarstjórnnum skylt að hafa forustu um að tryggja börnum dvöl í góðum leikskóla. Leikskóli er starfræktur í flestum sveitarfélögum landsins eða um 80% þeirra. Skólaárið 2006 voru starfræktir 267 leikskólar í 63 sveitarfélögum.

Tafla 2.1 Fjöldi leikskóla eftir landshlutum 1998–2006

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	Breyting 1998–2006	% breyting 1998–2006
Reykjavík	84	84	84	86	88	93	94	94	93	9	11%
Höfuðborgarsv. án Rvk	42	43	44	49	49	50	49	50	54	12	29%
Suðurnes	10	10	10	12	12	12	12	12	12	2	20%
Vesturland	15	14	14	15	15	15	14	14	15	0	0%
Vestfirðir	13	13	14	14	13	13	12	12	13	0	0%
Norðurland vestra	10	10	10	10	10	9	8	8	7	-3	-30%
Norðurland eystra	30	32	32	31	31	31	32	31	33	3	10%
Austurland	17	18	17	17	17	18	17	18	17	0	0%
Suðurland	28	28	28	27	27	26	24	23	23	-5	-18%
Landið allt	249	252	253	261	262	267	262	262	267	18	7%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Frá árinu 1998 hefur leikskólum fjölgað um 18 og er fjöldi þeirra 267 árið 2006. Þróun í einstökum landshlutum er sú að þeim fjölga verulega á höfuðborgarsvæðinu öllu, en fækkar á Suðurlandi og Norðurlandi vestra.


Tafla 2.2. Fjöldi leikskóla og leikskólabarna eftir rekstrarformi 1998–2006

	Allir leikskólar		Leikskólar reknir af opinb. aðilum				Sjálfstætt starfandi leikskólar			
	Fj skóla	Fj barna	Fj skóla	%	Fj barna	%	Fj skóla	%	Fj barna	%
1998	249	15.105	223	90%	14.174	94%	26	10%	931	6%
1999	252	14.761	230	91%	13.934	94%	22	9%	827	6%
2000	253	14.574	231	91%	13.703	94%	22	9%	871	6%
2001	261	15.578	237	91%	14.405	92%	24	9%	1.173	8%
2002	262	16.283	237	90%	14.987	92%	25	10%	1.296	8%
2003	267	16.685	237	89%	15.146	91%	30	11%	1.539	9%
2004	262	16.755	234	89%	15.263	91%	28	11%	1.492	9%
2005	262	16.864	234	89%	15.322	91%	28	11%	1.542	9%
2006	267	17.216	236	88%	15.385	89%	31	12%	1.831	11%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Í töflu 2.2 má sjá fjölda skóla eftir rekstrarformi á tímabilinu 1998–2006. Einkareknum eða sjálfstætt starfandi leikskólum fjölgaði um fimm á tímabilinu og eru 31 talsins árið 2006. Þeir fá rekstrarstuðning frá viðkomandi sveitarfélagi. Árið 2006 eru 236 leikskólar á Íslandi reknir af opinberum aðilum eða 88% allra leikskóla á landinu. Stór meirihluti allra leikskólabarna eru í skólum sem reknir eru af sveitarfélögum eða 89%. Fjöldi barna í sjálfstætt starfandi einkaskólum hefur þó tvöfaldast á tímabilinu.


Mynd 2.1. Fjöldi leikskóla eftir barnafjölda 2004–2006



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Á mynd 2.1. er gerð grein fyrir dreifingu leikskóla á Íslandi eftir stærð. Stórum leikskólum með 91–120 leikskólalabörn hefur fækkað um 12 frá árinu 2004. Reyndar hefur stærstu leikskólunum með 121 leikskólalabarn og yfir fjölgað um tvo á tímabilinu. Þá hefur skólum með 61–90 börn fjölgað um níu árið 2006 miðað við árið 2004. Fjöldi minnstu leikskólanna með 30 börn eða færri stendur í stað á tímabilinu. Árið 2006 er um 60% leikskóla með 30–90 leikskólalabörn eða 161 leikskóli.

Mynd 2.2 Starfstími leikskóla 2002–2006



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring. Ótilgreindur starfstími er hjá 1 leikskóla árið 2002, 4 leikskólum árið 2004 og 9 leikskólum árið 2006.

Mynd 2.2 sýnir þróun á starfstíma leikskóla 2002–2006. Hér kemur fram að starfstími leikskóla hefur lengst á tímabilinu. Leikskólum með stuttan starfstíma 30–48 vikur hefur fækkað úr 99 í 57 eða um rúm 40%. Á hinn bóginn hefur leikskólum sem starfa í 50–52 vikur fjölgað úr 13 í 89 sem jafngildir 85% fjölgun.

2.1 Samantekt

Árið 2006 eru starfandi 267 leikskólar á Íslandi og hefur þeim fjölgað um 18 eða 7% frá árinu 1998. Árið 2006 er hlutfall leikskóla sem reknir eru af sveitarfélögum 88% og hefur lækkað um tvö hlutfallsstig miðað við árið 1998.

Um 60% leikskóla á landinu eru með 30–90 leikskólabörn árið 2006. Ellefu skólar eða 4% leikskóla eru með 121 barn og fleiri.

Á tímabilinu 1998–2006 hefur starfstími leikskóla lengst og árið 2006 eru tveir þriðju leikskóla með opið í 48–52 vikur

3. Starfsfólk

Í lögum um leikskóla nr. 78/1994 segir að leikskólastjóri og það starfslið er annast uppeldi og menntun barna skuli hafa menntun leikskólakennara. Þó skuli heimilt að ráða starfsfólk án leikskólamenntunar enda fáist ekki leikskólakennarar til starfsins. Erfitt hefur reynst að ná þessu markmiði laganna.

Tafla 3.1 Fjöldapróun stöðugilda starfsfólks í leikskóla eftir menntun 1994–2006

	Starfsfólk alls	% breyting frá fyrra ári	Leikskóla- kennarar	% breyting frá fyrra ári	Aðrir með uppeldis- menntun	% breyting frá fyrra ári	Ófaglærðir við uppeldi og menntun	% breyting frá fyrra ári	Önnur og ótilgreind störf	% breyting frá fyrra ári
1994	2.373		768		110		1.239		256	
1995	2.403	1%	803	5%	64	-42%	1.335	8%	201	-21%
1996	2.458	2%	755	-6%	134	109%	1.278	-4%	291	45%
1997	2.580	5%	769	2%	115	-14%	1.429	12%	268	-8%
1998	2.780	8%	788	2%	129	12%	1.588	11%	275	3%
1999	2.871	3%	870	10%	102	-21%	1.607	1%	292	6%
2000	2.985	4%	803	-8%	122	20%	1.710	6%	350	20%
2001	3.279	10%	934	16%	130	7%	1.856	9%	359	3%
2002	3.578	9%	987	6%	171	32%	2.025	9%	395	10%
2003	3.811	7%	1.075	9%	178	4%	2.144	6%	414	5%
2004	3.872	2%	1.170	9%	193	8%	2.096	-2%	413	0%
2005	3.935	2%	1.227	5%	225	17%	2.083	-1%	400	-3%
2006	4.201	7%	1.340	9%	253	12%	2.214	6%	394	-2%
Breyting	1.828		572		143		975		138	
% breyting	77%		74%		130%		79%		54%	


Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Átt er við fjölda stöðugilda starfsfólks. Starfsmenn leikskóla að Kárahnjúkum ekki taldir með árin 2004–2006. Önnur og ótilgreind störf vísa til ræstinga, eldhússtarfa og svo framvegis. Bæði einkaskólar og leikskólar reknir af opinberum aðilum.

Í töflu 3.1. hér að ofan er birt yfirlit um fjölda starfsfólks og skiptinu þess með hliðsjón af menntun þess. Fram kemur að stöðugildum starfsfólks alls í leikskóla hefur fjölgað um 1.828 eða 77% á árunum 1994–2006 og fjölgun frá fyrra ári er hlutfallslega mest árið 2001. Gott er að hafa í huga að leikskólum hefur fjölgað um 18 frá árinu 1998. Stöðugildum þeirra er sinna uppeldi og menntun leikskólabarna er hafa aðra uppeldismenntun en leikskólakennaranám hefur fjölgað um 143 eða ríflega tvöfaldast á tímabilinu. Ófaglærðum er starfa við uppeldis- og menntunarsörf í

leikskólum hefur fjölgað um 975 stöðugildi eða 79%. Þá hefur stöðugildum þeirra er sinna öðrum og ótilgreindum störfum fjölgað um helming eða 138.


Mynd 3.1 Hlutfallsleg skipting starfsfólks í öllum leikskólum eftir menntun 2004–2006



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á mynd 3.1 kemur fram að hlutfall starfsmanna á leikskólum með leikskólakennaramenntun hefur aukist lítillega á tímabilinu eða úr 34% árið 2004 í 35% árið 2006. Þó er enn langt í að ákvæði laga um leikskóla um menntun starfsfólks sé náð. Hér er bæði tekið til einkarekinna leikskóla sem og þeirra sem reknir eru af sveitarfélögum.


Mynd 3.2 Hlutfallsleg skipting starfsfólks í leikskólum sveitarfélaga eftir menntun 2004–2006



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í mynd 3.1 hér fyrir ofan var gerð grein fyrir hlutfallslegri skiptingu starfsfólks eftir menntun í öllum leikskólum landsins. Í framhaldi af því er fróðlegt að máta þá skiptingu við þá leikskóla sem reknir eru af sveitarfélögum líkt og gert er í mynd 3.2. Hlutfall leikskólakennara er hér nokkru lægra en hjá heildinni, en eykst þó um eitt hlutfallsstig á tímabilinu 2004–2006.

Mynd 3.3 Hlutfallsleg skipting starfsfólks eftir menntun og landshlutum árið 2006



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Starfsfólk í leikskólum reknur af opinberum aðilum.

Hlutfallsleg skipting á fjölda stöðugilda í leikskólum eftir menntun og landssvæðum kemur fram á mynd 3.3. Þar sést að hlutfall stöðugilda með leikskólakennaramenntun er hæst á Norðurlandi eystra og þar er hlutfall ófaglærðs starfsfólks einnig lægst. Hlutfall stöðugilda með leikskólakennaramenntun er lægst á Austurlandi og þar er hlutfall ófaglærðs starfsfólks einnig hæst. Hlutfall starfsfólks með aðra uppeldismenntun en leikskólakennaranám er hæst í Reykjavík, þá höfuðborgarsvæðinu og nokkuð hátt á Vestfirðum.

Tafla 3.2 Fjöldi starfsfólks við uppeldis- og menntunarskörf í leikskóla eftir menntun og landshlutum árin 1998 og 2006

	1998				2006				% breyting 1998-2006			
	Leikskólakennarar	Aðrir með uppeldismenntun	Ófaglærðir	Alls	Leikskólakennarar	Aðrir með uppeldismenntun	Ófaglærðir	Alls	Leikskólakennarar	Aðrir með uppeldismenntun	Ófaglærðir	Alls
Reykjavík	424	94	848	1.366	514	167	965	1.646	21%	78%	14%	20%
Höfuðborgarsv. án Rvk	242	54	401	697	435	98	677	1.210	80%	81%	69%	74%
Suðurnes	39	1	106	146	80	5	191	276	105%	400%	80%	89%
Vesturland	27	1	124	152	85	9	123	217	215%	800%	-1%	43%
Vestfirðir	20	1	87	108	32	5	59	96	60%	400%	-32%	-11%
Norðurland vestra	16	0	69	85	35	2	74	111	119%	0%	7%	31%
Norðurland eystra	85	3	202	290	182	11	186	379	114%	267%	-8%	31%
Austurland	27	5	110	142	51	3	142	196	89%	-40%	29%	38%
Suðurland	50	9	173	232	89	11	197	297	78%	22%	14%	28%
Landið allt	930	168	2.120	3.218	1.503	311	2.614	4.428	62%	85%	23%	38%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Átt er við fjölda starfsfólks en ekki stöðugildi. Starfsmenn leikskóla að Kárahnjúkum ekki taldir með árið 2006. Stjórnendur taldir með.

Tafla 3.2 sýnir þróun fjölda starfsfólks í leikskólum er sinna uppeldis- og menntunarskörfum árið 1998 og 2006, eftir menntun og landshlutum. Það skal tekið fram að þessi tafla sýnir fjölda starfsfólks en ekki stöðugildi. Árið 2006 sinntu 4.248 stöðugildi þessum skörfum í leikskóla og hafði fjölgað um 38% frá árinu 1998 eða um 1.030. Í öllum landshlutum utan Vestfjarða fjölgaði í

Þessum starfsmannahópi á tímabilinu og hlutfallslega mest á Suðurnesjum en þar nam fjölgunin 89%. Leikskólakennurum fjölgaði alls um 62% eða 573 stöðugildi á tímabilinu. Víða hefur fjöldi þeirra tvöfaldast á tímabilinu og á Vesturlandi hefur hann þrefaldast.

Tafla 3.3 Hlutfallsleg skipting stöðugilda starfsfólks við menntunar- og uppeldisstörf eftir menntun 1994–2006

	Leikskóla- kennarar	Aðrir með uppeldismenntun	Ófaglærðir
1994	36%	5%	59%
1995	36%	3%	61%
1996	35%	6%	59%
1997	33%	5%	62%
1998	31%	5%	63%
1999	34%	4%	62%
2000	30%	5%	65%
2001	32%	4%	64%
2002	31%	5%	64%
2003	32%	5%	63%
2004	34%	6%	61%
2005	35%	6%	59%
2006	35%	7%	58%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Reiknað út frá stöðugildum. Starfsmenn leikskóla að Kárahnjúkum ekki taldir með árið 2006. Stjórnendur taldir með.

Tafla 3.3 sýnir yfirlit yfir hlutfallslega skiptingu starfsfólks við menntunar- og uppeldisstörf á tímabilinu 1994–2006. Fram kemur að hlutfall leikskólakennara, sem og annarra með uppeldismenntun og ófaglærðra, hefur lítið breyst á þessu 12 ára tímabili. 35% þeirra er sinna þessum störfum á leikskóla árið 2006 eru leikskólakennarar. Aðrir með uppeldismenntun nema 7% og hlutfall ófaglærðra er 58%.

Tafla 3.4 Hlutfallsleg skipting starfsfólks við menntunar- og uppeldisstörf eftir menntun og landshlutum 1998–2006

	1998			2002			2006		
	Leikskólakennarar	Aðrir með uppeldismenntun	Ófaglærðir	Leikskólakennarar	Aðrir með uppeldismenntun	Ófaglærðir	Leikskólakennarar	Aðrir með uppeldismenntun	Ófaglærðir
Reykjavík	31%	7%	62%	29%	9%	62%	31%	10%	59%
Höfuðborgarsv. án Rvk	35%	8%	58%	32%	6%	62%	36%	8%	56%
Suðurnes	27%	1%	73%	24%	1%	74%	29%	2%	69%
Vesturland	18%	1%	82%	26%	2%	72%	39%	4%	57%
Vestfirðir	19%	1%	81%	21%	0%	79%	33%	5%	61%
Norðurland vestra	19%	0%	81%	22%	1%	77%	32%	2%	67%
Norðurland eystra	29%	1%	70%	37%	1%	61%	48%	3%	49%
Austurland	19%	4%	77%	22%	1%	77%	26%	2%	72%
Suðurland	22%	4%	75%	26%	1%	73%	30%	4%	66%
Landið allt	29%	5%	66%	29%	5%	65%	34%	7%	59%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Reiknað út frá fjölda starfsfólks en ekki stöðugildum. Starfsmenn leikskóla að Kárahnjúkum ekki taldir með árið 2006. Stjórnendur taldir með.

Tafla 3.4 sýnir hlutfallslega skiptingu starfsfólks við menntunar- og uppeldisstörf í leikskólum eftir menntun og landshlutum árin 1998, 2002 og 2006. Athygli er vakin á því að taflan byggist á fjölda starfsfólks en ekki fjölda stöðugilda. Árið 2006 er hlutfall leikskólakennara hæst á Norðurlandi eystra, en lægst á Austurlandi.

Tafla 3.5 Skipting alls starfsfólks í leikskóla árið 2006 eftir menntun og stærð sveitarfélaga

	Leikskóla-kennarar		Önnur uppeldis-menntun		Ófaglærðir		Samtals	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
< 500 íbúar	15	30%	1	1%	35	69%	51	1%
501 - 2000	90	26%	12	3%	250	71%	353	8%
2001 - 5000	160	32%	18	4%	329	65%	507	12%
5001 >	613	36%	91	5%	988	58%	1.693	40%
Reykjavík	467	29%	140	9%	990	62%	1.597	38%
Landið allt	1.346	32%	263	6%	2.592	62%	4.201	100%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Skýring: Fjöldi vísar í fjölda stöðugilda í einkareknum leikskólum og þeim sem reknir eru af sveitarfélögum.

Í töflu 3.5 má sjá skiptingu starfsfólks í leikskóla eftir menntun og stærð sveitarfélaga. Hlutfall leikskólakennara er hæst meðal sveitarfélagara sem hafa fleiri en 5000 íbúa að Reykjavík undanskilinni. Í Reykjavík er hlutfall leikskólakennara af öllu starfsfólki á leikskóla um 29% og er lægra en hjá minnstu sveitarfélögunum með undir 500 íbúa. Greina má línuleg tengsl milli fjölda starfsfólks með aðra uppeldismenntun á háskólastigi en leikskólakennarar og stærð sveitarfélaga. Þessi starfsmannahópur er hlutfallslega stærstur hjá Reykjavíkurborg, og fer svo minnkandi eftir því sem sveitarfélögin eru minni.

Tafla 3.6 Fjöldi stöðugilda í leikskóla og heilsdagsígildi barna 2004–2006

	2004		2005		2006		Breyting		% breyting	
	Svf	Allir	Svf	Allir	Svf	Allir	Svf	Allir	Svf	Allir
Stöðugildi alls starfsfólks	3.561	3.872	3.603	3.935	3.792	4.201	231	329	6%	8%
Stöðugildi starfsfólks er sinna uppeldis- og menntunartörfum	3.178	3.458	3.233	3.536	3.439	3.807	261	349	8%	10%
Heilsdagsígildi barna á leikskóla	14.035	15.316	14.279	15.643	14.477	16.226	442	909	3%	6%
Fjöldi heilsdagsígilda á öll stöðugildi	3,9	4,0	4,0	4,0	3,8	3,9	-0,1	-0,1	-3%	-2%
Fjöldi heilsdagsígilda á stöðugildi er sinna uppeldis- og menntunart.	4,4	4,4	4,4	4,4	4,2	4,3	-0,2	-0,2	-5%	-4%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Skýring: Stöðugildi stjórnenda leikskóla eru talin með í stöðugildum starfsfólks er sinna menntunar- og uppeldisstörfum.

Hér að ofan í töflu 3.6 er yfirlit yfir fjölda stöðugilda í leikskóla og fjölda heilsdagsígilda leikskólabarna á tímabilinu 2004–2006, bæði í leikskólum sem reknir eru af sveitarfélögum og svo í öllum leikskólum óháð rekstrarformi. Stöðugildum alls starfsfólks fjölgaði um 329 eða 8% ef litið er til allra leikskóla og heilsdagsígildum barna fjölgaði um 909 eða 6%. Sé eingöngu horft til leikskóla sem reknir eru af sveitarfélögum sést að fjölgun meðal starfsfólks nam 231 stöðugildi eða 6% og heilsdagsígildum barna fjölgaði um 442 eða 3%.

Stöðugildum starfsfólks er sinnir uppeldis- og menntunarstörfum fjölgað meira en þeim er sinna öðrum störfum í leikskóla. Skýring á þeirri þróun gæti verið sú að eldhússtörf og ræstingar í leikskóla séu í meiri mæli unnin á vegum verktaka en áður.

Heilsdagsígildum barna fækkar hlutfallslega lítillega á hvert stöðugildi starfsfólks í grunnskóla eða um 3% hjá leikskólum reknur af sveitarfélögum og um 2% meðal allra leikskóla. Sé fjöldi heilsdagsígilda barna reiknaður á hvert stöðugildi er sinnir uppeldis- og menntunarstörfum í leikskóla hefur þeim fækkað um 5% meðal leikskóla reknur af sveitarfélögum og 4% sé litið til allra leikskóla á landinu.

Tafla 3.7. Stöðugildi starfsfólks við uppeldis- og menntunarstörf 1998–2006 eftir starfssviðum

	1998	2002	2006	Breyting 1998-2006	% breyting 1998-2006
Leikskólastjórar	236	251	270	34	14%
Aðstoðarleikskólastjórar	140	173	185	45	32%
Deildarstjórar	375	540	694	319	85%
Leikskólakennarar og aðrir starfsmenn við uppeldi/menntun	1.604	2.071	2.420	816	51%
Leikskólakennarar og aðrir starfsmenn við stuðning	144	148	238	94	65%
Alls	2.499	3.183	3.807	1.308	52%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 3.7 sést skipting stöðugilda starfsfólks er sinna uppeldis- og menntunarstörfum 1998, 2002 og 2006 eftir starfssviðum. Deildarstjórum fjölgaði um 319 stöðugildi á tímabilinu og þar hefur hlutfallsleg aukning verið mest. Leikskólakennurum í almennum uppeldis- og menntunarstörfum fjölgaði um 816 stöðugildi eða um ríflega helming. Hafa ber í huga að leikskólum fjölgaði um 18 á sama tíma. Alls fjölgaði stöðugildum starfsfólks við uppeldis- og menntunarstörf um rúm 1.300 eða um 52% árið 2006 miðað við árið 1998.

Tafla 3.8 Stöðugildi annars starfsfólks 1998–2006 eftir starfssviðum

	1998	2002	2006	Breyting 1998-2006	% breyting 1998-2006
Starfsmenn við matreiðslu	212	246	305	93	44%
Starfsmenn við ræstingar	67	89	70	3	4%
Annað og óskilgreint	2	32	19	17	850%
Alls	281	367	394	113	40%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Einnig er fróðlegt að skoða skiptingu stöðugilda starfsfólks er sinna öðru en uppeldis- og menntunarstörfum í leikskóla. Talsverð aukning hefur orðið á stöðugildum starfsfólks er sinna matreiðslu og öðrum eldhússtörfum inn á leikskólum. Starfsmönnum við ræstingar hefur fjölgað árið 2006 miðað við árið 1998, en sé miðað við árið 2002 hefur þeim fækkað. Árið 2006 eru stöðugildi starfsmanna við ræstingar 70 talsins en leikskólar eru 267 sama ár. Það er því ljóst að verulegur hluti sveitarfélaga og leikskóla velur að bjóða út þessi verk til verktaka.

Tafla 3.9 Stöðugildi starfsfólks við uppeldi og menntun í leikskólum 2006 eftir starfssviðum og kyni

	Alls	Karlar		Konur	
		Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Leikskólastjórar	270	4	1%	266	99%
Aðstoðarleikskólastjórar	185	5	3%	180	97%
Deildarstjórar	694	10	1%	684	99%
Leikskólakennarar og aðrir starfsmenn við uppeldi/menntun	2.420	104	4%	2.316	96%
Leikskólakennarar og aðrir starfsmenn við stuðning	238	2	1%	236	99%
Alls	3.807	125	3%	3.682	97%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Árið 2006 eru 3% þeirra er starfa við uppeldis- og menntunarstörf karlmenn eða sem nemur 125 stöðugildum. Yfirgnæfandi meirihluti starfsmanna á leikskóla eru konur. Hlutfall karlmannna er hæst meðal leikskólakennara og annarra starfsmanna er sinna almennum uppeldis- og menntunarstörfum inn á deildum, eða um 4%, og 3% meðal aðstoðarleikskólastjóra.

Tafla 3.10 Starfsfólk í leikskóla 1998–2006 eftir aldri


	1998		2002		2006	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Yngri en 20 ára	107	3,3%	95	2,5%	181	4,1%
20-29	1.056	32,8%	1.240	32,4%	1.172	26,5%
30-39 ára	929	28,9%	1.055	27,5%	1.207	27,3%
40-49 ára	726	22,6%	870	22,7%	1.056	23,8%
50-59 ára	327	10,2%	473	12,3%	622	14,0%
60-66 ára	62	1,9%	90	2,3%	181	4,1%
67 ára og eldri	11	0,3%	9	0,2%	9	0,2%
Alls	3.218	100%	3.832	100,0%	4.428	100,0%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Í töflunni eru upplýsingar um fjölda starfsmanna í leikskóla en ekki fjölda stöðugilda.

Í töflu 3.10 hér fyrir ofan sést skipting starfsliðs í leikskólum eftir aldri. Þess ber að geta að hér er um fjölda starfsmanna að ræða en ekki fjölda stöðugilda. Árið 1998 er um 62% starfsmanna á aldrinum 20–39 ára. Árið 2006 er um 54% starfsmanna í þeim aldurshópi. Hins vegar hefur hlutfallslega fjölgað í aldurshópnum 40-59 ára árið 2006 miðað við árið 1998. Þá hefur starfsmönnum yngri en 20 ára fjölgað árið 2006 miðað við árið 1998.

Mynd 3.4 Hlutfallsleg skipting starfsfólks í leikskóla 1998–2006 eftir aldri



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Í myndinni eru upplýsingar um fjölda starfsmanna í leikskóla en ekki fjölda stöðugilda.

Í mynd 3.4 eru upplýsingar úr töflu 3.10 settar fram á myndrænan hátt. Hér sést glögg að starfsmönnum yngri en 20 ára, 40–49 ára og 50 ára og eldri sem hlutfalli af starfsliði fjölgaði á tímabilinu. Starfsfólki á aldrinum 20–39 ára sem hlutfall af starfsliði minnkaði á tímabilinu.

3.1 Samantekt

Árið 2006 eru alls 4.201 stöðugildi stafandi í leikskóla og hefur fjölgað um 1.828 frá árinu 1994 eða 77%. Stöðugildi leikskólakennara eru 1.340 talsins árið 2006 og fjölgaði um 572 stöðugildi frá árinu 1994 eða um 74%. Hlutfall þeirra er starfa á leikskólum sveitarfélaga og hafa leikskólakennaramenntun var tæp 32% árið 2006 og er það þremur hlutfallsstigum lægra en sé tekið mið af bæði einkareknum og leikskólum reknum af opinberum aðilum.

Sé lítið til hlutfalls leikskólakennara á leikskólum og stærð sveitarfélaga kemur í ljós að það er hæst meðal sveitarfélaga er hafa 5001 íbúa og fleiri árið 2006 eða 36%.

Fjöldi heilsdagsígilda barna á hvert stöðugildi starfsfólks í leikskóla hefur lítið breyst á árunum 2004–2006.

4. Kostnaður vegna leikskóla


Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 74/1994 er bygging og rekstur leikskóla á kostnað og í umsjón sveitarfélaga og sjá þau um framkvæmd þessara laga heima í héraði. Sveitarfélögin annast þannig rekstur leikskólans en foreldrar leikskólabarna greiða hluta af kostnaði við reksturinn. Almennt hefur verið stuðst við þá venju að foreldrarnir greiði um 1/3 af heildarkostnaði leikskólans. Árið 2006 er rekinn leikskóli í 64 sveitarfélögum.

Í þessum kafla verður farið yfir kostnað sveitarfélaga vegna leikskóla á landsvísu og eftir landshlutum, hlutfall launakostnaðar af rekstrartekjum, hlutfallslega skiptingu rekstrarkostnaðar og tekna og kostnað vegna leikskóla sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga. Með kostnaði vegna leikskóla er átt við beinan kostnað stofnana og kostnað sem bókfærður er á sameiginlega liði leikskóla í hverju sveitarfélagi. Hér er ekki tekið til kostnaðar vegna gæsluvalla eða dagvistunar í heimahúsum.

4.1 Kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs leikskóla

Árið 2006 nam kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs leikskóla tæpum 17,3 ma.kr. eða því sem nemur 1,49% af vergri landsframleiðslu sama ár. Þjónustutekjur námu 3,3 ma.kr. árið 2006. Allar rekstrartölur eru í þúsundum króna.

Mynd 4.1.1 Hlutfallsleg skipting kostnaðar sveitarfélaga vegna leikskóla árið 2006



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 4.1.1 sýnir að langstærsti kostnaðarliður vegna leikskóla eru laun og launatengd gjöld, og nema þau rétt tæpum þremur fjórðu af heildarkostnaði.

Í töflu 4.1.1 kemur fram hver heildarkostnaður við rekstur leikskólans hefur verið á tímabilinu og hverjar hafa verið tekjur leikskólans. Annar rekstrarkostnaður tekur til útgjaldaþátta eins og húsaleigu, vöru- og þjónustukaupa, styrkja og framlaga.

Tafla 4.1.1 Rekstrarreikningur sveitarfélaga árið 2006 vegna leikskóla

	Alls
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-3.311.323
Tekjur alls	-3.311.323
Laun og launatengd gjöld	12.643.155
Annar rekstrarkostnaður	4.649.263
Kostnaður alls (brúttó)	17.292.418
Rekstrarútgjöld (netto)	13.981.094

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Tölur eru í þús.kr.

Árið 2006 nam rekstrarkostnaður sveitarfélaga vegna leikskóla tæpum 17,3 ma.kr. Þjónustutekjur og aðrar tekjur vegna leikskóla voru 3,3 ma.kr. og nettó rekstrarútgjöld námu því tæpum 14 ma.kr.

Tafla 4.1.2 Kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs leikskóla 2004–2006

	Rekstrar- kostnaður	% breyting frá fyrri ári	Þjónustu- tekjur	% breyting frá fyrri ári
2004	13.264.799		3.730.163	
2005	14.606.822	10%	3.797.243	2%
2006	17.292.418	18%	3.311.324	-13%
Breyting	4.027.618		-418.839	
% breyting	30%		-11%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skýring: Kostnaður er uppreiknaður á verðlagi ársins 2006. Tölur eru í þús.kr.
Rekstrarkostnaður er brúttókostnaður.

Á tímabilinu 2004–2006 jókst rekstrarkostnaður vegna leikskóla um 30% eða rúma 4 ma.kr. Hlutfallslega mest er breytingin milli árána 2005 og 2006 en þá eykst kostnaðurinn um 18%. Athyglivert er að þjónustutekjurnar, þ.e. það sem foreldrar greiða vegna leikskólavistunar, hafa dregist saman eða um 11% árið 2006 miðað við árið 2004 eða um ríflega 400 m.kr. Sé þróunin skoðuð milli ára sést að þjónustutekjurnar jukust lítillega milli árána 2004 og 2005, en minnkuðu um 13% árið 2006 miðað við árið 2005.

Tafla 4.1.3 Kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs leikskóla 2004–2006 eftir landshlutum

	2004		2005		2006		Breyting		% breyting	
	Rekstrar- kostnaður	Þjónustu- tekjur	Rekstrar- kostnaður	Þjónustu- tekjur	Rekstrar- kostnaður	Þjónustu- tekjur	Rekstrar- kostnaður	Þjónustu- tekjur	Rekstrar- kostnaður	Þjónustu- tekjur
Reykjavík	4.781.758	1.400.955	5.052.388	1.354.695	6.245.469	1.027.756	1.463.712	-373.198	31%	-27%
Höfuðborgarsvæði án Rvk	3.665.598	1.006.477	4.083.777	1.096.880	4.815.300	973.159	1.149.702	-33.318	31%	-3%
Suðurnes	827.728	211.657	908.114	205.100	1.058.652	198.550	230.924	-13.107	28%	-6%
Vesturland	646.816	189.602	742.710	204.257	827.015	212.135	180.199	22.533	28%	12%
Vestfirðir	338.697	92.514	369.203	100.442	385.757	94.895	47.060	2.381	14%	3%
Norðurland vestra	351.735	106.175	377.351	108.140	361.381	92.333	9.646	-13.842	3%	-13%
Norðurland eystra	1.116.185	331.125	1.332.283	321.296	1.581.715	297.672	465.530	-33.453	42%	-10%
Austurland	568.956	138.184	669.498	140.956	771.636	140.382	202.680	2.198	36%	2%
Suðurland	967.328	253.474	1.071.498	265.478	1.245.493	274.441	278.165	20.967	29%	8%
Landið allt	13.264.799	3.730.163	14.606.822	3.797.243	17.292.418	3.311.324	4.027.618	-418.839	30%	-11%

Heimild: samband íslenskra sveitarfélaga.


Skýring: Kostnaður er uppreiknaður á verðlagi ársins 2006. Tölur eru í þús. kr.

Tafla 4.1.3 sýnir kostnað sveitarfélaga og þjónustutekjur vegna reksturs leikskóla eftir landshlutum 2004–2006 og breytingu á tímabilinu. Eins og áður segir jókst rekstrarkostnaður um fjóra milljarða á tímabilinu á landsvísu. Ríflega þriðjungur af þeim kostnaðarauka myndast í Reykjavík en þar hækkaði kostnaður um rúmlega 1,4 ma.kr. eða 31%, og um 1,1 ma.kr. á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur eða 31%. Hlutfallslega er kostnaðaraukningin mest á Norðurlandi eystra en þar nam kostnaðaraukningin 42%. Kostnaður hækkaði í öllum landshlutum á tímabilinu en mjög misjafnt er hve mikil sú hækkun var. Þannig hækkaði kostnaður vegna leikskóla um 3% á Norðurlandi vestra eða um rúmar níu m.kr. en þar var kostnaðaraukningin lægstur.

Þjónustutekjur lækkuðu um 11% á landsvísu og þegar þróunin er skoðuð eftir landshlutum sést glögg að þær hafa lækkað í þéttbýlu landshlutunum, þ.e. höfuðborgarsvæðinu og þá sérstaklega í Reykjavík, Suðurnesjum, Norðurlandi eystra. Þær hafa reyndar líka lækkað á Norðurlandi vestra. Þjónustugjöld lækka hlutfallslega langmest í Reykjavík eða um 27% eða 373 m.kr. Þetta tengist ákvörðun borgarstjórnar sem tók gildi haustið 2006 um að nú borga foreldrar bara fyrir

eitt barn á leikskóla þó fleiri fái vistun. Þjónustutekjurnar hækkuðu hins vegar á Vesturlandi um 12%, einnig hækkuðu þær á Vestfjörðum, Austurlandi og Suðurlandi.

Mynd 4.1.2 Hlutfallsleg skipting rekstrarkostnaðar og tekna 2004–2006



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á mynd 4.1.2 kemur fram að hlutfall tekna af rekstrarkostnaði hefur minnkað á tímabilinu 2004–2006. Árið 2004 eru þjónustutekjur um 28% af rekstrarkostnaði leikskóla á landsvísi en árið 2006 nema tekjurnar um 19% af rekstrarkostnaði leikskóla. Þannig hefur hlutfall tekna af rekstrarkostnaði lækkað um níu hlutfallsstig frá árinu 2004. Í töflunni hér fyrir neðan sjáum við hlutfall tekna af rekstrarkostnaði eftir landssvæðum.

Tafla 4.1.4 Hlutfall tekna af rekstrarkostnaði leikskóla 2004–2006 eftir landshlutum

	2004		2005		2006	
	Rekstrar-kostnaður	Þjónustu-tekjur	Rekstrar-kostnaður	Þjónustu-tekjur	Rekstrar-kostnaður	Þjónustu-tekjur
Reykjavík	71%	29%	73%	27%	84%	16%
Höfuðborgarsvæði án Rvk	73%	27%	73%	27%	80%	20%
Suðurnes	74%	26%	77%	23%	81%	19%
Vesturland	71%	29%	72%	28%	74%	26%
Vestfirðir	73%	27%	73%	27%	75%	25%
Norðurland vestra	70%	30%	71%	29%	74%	26%
Norðurland eystra	70%	30%	76%	24%	81%	19%
Austurland	76%	24%	79%	21%	82%	18%
Suðurland	74%	26%	75%	25%	78%	22%
Landið allt	72%	28%	74%	26%	81%	19%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 4.1.4 kemur fram hlutfall þjónustutekna af rekstrarkostnaði leikskóla skipt upp eftir landshlutum árin 2004–2006. Hér sést þróunin vel eftir landshlutum sem skoða má á landsvísi á mynd 4.1.2. Hlutfall tekna af rekstrarkostnaði hefur lækkað í öllum landshlutum á tímabilinu.

Mynd 4.1.3 Hlutfall tekna af rekstrarkostnaði leikskóla árið 2006 eftir landshlutum

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Mynd 5.1.3 sýnir hlutfall tekna af rekstrarkostnaði leikskóla árið 2006 eftir landssvæðum. Tekjur leikskóla eru hlutfallslega lægstar miðað við rekstrarkostnað þeirra í Reykjavík eða 16%, en hlutfallið er hæst á Vesturlandi og Norðurlandi vestra eða 26%.

Tafla 4.1.5 Hlutfall tekna af rekstrarkostnaði leikskóla árið 2006 eftir stærð sveitarfélaga


	Lægsta gildi	Vegið meðaltal	Hæsta gildi
< 500 íbúar	1%	18%	31%
501-2000	0%	21%	32%
2001-5000	11%	22%	26%
5001 >	17%	20%	29%
Reykjavík	19%	19%	19%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Í hópi sveitarfélaga með 501-2000 íbúa er sveitarfélag þar sem eingöngu er einkarekinn leikskóli. Það skýrir lægsta gildið í þeim hópi.

Tafla 4.1.5 sýnir okkur tekjur sveitarfélaga vegna leikskóla sem hlutfall af rekstrarkostnaði eftir stærð þeirra. Gefið er upp vegið meðaltal fyrir hvern hóp sveitarfélags ásamt hæsta og lægsta gildi sem gefur vísbendingu um dreifingu innan hvers hóps.

Mynd 4.1.4 Flokkun á hlutfallslegri skiptingu tekna af rekstrarkostnaði árið 2006



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.


Skýring: Í öðru sveitarfélaginu þar sem hlutfall tekna af kostnaði er undir 10%, er eingöngu einkarekinn leikskóli og í hinu er leikskólinn gjaldfrjáls.

Á mynd 4.1.4 kemur fram að í flestum sveitarfélögum, eða 42, liggur hlutfall tekna á bilinu 16–25%. Dreifingin er þó nokkur eins og kemur líka fram í töflu 4.1.5, þ.e. allt frá 0% og upp í 32%. Rétt er að taka fram að þar sem tekjurnar eru hlutfallslega lægstar getur verið um sérstakar aðstæður að ræða, svo sem fámennir leikskólar, ekki seld hádegishressing í leikskólanum eða aðrar staðbundnar aðstæður sem valda því að hlutfall tekna er svo lágt sem raun ber vitni.

4.2 Rekstrarútgjöld í hlutfalli af skatttekjum

Hér að framan er greint frá því hve mikið sveitarfélög greiða í rekstrarkostnað vegna leikskóla ásamt þjónustutekjum. Einnig er fróðlegt að skoða rekstrarútgjöld, sem hlutfall af skatttekjum þeirra, þ.e. hversu miklu af heildarskatttekjum sínum sveitarfélög verja í rekstur leikskóla. Í þessum kafla er sjónum beint að rekstrarútgjöldum, þ.e. þegar búið er að taka tillit til þjónustutekna. Skatttekjur sveitarfélaga eru útsvar, fasteignaskattur, greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og aðrar tekjur er hafa skattalegt ígildi.

Mynd 4.2.1 Rekstrarútgjöld vegna leikskóla sem hlutfall af skatttekjum 2006




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Um er að ræða vegið meðaltal á landsvísu og svo landshluta.

Á mynd 4.2.1 má sjá rekstrarútgjöld vegna leikskóla sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga eftir landssvæðum árið 2006. Rekstrarútgjöld allra sveitarfélaga vegna leikskóla nemur 13% af skatttekjum þeirra. Rekstrarútgjöld sveitarfélaga vegna leikskóla er sá kostnaður sem eftir stendur þegar tillit hefur verið tekið til þjónustugjalda. Sem hlutfall af skatttekjum er kostnaðarbyrðin hæst á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur eða um 15%. Lægst er hún á Vestfirðum eða 9%. Rétt er að benda á að kostnaðarbyrði sveitarfélaga innan hvers landssvæðis er afar misjöfn og síst minni en milli landssvæða.


Mynd 4.2.2 Hlutfall rekstrarútgjalda vegna leikskóla af skatttekjum sveitarfélaga 2006



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 4.2.2 sýnir dreifingu sveitarfélaga á því hve háu hlutfalli þau verja af skatttekjum sínum til rekstrarútgjalda vegna leikskóla. Dreifingin er nokkur, eða allt frá því að sveitarfélög verja 3% af skatttekjum sínum til þessa og upp í 21%.


Mynd 4.2.3 Flokkun á hlutfalli rekstrarútgjalda af skatttekjum sveitarfélaga 2006



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á mynd 4.2.3 kemur fram að í 37 sveitarfélögum liggur hlutfall rekstrarútgjalda vegna leikskóla af skatttekjum á bilinu 10–14%. Í 17 sveitarfélögum liggur hlutfallið á bilinu 5–9%. Það skal tekið fram að í einhverjum sveitarfélaganna þar sem hlutfallið er hvað lægst er um sérstakar aðstæður að ræða þar sem fámenn sveitarfélög starfrækja ekki sjálf leikskóla og gert hafa samninga við stærri sveitarfélög um þá þjónustu gegn umsömdu rekstrarframlagi.

Mynd 4.2.4 Hlutfall kostnaður vegna leikskóla af skatttekjum árið 2006 eftir stærð sveitarfélaga



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 4.2.4 sýnir hve háu hlutfalli af skatttekjum sínum sveitarfélög verja til rekstrarútgjalda leikskóla eftir stærð þeirra. Gefið er upp vegið meðaltal fyrir hvern hóp sveitarfélags ásamt hæsta og lægsta gildi sem gefur vísbendingu um dreifingu innan hvers hóps. Vegið meðaltal meðal sveitarfélaga með 500 og færri íbúa er 9%. Hæst er hlutfallið 15% og lægst 3% í þeim stærðarflokki. Með því að flokka gögnin eftir stærð sveitarfélaga og litið sé til vegins meðaltals sést að því fámennari sem sveitarfélög eru því lægra hlutfalli verja þau til rekstrarútgjalda vegna leikskóla.

4.3 Kostnaður á hvert heilsdagsígildi barna

Að lokum er fróðlegt að skoða rekstrarkostnað vegna leikskóla á hvert heilsdagsígildi leikskólubarna, þ.e. hvað hvert heilsdagsígildi kostar sveitarfélagið. Notast er við heilsdagsígildi í stað fjölda barna í því skyni að gera samanburð milli sveitarfélaga betri. Rétt er að hafa í huga að staðbundnar aðstæður og innri gerð landssvæða geta haft talsverð áhrif á þessa lykiltölu. Þannig

getur verið erfitt á fámennum og strjálbýlum svæðum að samnýta mannvirki og þekkingu. Þó eru einnig til dæmi um hið gagnstæða þar sem fámenn sveitarfélög hafa náð árangri í að samnýta bjargir, t.d. þegar um er að ræða samrekstur leikskóla og grunnskóla.

Tafla 4.3.1 Rekstrarkostnaður á hvert heilsdagsígildi leikskólabarna árið 2006 eftir landshlutum


	Lægsta gildi	vegið meðaltal	Hæsta gildi	Munur á hæsta og lægsta gildi
Reykjavík	991	991	991	0
Höfuðsývín Rvk	983	1.138	1.489	506
Suðurnes	814	1.093	1.253	439
Vesturland	904	1.122	1.364	460
Vestfirðir	905	1.163	1.199	294
Norðurland vestra	1.100	1.125	1.196	96
Norðurland eystra	1.047	1.113	1.574	527
Austurland	1.157	1.302	1.704	547
Suðurland	975	1.162	1.405	430
Landið allt	814	1.089	1.704	890

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Tölur eru í þús. kr. Um er að ræða rekstrarkostnað á hvert heilsdagsígildi. Hér hefur ekki verið tekið tillit til þjónustugjalda á móti. Vegið meðaltal landshluta og á landsvísu. Reiknað var út meðaltal Heilsdagsígilda tveggja ára, 2005 og 2006 og kostnaður ársins 2006 deilt með þeim fjölda. Þar sem rekstrarkostnaðurinn er lægstur meðal á Suðurnesjum er leikskóli eingöngu rekinn af einkaaðilum.

Í töflu 4.3.1 er gefið upp vegið meðaltal ásamt hæsta og lægsta gildi kostnaðar á heilsdagsígildi árið 2006. Árið 2006 er meðal rekstrarkostnaður á hvert heilsdagsígildi leikskólabarna 1.089 þúsund krónur. Taflan sýnir einnig að dreifing kostnaðar á heilsdagsígildi er talsverð, og munar 890 þús.kr. á því sveitarfélagi sem lægstan kostnað hefur á hvert heilsdagsígildi og því sveitarfélagi sem hefur hæstan kostnað. Rekstrarkostnaður á hvert heilsdagsígildi er 991 þúsund í Reykjavík; Meðalrekstrar-kostnaður er hæstur á Austurlandi eða 1.302 þúsund krónur og þar er einnig hæsta gildi allra landshluta.


Mynd 4.3.1 Rekstrarkostnaður á hvert heilsdagsígildi leikskólabarna árið 2006 eftir landshlutum



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í mynd 4.3.1 eru gögn úr töflu 4.3.1 sett fram á myndrænan hátt. Hér sést glögglega að munur á þessari lykiltölu er ekki síst minni innan landssvæða en milli þeirra.

Mynd 4.3.2 Dreifing kostnaðar á hvert heilsdagsgildi leikskólabarna árið 2006



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 4.3.2 sýnir dreifingu kostnaðar sveitarfélaga reiknað á hvert heilsdagsgildi leikskólabarna árið 2006. Dreifingin er nokkur eða allt frá 814 þúsundum króna á hvert heilsdagsgildi til 1704 þúsunda króna. Flest sveitarfélög verja milli 1.000 þúsund króna til 1.300 þúsund króna á hvert heilsdagsgildi eða 40 talsins.

Tafla 4.3.2 Rekstrarkostnaður á heilsdagsgildi leikskólabarna árið 2006 eftir stærð sveitarfélaga


	Lægsta gildi	Vegið meðaltal	Hæsta gildi	Munur á hæsta og lægsta gildi
< 500 íbúar	905	1.320	1.704	799
501-2000	814	1.137	1.403	589
2001-5000	1.053	1.230	1.489	436
5001 >	983	1.126	1.399	416
Reykjavík		991		

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skýring: Tölur eru í þús. króna. Um er að ræða rekstrarkostnað á hvert heilsdagsgildi. Hér hefur ekki verið tekið tillit til þjónustugjalda á móti. Vegið meðaltal hvers stærðarhóps sveitarfélaga. Reiknað var út meðaltal heilsdagsgilda tveggja ára, 2005 og 2006 og kostnaður ársins 2006 deilt með þeim fjölda. Þar sem rekstrarkostnaðurinn er lægstur meðal sveitarfélaga með 501–2000 íbúa er leikskóli eingöngu rekinn af einkaaðilum.

Að lokum er gagnlegt að skoða rekstrarkostnað á hvert heilsdagsgildi eftir stærð sveitarfélaga. Við sjáum að mesta dreifingin er meðal fámennustu sveitarfélaganna en þar munar tæpum 800 þús. kr. á hvert stöðugildi þar sem kostnaðurinn er hæstur og lægstur. Dreifingin minnkar eftir því sem sveitarfélögin verða fjölmennari. Vegið meðaltal þessarar lykiltölu er hæst meðal fámennustu sveitarfélaganna.

Mynd 4.3.3 Rekstrarkostnaður á heilsdagsígildi leikskólabarna árið 2006 eftir stærð sveitarfélaga



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í mynd 4.3.3 eru upplýsingar úr töflu 4.3.2 settar fram á myndrænan hátt. Hér sést glöggst hve dreifingin er mikil meðal fámennustu sveitarfélaganna og minnkar svo eftir því sem sveitarfélög verða fjölmennari.

4.4 Samantekt

Árið 2006 nam rekstrarkostnaður sveitarfélaga vegna leikskóla tæpum 17,3 ma.kr. eða því sem nam 1,49% af vergri landsframleiðslu sama ár. Þjónustutekjur námu 3,3 ma.kr. Langstærsti kostnaðarliður eru laun og launatengd gjöld en þau nema rétt tæpum þremur fjórðu af heildarkostnaði. Á árunum 2004–2006 jókst rekstrarkostnaður vegna leikskóla um fjóra ma.kr. eða 30% og mest milli árunna 2005 og 2006. Þjónustutekjur drógust hins vegar saman um 11% eða ríflega 400 m.kr.

Þá hefur hlutfall þjónustutekna af rekstrarkostnaði lækkað árið 2006 miðað við árið 2004 eða úr 28% í 19%.

Sveitarfélög verja mismiklu hlutfalli af skatttekjum sínum til reksturs leikskóla, allt frá 3% og upp í 21% af skatttekjum. Vegið meðaltal allra sveitarfélaga er 13% af skatttekjum. Flest sveitarfélög verja 10–14% skatttekna sinna til reksturs leikskóla eða 37 þeirra.

Rekstrarkostnaður á hvert heilsdagsígildi leikskólabarns árið 2006 nam 1.089 þús.kr. á landsvísu. Sé horft til vegins meðaltals er fremur lítill munur milli landshluta. Hann er hæstur á Austurlandi en þar er munur innan landshluta einnig mestur. Minnstur er munur innan landshluta á Norðurlandi vestra.

GRUNNSKÓLI

Hér má sjá yfirlit lykiltalna vegna grunnskóla á tímabilinu 2004–2006. Fjöldi starfsfólks vísar til fjölda stöðugilda. Rekstrarkostnaður er uppreiknaður á verðlagi ársins 2006.

Helstu lykiltölur vegna grunnskóla árin 2004–2006

	2004	2005	2006	Breyting	% breyting
Fjöldi nemenda	44.511	44.336	43.875	-636	-1%
Grunnskólar	187	177	173	-14	-8%
Starfsfólk við kennslu	4.460	4.697	4.798	338	7%
Starfsfólk við önnur störf ótilgreind störf	2.116	2.104	2.179	63	3%
Allt starfsfólk	6.576	6.801	6.977	401	6%
Rekstrarkostnaður	35.054.559	39.192.247	40.795.568	5.741.009	15%

5. Nemendur

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 1995 er börnum og unglingum á aldrinum 6–16 ára skylt að sækja grunnskóla. Hefst skólaskylda barns við upphaf skólaárs á því almanaksári sem barnið verður sex ára og lýkur við lok skólaárs á því almanaksári sem það verður 16 ára.

Tafla 5.1. Fjöldi nemenda í grunnskóla eftir landshlutum 2003–2006

	2003	2004	2005	2006	Breyting	% breyting
Reykjavík	15.442	15.369	15.073	14.850	-592	-3,8%
Höfuðborgarsvæði án Rvk	11.313	11.321	11.384	11.378	65	0,6%
Suðurnes	2.833	2.830	2.983	3.060	227	8,0%
Vesturland	2.465	2.399	2.474	2.398	-67	-2,7%
Vestfirðir	1.249	1.246	1.190	1.147	-102	-8,2%
Norðurland vestra	1.415	1.371	1.352	1.294	-121	-8,6%
Norðurland eystra	4.422	4.410	4.360	4.220	-202	-4,6%
Austurland	1.958	1.892	1.849	1.882	-76	-3,9%
Suðurland	3.712	3.673	3.671	3.646	-66	-1,8%
Landið allt	44.809	44.511	44.336	43.875	-934	-2,1%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýring: Miðað er við fjölda nemenda í október ár hvert. Árið 2006 hafði einn skóli ekki skilað inn gögnum um skólalagd.

Árið 2006 voru 43.875 grunnskólanemendur á Íslandi. Það er rétt rúmlega 2% fækkun miðað við árið 2003. Í töflu 5.1 má skoða þróun nemendafjölda í grunnskóla síðustu fjögur ár eftir landshlutum. Einungis í tveimur landshlutum, Suðurnesjum og höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur og hefur nemendum fjölgað. Mest hefur nemendum fjölgað á Suðurnesjum sl. fjögur ár, eða um 227 nemendur eða 8%. Nemendum fækkar mest í Reykjavík eða um 592 nemendur en hlutfallslega fækkar þeim mest á Norðurlandi vestra eða um rúm 8%.

Tafla 5.2. Fjöldi nemenda í 1. bekk í grunnskóla eftir landshlutum 2003–2006

	2003	2004	2005	2006	Breyting	% breyting
Reykjavík	1.451	1.478	1.382	1.511	60	4,1%
Höfuðborgarsvæði án Rvk	1.064	1.052	1.081	1.127	63	5,9%
Suðurnes	258	267	304	285	27	10,5%
Vesturland	262	195	243	227	-35	-13,4%
Vestfirðir	108	135	97	99	-9	-8,3%
Norðurland vestra	118	123	135	126	8	6,8%
Norðurland eystra	405	433	402	390	-15	-3,7%
Austurland	182	166	171	183	1	0,5%
Suðurland	330	311	308	328	-2	-0,6%
Landið allt	4.178	4.160	4.123	4.276	98	2,3%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Til fróðleiks er gaman að skoða fjöldapróun í 1. bekk grunnskólans en hún segir sitthvað um endurnýjun nemendahópsins. Börnum í sex ára bekk á landsvísu fjölgaði um rúm 2% á landsvísu á tímabilinu og eru 4.276 árið 2006. Athyglivert er að þeim fer fækkandi á árunum 2004 og 2005 miðað við árið 2003, en fjölgar svo árið 2006. Börnum fjölgaði á höfuðborgarsvæðinu öllu, Norðurlandi vestra, Austurlandi og Suðurnesjum þar sem þeim fjölgaði hlutfallslega mest eða um 10,5% eða 27 börn. Börnum í 1. bekk fækkaði hins vegar á Vestfirðum, Norðurlandi eystra, Suðurlandi og á Vesturlandi þar sem þeim fækkaði hlutfallslega mest eða um rúm 13% eða 35 börn.

Tafla 5.3 Fjöldi nemenda alls og í 1. bekk grunnskóla 1997-2006

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Í töflu 5.3 er yfirlit yfir fjölda nemenda alls í grunnskóla og fjölda nemenda í 1. bekk á tímabilinu 1997–2006. Hér má sjá hlutfallslega breytingu frá fyrra ári og sést glögg að fjölgun 1. bekkjarnemenda er mest árið 2006.

Tafla 5.4. Íbúafjöldi 2003–2006 eftir landshlutum

Heimild: Hagstofa Íslands.

Ljóst er að samband er á milli fjölda íbúa á hverjum stað og fjölda grunnskólanemenda. Þannig má ætla að því fleiri íbúar á tilteknu svæði því fleiri nemendur á grunnskólaaldri. Því er fróðlegt að skoða fjölda íbúa þegar fjalla skal um nemendafjölda. Í töflu 5.4 má sjá íbúapróun í landshlutum árin 2003–2006. Íbúum landsins fjölgaði um 6% á landinu eða um 16.760 íbúa og eru 307.2261 1. desember árið 2006. Hlutfallsleg aukning íbúa er langmest á Austurlandi eða um 29% og 3.459 íbúa. Þá fjölgaði íbúum um 10% á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur og um 12% á Suðurnesjum. Ef horft er fram hjá hlutfallslegum breytingum, má sjá að íbúum fjölgaði mest á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, þá Austurlandi og Reykjavík. Íbúum á Norðurlandi vestra fækkaði um tæpan fimmtung eða um 1.704 íbúa.

Tafla 5.5. Hlutfall grunnskólanemenda af íbúafjölda 2003–2005 eftir landshlutum

	2003	2004	2005	2006
Reykjavík	14%	14%	13%	13%
Höfuðborgarsvæði án Rvk	17%	16%	16%	15%
Suðurnes	17%	17%	17%	16%
Vesturland	17%	17%	17%	16%
Vestfirðir	16%	16%	16%	15%
Norðurland vestra	15%	15%	15%	17%
Norðurland eystra	16%	16%	16%	15%
Austurland	16%	15%	13%	12%
Suðurland	17%	17%	16%	16%
Landið allt	15%	15%	15%	14%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Fróðlegt er að skoða hvað grunnskólanemendur eru stór hluti af íbúafjölda. Í töflu 5.5 eru þær upplýsingar að finna eftir landshlutum frá 2003–2006. Árið 2006 er lægsta hlutfall grunnskólanemenda af heildaríbúafjölda á Austurlandi og þá í Reykjavík en þar hefur nemendahópurinn sem hlutfall af íbúafjölda minnkað miðað við árið 2003. Nemendahópurinn sem hlutfall af íbúafjölda er stærstur á Norðurlandi vestra eða 17% árið 2006.


Tafla 5.6 Hlutfall grunnskólanemenda af íbúafjölda 2005–2006 eftir stærð sveitarfélaga

	2005			2006		
	Vegið meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Vegið meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi
< 500 íbúar	16,3%	8,0%	23,8%	15,7%	6,0%	31,4%
501-2000	15,9%	9,9%	25,3%	15,4%	9,4%	24,7%
2001-5000	15,9%	12,3%	19,0%	16,4%	14,2%	18,7%
5001 >	15,7%	14,6%	18,1%	14,9%	10,4%	17,6%
Reykjavík	12,8%	12,8%	12,8%	12,7%	12,7%	12,7%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Tafla 5.6 sýnir hlutfall grunnskólanemenda af íbúafjölda eftir stærð sveitarfélaga. Einnig er reiknað út vegið meðaltal í hverjum stærðarflokki ásamt hæsta og lægsta gildi. Fram kemur hve ólík sveitarfélögin eru út frá lýðfræðilegu sjónarhorni þó þau séu flokkuð eftir stærð. Í þeim flokki sveitarfélaga sem hafa allt að 500 íbúa árið 2006 er að finna sveitarfélag þar sem grunnskólabörn telja aðeins 8% af heildarfjölda íbúa og annað þar sem sama hlutfall er rúmlega 31%.

Mynd 5.1. Fjöldi nemenda eftir stærð skóla



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 5.1 gerir grein fyrir fjölda nemenda í skólum flokkað eftir stærð skóla skólaárin 2003/2004–2006/2007. Langflestir grunnskólanemendur landsins eru í skóla með 400–599 nemendum. Nemendum í skólum með yfir 600 nemendur hefur fækkað frá skólaárinu 2003/2004. Um 1000 nemendur sækja skóla þar sem nemendur eru 49 eða færri. Árið 2006 fækkaði nemendum nokkuð í skólum með 400–599 nemendur en fjölgaði aftur á móti í skólum með 200–399 nemendur.

Í aðalnámsskrá grunnskóla segir að í grunnskóla skuli unnið að því í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf þar sem hlutverk skólans felist einkum í því að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu sem efla á gagnrýna og sjálfstæða hugsun og færni nemenda til að takast á við nýjungar og mæta síbreytilegu samfélagi samtímans¹. Þannig á skólinn að búa nemendur undir ævilangt nám og síbreytilegar kröfur. Fyrsti áfanginn á þeirri leið er útskrift úr grunnskóla og næsta skref er frekara nám í framhaldsskólum landsins. Því er áhugavert að skoða hlutfall 16 ára ungmenna sem innritaðist í framhaldsskóla á árunum 2003–2006.

Tafla 5.7 Hlutfallsleg skólasókn 16 ára ungmenna í framhaldsskóla 2003–2006 eftir landshlutum.

	2003	2004	2005	2006
Reykjavík	91%	93%	95%	92%
Höfuðborgarsvæði án Rvk	94%	94%	95%	94%
Suðurnes	90%	90%	90%	91%
Vesturland	91%	94%	91%	90%
Vestfirðir	91%	93%	95%	91%
Norðurland vestra	91%	90%	98%	96%
Norðurland eystra	92%	93%	94%	95%
Austurland	89%	91%	93%	92%
Suðurland	91%	93%	90%	91%
Landið allt	92%	93%	94%	93%


Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýring: Fólk í námi innanlands frá og með fyrsta ári framhaldsskólastígs með lögheimili innanlands. Skólasókn reiknast sem hlutfall nemenda af mannfjölda í viðkomandi aldursflokki og með lögheimili í viðkomandi landshluta 1. des ár hvert.

¹ Menntamálaráðuneytið. 1999. Bls. 16-19.

Hlutfallsleg skólasókn 16 ára ungmenna á landsvísu er 93% árið 2006 og hefur lækkað um eitt prósentustig frá árinu 2005. Skólasókn hefur aukist lítillega milli ára 2005 og 2006 á Suðurnesjum, Norðurlandi eystra og Suðurlandi en minnkaði annars staðar. Þrátt fyrir að skólasókn á Norðurlandi vestra hafi lækkað um tvö hlutfallsstig árið 2006 miðað við árið 2005, er hún þó hæst þar árið 2006 eða 96%.

Mynd 5.2 Hlutfallsleg skólasókn 16 ára ungmenna í framhaldsskóla 2003–2006 eftir landshlutum



Heimild: Hagstofa Íslands.

Í mynd 5.2 má sjá sókn 16 ára ungmenna í framhaldsskóla á myndrænu formi.

Tafla 5.8 Hlutfallsleg skólasókn 16 ára ungmenna í framhaldsskóla 2003–2006 eftir landshluta og kyni

	2003		2004		2005		2006	
	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur
Reykjavík	90%	93%	92%	94%	94%	96%	91%	93%
Höfuðborgarsvæði án Rvk	94%	94%	94%	94%	93%	96%	92%	95%
Suðurnes	87%	94%	88%	93%	88%	92%	90%	92%
Vesturland	91%	92%	93%	94%	88%	96%	88%	93%
Vestfirðir	89%	95%	92%	93%	96%	93%	92%	90%
Norðurland vestra	89%	92%	89%	91%	99%	97%	95%	97%
Norðurland eystra	89%	95%	90%	96%	95%	93%	94%	95%
Austurland	82%	96%	87%	95%	91%	95%	91%	92%
Suðurland	91%	91%	91%	97%	88%	92%	88%	94%
Landið allt	90%	94%	92%	94%	93%	95%	91%	94%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Að lokum er fróðlegt að skoða skólasókn ungmennanna eftir kyni og landshluta. Almenna reglan er sú að hlutfallsleg skólasókn 16 ára stúlkna er aðeins hærra en pilta. Athygli vekur að árið 2005 snýst blaðið við í þremur landshlutum; Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra. Árið 2006 er það einungis Vestfirðir sem skera sig úr að þessu leyti.

5.1 Samantekt

Árið 2006 eru 43.875 nemendur í grunnskólum landsins og hafði þeim þá fækkað um 461 frá fyrra ári. Frá árinu 2003 hefur grunnskólanemendum fækkað á öllum landssvæðum nema á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur.

Árið 2006 er hlutfall grunnskólanemenda af íbúafjölda hæst á Norðurlandi vestra eða 17%, en lægst á Austurlandi eða 12%.

Hlutfallsleg skólasókn 16 ára ungmenna er 93% á landsvísu árið 2006 og lækkaðu um eitt hlutfallsstig miðað við árið 2005.

6. Grunnskólar

Samkvæmt lögum er sveitarfélögum skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6–16 ára. Skólaárið 2006/2007 voru starfræktir 177 grunnskólar á landinu öllu.

Tafla 6.1. Fjöldi grunnskóla eftir landshlutum 1998–2006

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	Breyting	% breyting
Reykjavík	40	42	42	45	45	43	43	43	43	3	8%
Höfuðborgarsvæði án Rvk	24	24	24	24	25	26	26	27	28	4	17%
Suðurnes	7	8	8	8	8	8	8	9	9	2	29%
Vesturland	15	15	15	15	15	15	15	12	12	-3	-20%
Vestfirðir	16	13	13	14	14	14	14	13	13	-3	-19%
Norðurland vestra	15	13	12	12	12	10	10	10	9	-6	-40%
Norðurland eystra	29	29	28	28	28	27	27	25	24	-5	-17%
Austurland	24	22	22	21	21	21	21	21	20	-4	-17%
Suðurland	26	26	26	26	24	23	23	17	15	-11	-42%
Landið allt	196	192	190	193	192	187	187	177	173	-23	-12%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Frá árinu 1998 hefur grunnskólum fækkað um 23 og er fjöldi þeirra 173 árið 2006. Mest hefur þeim fækkað á Suðurlandi eða um 11 skóla og einnig fækkaði um sex á Norðurlandi vestra. Á sama tímabili fjölgaði grunnskólum um 7 á höfuðborgarsvæðinu öllu og um 2 á Suðurnesjum.


Tafla 6.2. Fjöldi skóla og nemenda eftir rekstrarformi skóla 1998–2006

	Skólar alls	Nemendur alls	Grunnskólar reknir af opinb. aðilum				Sjálfstætt starfandi grunnskólar			
			Fjöldi skóla	%	Fjöldi nemenda	%	Fjöldi skóla	%	Fjöldi nemenda	%
1998	196	42.421	191	97%	41.894	99%	5	3%	527	1%
1999	192	43.030	186	97%	42.481	99%	6	3%	549	1%
2000	190	43.644	184	97%	43.079	99%	6	3%	565	1%
2001	193	44.103	187	97%	43.574	99%	6	3%	529	1%
2002	192	44.695	186	97%	44.242	99%	6	3%	453	1%
2003	187	44.809	179	96%	44.357	99%	8	4%	452	1%
2004	178	44.511	171	96%	44.081	99%	7	4%	430	1%
2005	177	44.336	170	96%	43.864	99%	7	4%	472	1%
2006	173	43.875	166	96%	43.303	99%	7	4%	572	1%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 6.2 má sjá fjölda skóla eftir rekstrarformi 1998–2006. Sjálfstætt starfandi grunnskólum fjölgaði um tvo á tímabilinu. Árið 2006 eru 166 grunnskólar á Íslandi reknir af opinberum aðilum eða 96% þeirra. Yfirgnæfandi meirihluti grunnskólanemenda á Íslandi eru í skólum sem reknir eru af opinberum aðilum eða 99%. Nemendum í sjálfstætt starfandi grunnskólum hefur þó fjölgað um 8% á tímabilinu eða um 45 nemendur og eru 572 árið 2006.

Mynd 6.1. Fjöldi grunnskóla eftir nemendafjölda 2003–2006



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á mynd 6.1 er gerð grein fyrir dreifingu grunnskóla á Íslandi eftir stærð, eða nemendafjölda þeirra árin 2003–2006. Skólum með 49 nemendum eða færri hefur fækkað um 11 frá árinu 2003. Skólum með 50–99 nemendur hefur fækkað um fimm á sama tíma. Stærstu skólunum með 600 og fleiri nemendum hefur fækkað um tvo. Skólum í stærðarflokknum 200–399 nemendur hefur fjölgað um fimm. Minnstu og stærstu skólunum hefur fækkað, en skólum að meðalstærð fjölgar lítillega. Árið 2006 eru 62% skóla með nemendafjölda frá 100 og upp í 599 eða í allt 107 skólar.

6.1 Samantekt

Árið 2006 voru 173 grunnskólar starfræktir á landinu, þar af 166 á vegum sveitarfélaga. Frá árinu 1998 hefur skólum fækkað um 23. Minnstu skólum og stærstu skólum hefur fækkað frá árinu 1998 og um 62% skóla eru með frá 100–599 nemendur árið 2006.

7. Starfsfólk í grunnskóla

Kafli þessi er þrískiptur. Í byrjun er fjallað um kennara í grunnskóla, bæði þá er hafa tilskilda menntun og þá kennara sem ekki hafa kennsluréttindi. Farið er í gegnum nokkrar lykiltölur, m.a niðurröðun eftir starfssviðum, réttindum, kyni og að lokum aldursdreifing kennara. Annar undirkafli snýr að öðru starfsfólki í grunnskóla sem er breiður hópur er kemur að ýmissi þjónustu innan grunnskólans. Að lokum er fjallað um starfsfólk í grunnskóla í heild sinni. Ávallt er fjallað um stöðugildi starfsfólks en ekki fjölda starfsmanna.

7.1 Kennarar

Það er yfirlýst stefna stjórnvalda að þeir einir sem hlotið hafa menntun grunnskólakennara starfi við kennslu í grunnskólum. Stefna þessi birtist í lögum um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla nr. 72/1996. Víða eru þó þær aðstæður að ekki er hægt að manna allar stöður með grunnskólakennurum sem lokið hafa réttindanámi og sækja þarf um undanþágur fyrir kennara sem ekki hafa tilskilda menntun. Hér á eftir verður fjallað um starfsfólk við kennslu og kennara jöfnum höndum en þá er átt við skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, grunnskólakennara, kennara án kennsluréttinda og sérkennara.

Tafla 7.1.1. Fjöldi stöðugilda kennara eftir réttindum 1998–2006

	Grunnskóla- kennarar	% breyting frá fyrra ári	Kennarar án kennsluréttinda	% breyting frá fyrra ári	Kennarar alls	% breyting frá fyrra ári
1998	2.988		530		3.518	
1999	3.176	6%	527	-1%	3.703	5%
2000	3.145	-1%	639	21%	3.784	2%
2001	3.517	12%	756	18%	4.273	13%
2002	3.671	4%	766	1%	4.437	4%
2003	3.725	1%	715	-7%	4.440	0%
2004	3.918	5%	542	-24%	4.460	0%
2005	4.184	7%	512	-6%	4.697	5%
2006	4.233	1%	566	10%	4.798	2%
Breyting	1.245		36		1.280	
% breyting	42%		7%		36%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga

Skýring: Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og sérkennarar eru meðtaldir. Stöðugildi eru námunduð að heilu tölugildi. Starfsfólk í sjálfstætt starfandi skólum meðtalið.

Árið 2006 eru stöðugildi allra kennara 4.798 og hefur þeim fjölgað um 2% miðað við haustið 2005 sem jafngildir 101 stöðugildi. Taflan sýnir þróunina í kennarahópnum eftir réttindum frá 1998–2006. Á því tímabili hefur stöðugildum allra kennara fjölgað um 1.208 eða 36%. Sé betur að gáð má sjá talsverða hreyfingu innan kennarahópsins. Þannig hefur grunnskólakennurum fjölgað um 42% á tímabilinu eða um 1.245 stöðugildi, en kennurum án kennsluréttinda fjölgar um 7% eða um 36 stöðugildi á tímabilinu. Taflan sýnir einnig hlutfallslega breytingu frá fyrra ári og sést að kennurum án kennsluréttinda fækkaði á árunum 2003–2005 frá fyrra ári en fjölgaði síðan aftur árið 2006 miðað við fyrra ár.

Tafla 7.1.2. Fjöldi stöðugilda kennara eftir réttindum og landshlutum 2003–2006

	2003			2006			Breyting 2003-2006			% breyting 2003-2006		
	Grunnskóla- kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Alls	Grunnskóla- kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Alls	Grunnskóla- kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Alls	Grunnskóla- kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Alls
Reykjavík	1.302	121	1.423	1.496	87	1.584	194	-33	161	15%	-28%	11%
Höfuðborgarsv. án Rvk	963	81	1.044	1.045	103	1.148	82	22	104	8%	27%	10%
Suðurnes	193	60	253	243	50	293	50	-10	40	26%	-16%	16%
Vesturland	211	58	269	234	44	278	23	-14	9	11%	-24%	3%
Vestfirðir	92	58	150	116	35	151	24	-23	1	26%	-39%	1%
Norðurland vestra	108	55	163	109	33	142	1	-22	-21	1%	-40%	-13%
Norðurland eystra	351	120	471	436	70	507	85	-50	36	24%	-41%	8%
Austurland	178	80	258	194	75	269	16	-5	11	9%	-6%	4%
Suðurland	328	81	409	359	69	427	31	-12	18	9%	-15%	4%
Landið allt	3.728	712	4.440	4.233	566	4.798	505	-147	358	14%	-21%	8%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýring: Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og sérkennarar eru meðtaldir. Stöðugildi eru námunduð að heilu tölugildi. Grunnskólakennarar eru þeir kennarar sem lokið hafa kennsluréttindanámi.

Í töflu 7.1.2 sjáum við fjölda stöðugilda grunnskólakennara og kennara án kennsluréttinda eftir landshlutum. Í öllum landshlutum utan höfuðborgarsvæðis án Reykjavíkurborgar eru færri kennarar án kennsluréttinda á árinu 2006 en árið 2003. Mest fækkar þeim á Norðurlandi eystra um 50 stöðugildi eða 41% fækkun og í Reykjavík um 33 stöðugildi eða 28%. Í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkurborgar fjölgar kennurum án kennsluréttinda um 22 stöðugildi eða um 27%.

Að sama skapi fjölgar grunnskólakennurum í öllum landshlutum þó misjafnlega mikið. Stöðugildum þeirra fjölgar mest á höfuðborgarsvæðinu öllu eða alls um 276 stöðugildi. Hlutfallslega er fjölgunin mest á Norðurlandi eystra, Vestfjörðum og Suðurnesjum. Fjölgun grunnskólakennara er langminnst á Norðurlandi vestra eða um 1 stöðugildi og 1%. Sé horft til breytinga á kennurum alls má sjá að þeim fjölgar í öllum landshlutum nema á Norðurlandi vestra þar sem þeim fækkaði um 21 stöðugildi. Starfsfólki við kennslu fjölgaði hlutfallslega mest á Suðurnesjum eða um 16% og þá á höfuðborgarsvæðinu um 10–11%.

Tafla 7.1.3. Stöðugildi kennara og hlutfallsleg skipting þeirra eftir réttindum og stærð sveitarfélaga 2006

	Grunnskóla-kennarar		Kennarar án kennsluréttinda		Kennarar alls	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
< 500 íbúar	108	79%	29	21%	137	3%
501-2000	456	79%	124	21%	580	12%
2001-5000	539	82%	115	18%	654	14%
5001 >	1.632	89%	211	11%	1.843	38%
Reykjavík	1.496	94%	87	6%	1.584	33%
Landið allt	4.233	88%	566	12%	4.798	100%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Stöðugildi eru námunduð að heilu tölugildi. Grunnskólakennarar eru þeir kennarar sem lokið hafa kennsluréttindanámi.

Í töflu 7.1.3. kemur fram fjöldi stöðugilda starfsfólks við kennslu ásamt hlutfallslegri skiptingu þeirra eftir stærð sveitarfélaga árið 2006. Í Reykjavík er hlutfall grunnskólakennara 94% og er langhæst meðal sveitarfélaga. Eftir því sem sveitarfélög eru fámennari, því lægra verður hlutfall grunnskólakennara. Reyndar er sama hlutfall grunnskólakennara eða 79% hjá minnstu sveitarfélögunum sem hafa færri en 500 íbúa og meðal sveitarfélaga sem hafa 501–2000 íbúa. Þriðjungur alls starfsfólks sem sinnir kennslu í grunnskóla starfar í Reykjavík.

Tafla 7.1.4 Hlutfallsleg skipting kennara eftir réttindum 1998–2006

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Grunnskóla-kennarar	85%	86%	83%	82%	83%	84%	88%	89%	88%
Kennarar án kennsluréttinda	15%	14%	17%	18%	17%	16%	12%	11%	12%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 7.1.4 sýnir hlutfallslega skiptingu starfsfólks við kennslu eftir réttindum á landsvísu á tímabilinu 1998–2006. Hlutfall grunnskólakennara er 85% árið 1998 en árið 2006 er það komið upp í 88%. Athygli vekur að hlutfall þeirra hefur lækkað frá árinu 2005 þegar það var 89%.

Tafla 7.1.5. Hlutfall grunnskólakennara og kennara án kennsluréttinda í grunnskólum 2003–2006 eftir landshlutum

	2003		2006	
	Grunnskóla-kennarar	Kennarar án kennsluréttinda	Grunnskóla-kennarar	Kennarar án kennsluréttinda
Reykjavík	92%	8%	94%	6%
Höfuðborgarsv. án Rvk	92%	8%	91%	9%
Suðurnes	76%	24%	83%	17%
Vesturland	79%	21%	84%	16%
Vestfirðir	61%	39%	77%	23%
Norðurland vestra	67%	33%	77%	23%
Norðurland eystra	75%	25%	86%	14%
Austurland	69%	31%	72%	28%
Suðurland	80%	20%	84%	16%
Landið allt	84%	16%	88%	12%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og sérkennarar eru meðtaldir. Um stöðugildi er að ræða. Grunnskólakennarar eru þeir kennarar sem lokið hafa kennsluréttindanámi.

Tafla 7.1.5 sýnir skiptingu kennara eftir réttindum eftir landshlutum árin 2003 og 2006. Á landsvísi hefur grunnskólakennurum fjölgað um fjögur hlutfallsstig, úr 84% árið 2003 í 88% árið 2006. Hlutfall grunnskólakennara er hæst árið 2006 í Reykjavík eða 94% og þá annars staðar á höfuðborgarsvæðinu eða 91%. Lægst er það á Austurlandi eða 72% árið 2006.

Hlutfall grunnskólakennara hefur hækkað alls staðar nema á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur á tímabilinu þar sem það lækkaði lítillega, og mest á Vestfjörðum en þar fjölgaði grunnskólakennurum um 16 hlutfallsstig sem hlutfalli af heildarfjölda starfsfólks við kennslu í grunnskóla árið 2006 miðað við árið 2000.

Tafla 7.1.6. Fjöldi stöðugilda starfsfólks við kennslu eftir starfssviðum 1998–2006

	1998	2000	2002	2004	2006	Breyting 1998-2006	% breyting 2003-
Skólastjórar	192	189	190	183	178	-14	-7%
Aðstoðarskólastjórar	126	149	143	139	147	21	17%
Deildarstjórar	0	0	140	191	236	236	
Kennarar	3.015	3.225	3.719	3.712	3.778	763	25%
Sérkennarar	185	221	245	233	455	270	146%
Alls	3.518	3.784	4.437	4.458	4.794	1.276	36%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýringar: Sinni starfsmaður störfum sem falla á fleiri en eitt starfssvið, vísar starfssvið til aðalstarfs. Með kennurum er bæði átt við grunnskólakennara og kennara án kennsluréttinda. Stöðugildi eru námunduð að heilu tölugildi. Deildarstjórar eru flokkaðir með kennurum árin 1998–2000.

Í töflu 7.1.6 má sjá hvernig starfsfólk við kennslu skiptist á starfssvið frá árinu 1998 til ársins 2006. Skólastjórum hefur fækkað um 14 eða 7% frá árinu 1998 sem tengist fækkun grunnskóla á sama tíma. Aðstoðarskólastjórum hefur fjölgað um 21 eða 17%. Stöðugildi deildarstjóra eru 140 árið 2002 og fjölgaði um 92 og voru 236 árið 2006 eða sem nemur 68% fjölgum frá árinu 2002. Kennurum hefur fjölgað um 763 stöðugildi eða 25% á tímabilinu, þ.e. grunnskólakennurum og

kennurum án kennsluréttinda til samans. Fjöldi sérkennara hefur meira en tvöfaldast á tímabilinu og fjölgaði um 270 stöðugildi á tímabilinu og eru 455 árið 2006.

Tafla 7.1.7. Starfsfólk við kennslu eftir starfssviðum og landshlutum 2006

	Skólastjórar	Aðstoðar- skólastjórar	Deildarstjórar	Kennarar	Sérkennarar
Reykjavík	35	43	85	1.160	177
Höfuðborgarsv án Rvk	37	26	70	944	138
Suðurnes	9	9	17	231	18
Vesturland	11	10	11	229	21
Vestfirðir	12	5	3	123	8
Norðurland vestra	8	5	6	121	7
Norðurland eystra	27	17	22	399	50
Austurland	20	15	6	217	14
Suðurland	19	16	14	360	22
Landið allt	178	148	235	3.784	455

Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýring: Stöðugildi eru námunduð að heilu tölugildi.

Tafla 7.1.7 sýnir skiptingu starfsfólks við kennslu á starfssvið eftir landshlutum árið 2006. Stöðugildi stjórnenda eru 561 talsins eða rúm 11% stöðugilda starfsfólks við kennslu árið 2006. Stöðugildi sérkennara eru 455 eða sem nemur 9% þeirra er starfa við kennslu.

Tafla 7.1.8. Hlutfallsleg skipting stöðugilda starfsfólks við kennslu eftir starfssviðum 1998–2006

	1998	2000	2002	2004	2006
Skólastjórar	5%	5%	4%	4%	4%
Aðstoðarskólastjórar	4%	4%	3%	3%	3%
Deildarstjórar	0%	0%	3%	4%	5%
Kennarar	86%	85%	84%	83%	79%
Sérkennarar	5%	6%	6%	5%	9%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýringar: Sinni starfsmaður störfum sem falla á fleiri en eitt starfssvið, vísar starfssvið til aðalstarfs. Með kennurum er bæði átt við grunnskólakennara og kennara án kennsluréttinda. Stöðugildi eru námunduð að heilu tölugildi. Deildarstjórar eru flokkaðir með kennurum árin 1998–2000.

Tafla 7.1.8 sýnir að hlutfallsleg skipting þeirra er starfa við kennslu í grunnskólum eftir starfssviðum breytist nokkuð á tímabilinu. Hlutfall deildarstjóra sem áður voru flokkaðir með kennurum í gögnum Hagstofunnar hefur hækkað um tvö hlutfallsstig árið 2006 miðað við árið 2002. Þá hefur hlutfall sérkennara af starfsfólki við kennslu hækkað um fjögur hlutfallsstig á tímabilinu.

Tafla 7.1.9. Starfsfólk við kennslu í grunnskólum 2006 eftir starfssviðum og kyni


	Alls	Karlar		Konur	
		Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Skólastjórar	178	93	52%	85	48%
Aðstoðarskólastjórar	147	55	37%	92	63%
Deildarstjórar	236	41	17%	195	83%
Kennarar	3.778	827	22%	2.957	78%
Sérkennarar	455	60	13%	395	87%
Alls	4.794	1.076	22%	3.724	78%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Stöðugildi eru námunduð að heilu tölugildi.

Tafla 7.1.9 sýnir kynjahlutfall starfsfólks við kennslu haustið 2006 eftir starfs-sviðum. Aðeins hærra hlutfall karla en kvenna gegnir stöðu skólastjóra en á öðrum starfssviðum er hlutfall kvenna hærra. Hæst er hlutfall kvenna meðal sérkennara eða 87%. Hlutfall karla er hæst meðal skólastjóra, 52% og aðstoðarskólastjóra 37%.

Mynd 7.1.1. Starfsfólk við kennslu eftir kyni 2003–2006



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og sérkennarar eru meðtaldir.

Á mynd 7.1.1 má sjá kynjahlutföll hjá öllu starfsfólki við kennslu. Hlutfall kvenna eykst með hverju ári um eitt hlutfallsstig til ársins 2005, en árið 2006 stendur hlutfall kvenna í stað miðað við fyrra ár og er 78%. starfsfólks við kennslu í grunnskólum.

Tafla 7.1.10. Starfsfólk við kennslu í grunnskólum eftir aldri 2003–2006


	2003		2006		Breyting 2003-2006	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
29 ára og yngri	541	12%	532	11%	-9	-2%
30-39 ára	1.248	28%	1317	27%	69	5%
40-49 ára	1.301	29%	1438	30%	137	11%
50-59 ára	1.085	24%	1197	25%	112	10%
60 ára og eldri	265	6%	316	7%	51	17%
Samtals	4.440	100%	4.796	100%	356	8%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og sérkennarar eru meðtaldir.

Í töflu 7.1.10 er farið yfir aldursamsetningu kennara og þróun hennar árin 2003–2006. Á árinu 2006 er fjölmennasti hópur kennara á aldrinum 40–49. Kennurum fer fjölgandi í öllum aldurshópum að undanskildum kennurum yngri en 29 ára en þeim fækkar um 2% á tímabilinu. Kennurum í aldurshópnum 40–49 ára fjölgar um 137 eða 11% en hlutfallsleg aukning er mest meðal kennara 60 ára og eldri eða 17%. Þróun sl. ára bendir til þess að kennarastéttin sé að eldast, sem er nokkuð umhugsunarefni.

Mynd 7.1.2. Aldursdreifing starfsfólks við kennslu í grunnskólum 2003–2006



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og sérkennarar eru meðtaldir.

Á mynd 7.1.2 eru upplýsingar úr töflu 7.1.10 settar fram á myndrænan hátt. Hér sést glögg að kennurum í yngsta aldurshópnum sem hlutfall af kennarahópnum í heild sinni fækkar á tímabilinu sem og í aldurshópnum 30–39 ára, en fjölgar í aldurshópnum 40–49 ára og 60 ára og eldri.

Tafla 7.1.11. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við kennslu 2003–2005 eftir landshlutum

	2000	2003	2006	Breyting	% breyting
Reykjavík	12,4	10,2	9,4	-3,0	-24,1%
Höfuðborgarsvæði án Rvk	13,3	11,4	9,9	-3,4	-25,6%
Suðurnes	13,9	10,8	10,4	-3,4	-24,7%
Vesturland	10,3	9,3	8,6	-1,7	-16,2%
Vestfirðir	8,9	8,1	7,6	-1,3	-14,5%
Norðurland vestra	8,6	8,7	9,1	0,5	5,7%
Norðurland eystra	10,3	9,4	8,3	-2,0	-19,1%
Austurland	8,6	7,6	7,0	-1,6	-18,3%
Suðurland	10,1	9,3	8,5	-1,6	-15,7%
Landið allt	11,5	10,0	9,1	-2,4	-20,7%


Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Árið 2006 eru 9,1 nemendur á hvert stöðugildi kennara á landsvísu og hefur þeim fækkað hlutfallslega um 20% miðað við árið 2000. Ef skoðuð er tafla 7.1.11 eftir landshlutum má sjá að nemendum á stöðugildi kennara fækkar alls staðar, þó fækkunin sé mismikil. Undantekning er á Norðurlandi vestra, þar sem fjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara hefur aukist um 5,7%.

Nemendum á hvert stöðugildi kennara hefur fækkað á höfuðborgarsvæðinu öllu ásamt Suðurnesjum eða um 3–3,4 nemanda á árunum 2000–2006 eða sem jafngildir hlutfallslegri fækkun um 25%. Þeim fækkar einnig talsvert á Norðurlandi eystra og Austurlandi. Austurland sker sig úr að því leyti að þar eru fæstir nemendur á hvert stöðugildi öll árin sem hér um ræðir.

Á mynd 7.1.3 eru upplýsingar úr töflu 7.1.11 settar fram á myndrænan hátt.

Mynd 7.1.3 Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við kennslu 2000–2006 eftir landshlutum



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 7.1.12 Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við kennslu árið 2006 eftir stærð sveitarfélaga

	Vegið meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi
< 500 íbúar	5,9	2,5	8,2
501-2000	7,7	5,1	11,4
2001-5000	8,8	7,3	11,4
5001 >	9,8	6,9	10,8
Reykjavík	9,4	9,4	9,4

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Að lokum sýnir tafla 7.1.12 fjölda grunnskólanemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við kennslu eftir stærð sveitarfélaga. Taflan sýnir vegið meðaltal hvers hóps fyrir sig ásamt hæsta og lægsta gildi sem gefur til kynna dreifingu innan hvers hóps fyrir sig.

7.2 Samantekt

Árið 2006 eru stöðugildi allra kennara 4.798 talsins og hefur þeim fjölgað um 358 eða 8% frá árinu 2003 og 99 stöðugildi eða 2% frá árinu 2005. Grunnskólakennurum fjölga á tímabilinu og árið 2006 er hlutfall þeirra 88% á landsvísi; hæst er hlutfallið í Reykjavík eða 94% og lægst á Austurlandi eða 72%. Þegar starfsfólk við kennslu er skoðað eftir starfssviðum kemur í ljós að stöðugildi sérkennara hafa ríflega tvöfaldast árið 2006 miðað við árið 1998. Árið 2006 eru konur 78% starfsfólks við kennslu í grunnskóla. Þá eru vísbendingar um að kennarastéttin sé að eldast, þannig fjölga kennurum í öllum aldursflokkum nema í yngsta aldurshópnum þar sem þeim

fækkar um 6%. Þeim fjölga mest í aldursflokknum 40–49 ára en hlutfallslega mest eða um 17% í aldurshópnum 60 ára og eldri árið 2006 miðað við árið 2003. Árið 2006 er 9,1 nemandi á hvert stöðugildi starfsfólks við kennslu á landsvísi en var 9,4 árið 2005. Frá árinu 2000 til ársins 2006 hefur fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við kennslu fækkað um 20%.

7.3 Annað starfsfólk

Þegar fjallað er um starfsfólk í grunnskólum er víst að starfsfólk við kennslu er þar í forgrunni. Reyndin er þó að fjölmargt annað starfsfólk starfar í grunnskólum við ýmis störf og hefur fjölgað verulega frá því að sveitarfélögin tóku við rekstri grunnskólans samstíga því að þjónusta í skólum landsins hefur aukist. Í kaflanum verður þessi starfsmannahópur einnig nefndur „annað starfsfólk“. Stöðugildi starfsfólks í grunnskóla árið 2006 sem sinna öðru en kennslu voru 2.179 talsins og hafði fjölgað um 75 stöðugildi eða 4% frá fyrra ári.

Tafla 7.3.1 Þróun fjölda stöðugilda annars starfsfólks 1998–2006

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Annað starfsfólk	1.419	1.683	1.680	1.846	2.093	2.174	2.116	2.104	2.179
Breyting frá fyrra ári		264	-3	166	247	81	-58	-12	75
% breyting frá fyrra ári		19%	0%	10%	13%	4%	-3%	-1%	4%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband Íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 7.3.1 sýnir þróun á heildarfjölda þess starfsfólks í grunnskóla er sinnir öðrum störfum en kennslustörfum og breytingu frá fyrra ári. Á tímabilinu 1998–2006 fjölgaði stöðugildum annars starfsfólks um 760 eða rúm 53%. Hlutfallsleg breyting er mest árið 1999 miðað við fyrra ár eða 19% aukning og þá árið 2002 um 13% frá fyrra ári. Nokkur fækkun er í þessum starfsmannahóp árið 2004 en þá fækkar stöðugildum um 58 eða 3% frá fyrra ári.

Tafla 7.3.2. Annað starfsfólk í grunnskólum eftir starfssviði 2003–2006

	2003	2006	Breyting	% breyting
Bókasafnsfr og fl	50	51	1	2%
Félagsráðgjafar	.	3	.	.
Sálfræðingar	11	8	-3	-27%
Námsráðgjafar	45	71	26	58%
Skólahjúkrunarfræðingar	22	21	-1	-3%
Proskapjálfar	71	86	15	21%
Stuðningsfulltrúar	430	468	38	9%
Ritarar, tölvuumsjón	159	160	1	1%
Tómstundafulltrúar	6	4	-2	-31%
Starfsfólk í mötuneytum	231	225	-6	-3%
Húsverðir	132	131	-1	-1%
Skólalíðar og fl	991	943	-48	-5%
Annað	27	8	-19	-71%
Samtals	2.175	2.179	4	0%

Heimild: Hagstofa Íslands.

Skýring: Stöðugildi eru námunduð að heilu stöðugildi. Skólalíðstjórnar og aðrir verktakar eru ekki inn í þessum tölum. Sinni starfsmaður störfum sem falla á fleiri en eitt starfssvið vísar starfssvið til aðalstarfs. Félagsráðgjafar eru flokkaðir með námsráðgjöfum fram til ársins 2006.

Ef við skoðum töflu 7.3.2 hér að ofan kemur í ljós að stöðugildum þeirra sem ekki sinna kennslu í grunnskólum landsins hefur fjölgað lítillega eða um 4 árið 2006 miðað við árið 2003 og eru 2.179 talsins. Þróunin á tímabilinu er talsvert misjöfn eftir starfssviðum. Þannig fjölgar námsráðgjöfum um 26 stöðugildi eða 58% og þroskaþjálfum fjölgar um 15 stöðugildi eða 21%. Hins vegar fækkar skólaliðum um 48 stöðugildi eða um 5%.

Tafla 7.3.3. Annað starfsfólk í grunnskólum 2003–2006 eftir landshlutum


	2003	2005	2006	Breyting	% breyting
Reykjavík	709	684	724	15	2%
Höfuðborgarsvæði án Rvk	541	527	558	17	3%
Suðurnes	134	130	143	9	7%
Vesturland	140	139	117	-23	-17%
Vestfirðir	56	53	53	-3	-6%
Norðurland vestra	95	94	85	-10	-11%
Norðurland eystra	215	204	212	-3	-1%
Austurland	94	91	99	5	6%
Suðurland	190	183	187	-3	-2%
Samtals	2.175	2.104	2.179	4	0%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Stöðugildi eru námunduð að heilu stöðugildi. Skólabílstjórar og aðrir verktakar eru ekki inn í þessum tölum. Sinni starfsmaður störfum sem falla á fleiri en eitt starfssvið vísar starfssvið til aðalstarfs.

Hér að ofan eru tölur yfir annað starfsfólk í grunnskólum eftir landshlutum árin 2003 og 2006. Árið 2006 eru 2.179 stöðugildi er sinna öðru en kennslu í grunnskóla. Það sem vekur athygli hér er að það fækkar nokkuð í þessum starfsmannahópi árið 2005 miðað við árið 2003, en árið 2006 fjölgaði aftur í hópnun um 75 stöðugildi og hefur náð rúmlega sömu stærð og árið 2003. Hlutfallsleg fækkun er mest á Vesturlandi en þar fækkar öðru starfsfólki um 17% eða 23 stöðugildi. Stöðugildum fjölgar mest á höfuðborgarsvæðinu öllu eða um 32 stöðugildi alls.

Mynd 7.3.1 Annað starfsfólk í grunnskóla eftir stærð sveitarfélaga 2003–2006



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofa Íslands.

Á mynd 7.3.1 má sjá fjölda starfsfólks í grunnskóla sem sinnir öðru en kennslu eftir stærð sveitarfélaga. Einungis meðal sveitarfélaga með 5001 íbúa og yfir hefur stöðugildum þessa starfsfólks fjölgað.

Tafla 7.3.4 Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi annars starfsfólks í grunnskóla 2003–2006 eftir landshlutum

	2003	2005	2006	Breyting	% breyting
Reykjavík	21,8	22,0	20,5	-1,3	-6%
Höfuðborgarsvæði án Rvk	20,9	21,6	20,4	-0,5	-3%
Suðurnes	21,1	22,9	21,4	0,3	1%
Vesturland	17,6	17,8	20,5	2,9	17%
Vestfirðir	22,3	22,5	21,8	-0,5	-2%
Norðurland vestra	14,9	14,4	15,3	0,4	3%
Norðurland eystra	20,6	21,4	19,9	-0,7	-3%
Austurland	20,8	20,3	19,0	-1,9	-9%
Suðurland	19,5	20,1	19,5	0,0	0%
Landið allt	20,6	20,4	20,1	-0,5	-2%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 7.3.4 sýnir okkur fjölda nemenda á hvert stöðugildi annars starfsfólks í grunnskóla eftir landshlutum. Árið 2006 er rétt rúmlega 20 nemendur á hvert stöðugildi annars starfsfólks og hefur fækkað um hálfan nemanda frá árinu 2003.

Nemendum á hvert stöðugildi fjölgar á Suðurnesjum, Norðurlandi vestra og á Vesturlandi þar sem fjölgunin er langmest eða um 17% og er um 20,5 nemandi á hvert stöðugildi annars starfsfólks þar árið 2006. Hins vegar fækkar nemendum á hvert stöðugildi á höfuðborgarsvæðinu öllu, Vestfjörðum, Norðurlandi eystra og á Austurlandi þar sem þeim fækkar mest eða um 9% árið 2006 miðað við árið 2003. Árið 2006 eru fæstir nemendur á hvert stöðugildi annars starfsfólks á Norðurlandi vestra eða 15,3. Þeir eru flestir á hvert stöðugildi á Vestfjörðum eða tæplega 22.

Tafla 7.3.5. Annað starfsfólk í grunnskólum 2004–2006 eftir starfssviðum í Reykjavík, höfuðborgarsvæði án Reykjavíkur og á Suðurnesjum

	Reykjavík					Höfuðborgarsvæði án Rvk					Suðurnes				
	2004	2005	2006	breyting	%	2004	2005	2006	breyting	%	2004	2005	2006	breyting	%
Bókasafnsír og fl	14,5	16,3	16,6	2,1	14%	8,4	12,9	15,2	6,8	81%	4,9	6,6	4,6	-0,3	-7%
Sálfræðingar	5,5	4,3	5,5	0,0	0%	2,4	1,3	1,0	-1,4	-59%	0,0	0,0	0,0	0,0	0%
Námsráðgjafar	21,9	29,2	28,1	6,2	28%	17,2	13,8	19,2	2,0	12%	1,2	2,4	6,2	5,0	416%
Skólahjúkrunarfr	4,7	3,5	5,0	0,3	7%	6,7	6,1	8,1	1,4	21%	1,2	0,0	0,8	-0,5	-38%
Þroskajálfrar	23,5	34,3	31,6	8,1	34%	29,1	27,0	26,9	-2,2	-8%	3,5	4,3	2,4	-1,1	-32%
Stuðningsfulltrúar	129,7	123,6	142,1	12,4	10%	88,2	96,9	98,9	10,7	12%	36,9	27,4	51,6	14,7	40%
Rítarar, tölvuumsjón	61,3	65,6	62,6	1,3	2%	41,8	43,8	50,1	8,3	20%	8,6	12,5	10,1	1,5	17%
Tómstundafulltrúar	1,0	0,5	0,3	-0,7	-70%	1,1	3,9	3,5	2,4	215%	0,0	0,0	0,0	0,0	0%
Starfsfólk í mótuneytum	53,3	54,0	72,7	19,4	36%	53,6	47,4	56,9	3,3	6%	21,4	8,8	5,6	-15,8	-74%
Húsvörðir	37,6	34,7	31,5	-6,1	-16%	27,6	31,8	38,9	11,3	41%	6,1	7,1	7,6	1,5	25%
Skólaáriðar og fl	321,7	306,9	325,5	3,8	1%	237,1	237,9	239,8	2,7	1%	40,1	59,4	54,1	14,0	35%
Annað	14,6	10,8	3,1	-11,6	-79%	5,4	4,1	0,0	-5,4	-100%	3,5	1,0	0,0	-3,5	-100%
Samtals	689,3	683,6	724,5	35,2	5%	518,6	527,0	558,5	39,9	8%	127,4	129,5	142,9	15,5	12%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: 0,6 stöðugildi félagsráðgjafa í Reykjavík árið 2006 er flokkað með námsráðgjöfum.

Tafla 7.3.5 sýnir þróun á fjölda stöðugilda annars starfsfólks í grunnskólum eftir starfssviðum á höfuðborgarsvæðinu öllu og á Suðurnesjum árin 2004–2006. Á landsvísu fjölgaði stöðugildum

Þessa hóps um 63 stöðugildi á þessu tímabili eða tæplega 3% eins og lesa má úr töflu 5.2.1. Nokkuð misjafnt er milli landshluta hvernig þróun hefur verið á einstökum starfssviðum.

Í Reykjavík fjölgaði stöðugildum þessa starfsmannahóps um rúm 35 stöðugildi eða 5% árið 2006 miðað við árið 2004. Starfsfólki í mótuneytum fjölgaði mest á tímabilinu eða um rúm 19 stöðugildi eða 36%. Þá fjölgaði námsráðgjöfum um rúm sex stöðugildi eða 28%, stöðugildum þroskaþjálfara fjölgaði um rúm 8 stöðugildi eða 34% og stuðningsfulltrúum um rúm 12 stöðugildi eða 10%. Húsvörðum fækkaði um rúm 6 stöðugildi eða 16%.

Á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur fjölgaði starfsmönnum er sinna öðru en kennslu um tæp 40 stöðugildi eða 8%. Bókasafnsfræðingum fjölgaði um tæp 7 stöðugildi sem nemur ríflega 80% aukningu. Þá fjölgaði húsvörðum um rúm 11 stöðugildi eða 41% og stuðningsfulltrúum fjölgaði um tæp 11 stöðugildi eða 10%. Þroskaþjálfum fækkaði um tvö stöðugildi eða um 8% og sálfræðingum fækkaði um eitt stöðugildi eða um ríflega helming.

Á Suðurnesjum fimmfölduðust stöðugildi námsráðgjafa á tímabilinu og fjölgaði úr rúmlega einu stöðugildi árið 2004 í rúmlega sex stöðugildi árið 2006. Stuðningsfulltrúum fjölgaði um tæp 15 stöðugildi eða 40% og skólalíðum fjölgaði um 14 stöðugildi eða 35%. Öfugt við Reykjavík þar sem mest fjölgaði í hópi starfsfólks í mótuneytum, þá hefur orðið veruleg fækkun í þessum hópi á Suðurnesjum. Starfsfólki í mótuneytum hér fækkaði um tæp 16 stöðugildi eða 74%. Þetta er merki um það hvernig sveitarfélög leita ólíkra leiða við að leysa sömu verkefni.

Tafla 7.3.6. Annað starfsfólk í grunnskólum 2004–2006 eftir starfssviðum á Vesturlandi, Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra

	Vesturland					Vestfirðir					Norðurlandi vestra				
	2004	2005	2006	breyting	%	2004	2005	2006	breyting	%	2004	2005	2006	breyting	%
Bókasafnsfr og fl	4,3	5,2	2,2	-2,1	-49%	2,5	2,0	2,1	-0,4	-17%	1,2	1,2	0,2	-1,0	-83%
Sálfræðingar	0,8	1,9	0,8	0,0	0%	0,0	0,0	0,0	0,0	0%	0,0	1,0	0,0	0,0	0%
Námsráðgjafar	2,6	1,6	2,5	-0,1	-4%	0,6	0,7	0,8	0,2	33%	0,7	1,0	2,0	1,3	186%
Skólahjúkrunarfr	0,6	1,1	0,6	0,0	0%	0,0	0,0	0,0	0,0	0%	0,5	0,0	1,5	1,0	200%
Þroskaþjálfar	2,5	4,5	4,9	2,4	96%	1,0	0,0	0,0	-1,0	-100%	2,9	2,3	4,2	1,3	44%
Stuðningsfulltrúar	28,7	31,7	25,9	-2,8	-10%	14,7	17,0	15,6	0,9	6%	12,2	13,2	11,1	-1,1	-9%
Ritarar, tölvuumsjón	9,7	10,0	7,1	-2,6	-26%	2,0	2,0	2,0	0,0	0%	4,5	4,2	4,0	-0,5	-10%
Tómstundafulltrúar	0,0	0,0	0,0	0,0	0%	0,0	0,0	0,0	0,0	0%	0,0	1,0	0,0	0,0	0%
Starfsfólk í mótuneytum	12,0	12,9	11,9	-0,2	-2%	5,0	4,1	2,4	-2,6	-52%	18,6	14,6	16,8	-1,9	-10%
Húsvörðir	11,0	9,0	4,0	-7,0	-64%	6,0	6,0	6,8	0,8	13%	10,8	9,5	6,2	-4,5	-42%
Skólalíðar og fl	60,1	61,0	56,8	-3,3	-6%	24,3	20,1	21,9	-2,4	-10%	38,1	45,2	35,7	-2,5	-7%
Annað	1,2	0,0	0,0	-1,2	-100%	1,0	1,0	1,0	0,0	0%	2,6	1,1	3,0	0,4	15%
Samtals	133,6	138,9	116,7	-16,9	-13%	57,1	52,9	52,6	-4,5	-8%	92,2	94,3	84,7	-7,5	-8%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 7.3.6 sýnir þróun á fjölda stöðugilda annars starfsfólks í grunnskólum eftir starfssviðum á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra árin 2004–2006. Á landsvísu fjölgaði stöðugildum þessa hóps um 63 stöðugildi á þessu tímabili eða tæplega 3% eins og lesa má úr töflu 5.2.1. Nokkuð misjafnt er milli landshluta hvernig þróun hefur verið á einstökum starfssviðum.

Á Vesturlandi fækkaði stöðugildum starfsfólks er sinnir öðru en kennslu í grunnskólum um tæp 17 stöðugildi eða 13%. Starfsfólki á öllum starfssviðum fækkaði á tímabilinu eða stendur í stað. Undantekning eru þroskaþjálfar en stöðugildi þeirra tvöfölduðust eða fjölgaði um tæp 2,5 stöðugildi. Hlutfallslega fækkar húsvörðum mest eða um 64% sem nemur 7 stöðugildum.

Á Vestfjörðum fækkaði stöðugildum þessa hóps um 4,5 sem nemur 8%. Fækkun stöðugilda er mest meðal starfsfólks í mótuneytum þar sem þeim fækkar um rúmlega 2,5 stöðugildi eða um helming. Þá fækkaði skólalíðum um tæpt 2,5 stöðugildi eða um 10%. Hins vegar fjölgaði húsvörðum um tæpt stöðugildi eða 13%.

Á Norðurlandi vestra fækkaði stöðugildum annars starfsfólks um 8% eða 7,5 stöðugildi. Stöðugildi skólahjúkrunarfræðinga þrefölduðust á tímabilinu og fjölguðu um eitt stöðugildi, og hið sama má segja um námsráðgjafa. Þá fjölgaði þroskaþjálfum um rúmt stöðugildi eða 44%. Mest fækkaði meðal húsvarða en þeim fækkaði um 4,5 stöðugildi eða 42%, og þá skólalíðum sem fækkaði um 2,5 stöðugildi eða 7%.

Tafla 7.3.7. Annað starfsfólk í grunnskólum 2004–2006 eftir starfsviðum á Norðurlandi eystra, Austurlandi og á Suðurlandi

	Norðurland eystra					Austurland					Suðurland				
	2004	2005	2006	breyting	%	2004	2005	2006	breyting	%	2004	2005	2006	breyting	%
Bókasafnsír og fl	3,4	6,3	4,2	0,8	24%	2,8	2,3	2,0	-0,8	-30%	4,8	4,5	4,2	-0,6	-13%
Sálfræðingar	0,8	0,4	0	-0,8	-100%	0,0	0,0	0,0	0,0	0%	0,3	0,0	1,0	0,7	233%
Námsráðgjafar	4,9	4,1	7,8	2,9	60%	0,2	2,2	3,1	2,9	1425%	0,8	2,8	3,5	2,7	340%
Skólahjúkrunarfr	3,4	3,2	3,5	0,1	2%	0,3	1,3	0,9	0,6	248%	4,5	0,2	1,0	-3,5	-78%
Þroskaþjálfar	10,6	2,6	10,6	0,0	0%	3,0	2,8	1,0	-2,0	-67%	6,0	5,3	4,2	-1,8	-30%
Stuðningsfulltrúar	34,4	27,2	38,8	4,4	13%	10,3	13,7	18,4	8,1	79%	49,5	61,4	65,4	15,9	32%
Ritarar, tölvuumsjón	11,1	9,6	10,1	-1,0	-9%	5,7	6,5	4,3	-1,5	-25%	12,7	10,5	10,1	-2,6	-20%
Tómstundafulltrúar	0,4	0,4	0,4	0,0	0%	0,0	0,0	0,0	0,0	0%	0,0	0,0	0,0	0,0	0%
Starfsfólk í mótuneytum	26,0	27,0	26,8	0,8	3%	7,7	8,6	9,2	1,5	20%	24,9	23,0	22,7	-2,2	-9%
Húsvörðir	16,4	14,5	18,5	2,1	13%	7,7	8,4	9,8	2,1	28%	12,3	12,5	7,5	-4,8	-39%
Skólalíðar og fl	109,3	106,2	90,7	-18,6	-17%	40,7	44,7	50,8	10,0	25%	73,6	62,4	67,4	-6,1	-8%
Annað	1,8	2,7	0,9	-1,0	-54%	1,5	1,0	0,0	-1,5	-100%	3,3	0,0	0,0	-3,3	-100%
Samtals	222,4	204,2	212,3	-10,2	-5%	79,8	91,5	99,3	19,4	24%	192,6	182,6	187,1	-5,6	-3%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 7.3.7 sýnir þróun á fjölda stöðugilda annars starfsfólks í grunnskólum eftir starfssviðum á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra árin 2004–2006. Á landsvísu fjölgaði stöðugildum þessa hóps um 63 stöðugildi á þessu tímabili eða tæplega 3% eins og lesa má úr töflu 5.2.1. Nokkuð misjafnt er milli landshluta hvernig þróun hefur verið á einstökum starfssviðum.

Á Norðurlandi eystra fækkaði stöðugildum þessa starfshóps um rúm tíu stöðugildi eða um 5%. Mestu munar um fækkun meðal skólalíða en þeim fækkar um rúm 18 stöðugildi á tímabilinu 2004–2006 eða um 17%. Námsráðgjöfum fjölgaði um tæp þrjú stöðugildi eða 60% og stuðningsfulltrúum um rúm 4 stöðugildi eða 13%.

Á Austurlandi, öfugt við þá þróun sem við sjáum annars staðar á landsbyggðinni, fjölgaði í þessum starfsmannahóp um rúm 19 stöðugildi eða um fjórðung á tímabilinu. Skólalíðum fjölgaði um tíu stöðugildi eða um fjórðung frá árinu 2004 og stuðningsfulltrúum um átta stöðugildi eða tæp 80%. Árið 2004 var stöðuhlutfall námsráðgjafa 0,2 í landshlutanum en stöðugildum fjölgaðu um 2,9 og eru því ríflega þrjú árið 2006. Þroskaþjálfum fækkaði hins vegar um tvö stöðugildi eða um 67%, og stöðugildum ritara/tölvuumsjón fækkaði um 1,5 eða um fjórðung.

Á Suðurlandi fækkaði stöðugildum þessa starfshóps um rúmlega fimm eða 3%. Skólalíðum fækkaði um sex stöðugildi eða 8% og húsvörðum fækkaði um tæp fimm stöðugildi eða tæp 40%. Stuðningsfulltrúum fjölgaði talsvert eða um tæp 16 stöðugildi sem nemur 32% aukningu á tímabilinu.

7.4 Samantekt

Hér að ofan er rakin þróun í starfsmannahaldi starfsfólks við grunnskólann er ekki sinna kennslu sl. þrjú ár á landsvísu og svo eftir landshlutum. Á landsvísu fækkar skólalíðum mest en einnig fækkaði starfsfólki í mötuneytum. Mesta fjölgunin á landsvísu hefur orðið í stétt stuðningsfulltrúa, námsráðgjafa og þroskaþjálfara. Þróunin er mismunandi eftir landshlutum, en þó má greina ákveðnar línur:

- Sé litið til þróunar á fjölda annars starfsfólks eftir landshlutum kemur í ljós að á höfuðborgarsvæðinu öllu, Suðurnesjum og á Austurlandi fjölgaði í þessum starfsmannahópi, en þróunin í öðrum landshlutum varð á þann veg að stöðugildum þessa hóps fækkaði í heildina.
- Starfsfólki í mötuneytum fækkaði alls staðar nema á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi eystra og á Austurlandi. Þessa þróun má mögulega skýra með aukinni verktöku á þessu sviði, þ.e. að skólaeldhúsin séu boðin út til verktaka. Verktakar eru ekki inn í tölum Hagstofunnar yfir starfsfólk í grunnskóla.
- Námsráðgjöfum fjölgaði í öllum landshlutum nema á Vesturlandi.
- Stuðningsfulltrúum fjölgaði í flestum landshlutum, aðeins á Vesturlandi og Norðurlandi vestra fækkaði þeim.
- Skólalíðum hefur fækkað mest á landsvísu og þeim fækkar í öllum landshlutum fyrir utan á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og á Austurlandi.

7.5 Allt starfsfólk í grunnskóla

Í þessum kafla er fjallað um allt starfsfólk í grunnskóla þ.e. starfsfólk við kennslu og annað starfsfólk. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þessum tveimur starfsmannahópum sitt í hvoru lagi. Árið 2006 eru stöðugildi alls starfsfólks í grunnskóla 6.977 talsins og hefur fjölgað um 176 stöðugildi frá fyrra ári en það nemur 3% aukningu milli ára.

Tafla 7.5.1 Fjöldi stöðugilda starfsfólks í grunnskóla 1998–2006

	Starfsfólk við kennslu	% breyting frá fyrra ári	Annað starfsfólk	% breyting frá fyrra ári	Starfsfólk alls	% breyting frá fyrra ári
1998	3.518		1.419		4.937	
1999	3.703	5%	1.683	19%	5.386	9%
2000	3.784	2%	1.679	0%	5.463	1%
2001	4.273	13%	1.846	10%	6.119	12%
2002	4.437	4%	2.093	13%	6.530	7%
2003	4.440	0%	2.174	4%	6.614	1%
2004	4.460	0%	2.116	-3%	6.576	-1%
2005	4.697	5%	2.104	-1%	6.801	3%
2006	4.798	2%	2.179	4%	6.977	3%
Breyting	1.280		760		2.040	
% breyting	36%		54%		41%	

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Stjórnendur, s.s. skólustjórar, aðstoðarskólustjórar og deildarstjórar ásamt sérkennurum eru flokkaðir með starfsfólki við kennslu. Stöðugildi eru námunduð að heilu tölugildi. Starfsfólk í sjálfstætt starfandi skólum meðtalíð.

Tafla 7.5.1 sýnir þróunina meðal starfsmanna grunnskólans þar sem þeir eru flokkaðir saman er sinna kennslustörfum og svo þeir er sinna öðrum störfum, frá 1998-2006. Á tímabilinu hefur

stöðugildum alls starfsfólks fjölgað um 2.040 eða 41%. Hlutfallsleg breyting milli ára er mest árið 2001, en þá fjölgar stöðugildum alls í grunnskóla um 12% miðað við fyrra ár.

Tafla 7.5.2 Hlutfallsleg skipting kennara og annars starfsfólks 1998–2006

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Starfsfólk við kennslu	71%	69%	69%	70%	68%	67%	68%	69%	69%
Annað starfsfólk	29%	31%	31%	30%	32%	33%	32%	31%	31%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga

Í töflu 7.5.2 kemur fram hlutfallsleg skipting milli starfsfólks við kennslu annars vegar og annars starfsfólks í grunnskóla hins vegar á tímabilinu 1998–2006. Árið 1998 eru stöðugildi kennara 71% af heildarstöðugildafjölda í grunnskóla. Árið 2006 er það hlutfall komið niður 69%, og því ljóst að annað starfsfólk sem hluti af heild hefur fjölgað um tvö hlutfallsstig á tímabilinu.

Tafla 7.5.3 Allt starfsfólk í grunnskóla 2003–2006 eftir landshlutum

	2003			2006			Breyting			% breyting		
	Starfsfólk við kennslu	Annað starfsfólk	Starfsfólk alls	Starfsfólk við kennslu	Annað starfsfólk	Starfsfólk alls	Starfsfólk við kennslu	Annað starfsfólk	Starfsfólk alls	Starfsfólk við kennslu	Annað starfsfólk	Starfsfólk alls
Reykjavík	1.426	709	2.135	1.584	724	2.308	158	15	173	11%	2%	8%
Höfuðsv án Rvk	1.039	541	1.580	1.148	558	1.706	109	17	126	10%	3%	8%
Suðurnes	256	134	390	293	143	436	37	9	46	14%	7%	12%
Vesturland	269	140	409	278	117	395	9	-23	-14	3%	-17%	-3%
Vestfirðir	151	56	207	151	53	204	0	-3	-3	0%	-6%	-2%
Norðurland vestra	162	95	257	142	85	227	-20	-10	-30	-12%	-11%	-12%
Norðurland eystra	464	215	679	507	212	719	43	-3	40	9%	-1%	6%
Austurland	265	94	359	269	99	368	4	5	9	1%	6%	3%
Suðurland	408	190	598	427	187	614	19	-3	16	5%	-2%	3%
Landið allt	4.440	2.174	6.614	4.798	2.179	6.977	358	5	363	8%	0%	5%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Stöðugildi eru námunduð að heilu stöðugildi.

Hér að ofan hefur þróunin verið rakin á landsvísu. Tafla 7.5.3 sýnir þróunina eftir landshlutum árin 2003 og 2006. Starfsfólki við kennslu fjölgar í flestum landshlutum og um 8% á landsvísu frá árinu 2003 eða um 358 stöðugildi. Á sama tíma fjölgar öðru starfsfólki einungis um fimm stöðugildi á landsvísu. Sé litið til allra stöðugilda starfsmanna í grunnskólum þá fjölgar þeim í flestum landshlutum eða um 5% á landsvísu sem samsvarar 363 stöðugildum á þessum fjórum árum. Mest fjölgar þeim á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur eða um 173 stöðugildi eða 8%. Á Suðurnesjum er fjölgunin hlutfallslega mest eða 12%. Á Norðurlandi vestra fækkar starfsfólki alls í grunnskóla um 30 stöðugildi eða um 12%. Einnig fækkar starfsfólki alls í grunnskóla á Vesturlandi og Vestfirðum, eða um 2–3%. Þess má geta að grunnskólum á Vesturlandi fækkaði um þrjá á tímabilinu og um einn á Norðurlandi vestra og á Vestfirðum.

Tafla 7.5.4. Hlutfall kennara og annars starfsfólks eftir landshlutum 2003 og 2006

	2003		2006	
	Starfsfólk við kennslu	Annað starsfólk	Starfsfólk við kennslu	Annað starsfólk
Reykjavík	67%	33%	69%	31%
Höfuðborgarsvæði án Rvk	66%	34%	67%	33%
Suðurnes	66%	34%	67%	33%
Vesturland	66%	34%	70%	30%
Vestfirðir	73%	27%	74%	26%
Norðurland vestra	63%	37%	63%	37%
Norðurland eystra	68%	32%	70%	30%
Austurland	74%	26%	73%	27%
Suðurland	68%	32%	70%	30%
Landið allt	67%	33%	69%	31%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í töflu 7.5.4 hefur starfsfólki við kennslu annars vegar og öðru starfsfólki hins vegar verið stillt upp sem hlutfalli af heildar starfsmannafjölda í grunnskóla eftir landshlutum árin 2003 og 2006. Árið 2003 eru kennarar 67% starfsfólks í grunnskóla á landsvísu og árið 2006 hefur hlutfall þeirra hækkað um tvö hlutfallsstig og er þá 69%. Svipuð þróun hefur átt sér stað í öllum landshlutum, kennurum hefur fjölgað um eitt til tvö hlutfallsstig sem hlutfalli af heildarfjölda starfsfólks í grunnskóla, og um fjögur hlutfallsstig á Vesturlandi. Undantekning frá þessu er þó á Norðurlandi vestra þar sem hlutfall starfsfólks við kennslu breytist ekki á tímabilinu. Hlutfall starfsfólks við kennslu af heildarfjölda starfsmanna árið 2006 er hæst á Vestfjörðum en lægst á Norðurlandi vestra.


Tafla 7.5.5. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi alls starfsfólks í grunnskóla 2003–2006 eftir landshlutum

	2003	2005	2006	Breyting	% breyting
Reykjavík	7,2	6,5	6,4	-0,8	-11%
Höfuðborgarsvæði án Rvk	7,2	7,2	6,7	-0,5	-7%
Suðurnes	7,3	7,6	7,0	-0,2	-3%
Vesturland	6,0	6,0	6,1	0,0	1%
Vestfirðir	6,0	5,8	5,6	-0,4	-7%
Norðurland vestra	5,5	5,4	5,7	0,2	3%
Norðurland eystra	6,5	6,5	5,9	-0,6	-10%
Austurland	5,5	5,1	5,1	-0,3	-6%
Suðurland	6,2	6,2	5,9	-0,3	-4%
Landið allt	6,8	6,5	6,3	-0,5	-7%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tafla 7.5.5 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi starfsmanns í grunnskóla eftir landshlutum árin 2003–2006. Í heildina hefur nemendum fækkað um 7% á hvert stöðugildi starfsmanns í grunnskóla og árið 2006 eru 6,3 nemendur á hvert stöðugildi starfsmanns í grunnskóla. Þetta helst í hendur við það sem áður hefur komið fram. Nemendum hefur fækkað á tímabilinu en starfsfólki við kennslu hefur fjölgað. Nemendum á hvert stöðugildi starfsfólks fækkar í öllum landshlutum nema á Vesturlandi og Norðurlandi vestra. Hlutfallsleg breyting er mest í Reykjavík þar sem nemendum fækkar um 11% á hvert stöðugildi.

Mynd 7.5.1. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi alls starfsfólks 2006 eftir stærð sveitarfélaga



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í mynd 7.5.1. má sjá fjölda nemenda á hvert stöðugildi í grunnskóla eftir stærð sveitarfélaga árið 2006. Nemendur eru fæstir á hvert stöðugildi í minnstu sveitarfélögum, en flestir í sveitarfélögum er hafa 5000 íbúa eða fleiri.

Tafla 7.5.6. Fjöldi nemenda og starfsfólks í grunnskóla 2003–2006

	2003	2004	2005	2006	breyting	% breyting
Nemendur	44.809	44.511	44.336	43.875	-934	-2%
Breyting frá fyrra ári		-0,7%	-0,4%	-1,0%		
Starfsfólk við kennslu	4.440	4.460	4.697	4.798	358	8%
Breyting frá fyrra ári		0,5%	5,3%	2,2%		
Annað starfsfólk	2.174	2.116	2.104	2.179	5	0%
Breyting frá fyrra ári		-2,7%	-0,6%	3,6%		
Allt starfsfólk	6.614	6.576	6.801	6.977	363	5%
Breyting frá fyrra ári		-0,6%	3,4%	2,6%		

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Starfsfólk við kennslu; átt er við grunnskólakennara og kennara án kennsluréttinda.

Skólastjórar, aðstoðarskólustjórar, deildarstjórar og sérkennarar taldir með.

Árið 2006 eru grunnskólanemendur 43.875 talsins og hefur fækkað um 934 eða 2% miðað við árið 2003. Á sama tíma fjölgar starfsfólki við kennslu um 358 stöðugildi eða 8% og eru 4.798 talsins árið 2006. Öðru starfsfólki fjölgar lítillega eða um 5 stöðugildi. Í heildina fjölgar stöðugildum starfsfólks í grunnskóla um 5% á tímabilinu sem eru eingöngu stöðugildi kennara.


Tafla 7.4.7. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks í grunnskóla 2003–2006

	2003	2004	2005	2006	breyting	% breyting
Starfsfólk við kennslu	10,1	10,0	9,4	9,1	-0,9	-9%
Annað starfsfólk	20,6	21,0	21,1	20,1	-0,5	-2%
Allt starfsfólk	6,8	6,8	6,5	6,3	-0,5	-7%

Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Árið 2006 er 9,1 nemandi á hvert stöðugildi kennara á landsvísi og hefur þeim fækkað hlutfallslega um 9% miðað við árið 2003. Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks er sinnir öðru en kennslu fækkar um 2%. Í heildina hefur nemendum fækkað um 7% á hvert stöðugildi starfsfólks í grunnskóla.


Mynd 7.5.2 Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks í grunnskóla 2000–2006 eftir landshlutum



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Að lokum sjáum við hvernig fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks í grunnskóla hefur þróast á árunum, 2000, 2003 og 2006 eftir landshlutum. Í öllum landshlutum er þróunin á þann veg að nemendum á hvert stöðugildi starfsfólks fækkar á tímabilinu.

Mynd 7.5.3 Uppsöfnuð hlutfallsleg þróun fjölda nemenda, starfsfólks við kennslu og annars starfsfólks í grunnskóla 2003–2006



Heimild: Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 7.5.3 sýnir hvernig nemendum fækkar lítillega á tímabilinu eða um rúm 2%. Öðru starfsfólki í grunnskóla fækkaði árin 2004 og 2005 en fjölgaði aftur árið 2006 og er þá svipaður fjöldi við þau störf og voru árið 2003. Starfsfólki við kennslu heldur hins vegar áfram að fjölga og á tímabilinu fjölgaði því um 8% og rúm 2% miðað við árið 2005.

7.6 Samantekt

Í heildina eru stöðugildi starfsfólks í grunnskóla 6.977 talsins árið 2006 og hefur þeim fjölgað um 5% eða 363 stöðugildi frá árinu 2003. Á landsvísu er hlutfall kennara 69% af öllu starfsfólki árið 2006 og hefur hækkað um tvö hlutfallsstig frá árinu 2003. Nemendum á hvert stöðugildi alls starfsfólks í grunnskóla fækkaði um 7% á tímabilinu 2003–2006. Það er í takt við upplýsingar um þróun nemendafjölda og stöðugildafjölda. Á umræddu tímabili hefur nemendum fækkað en starfsfólki í heild hefur fjölgað.

8. Kostnaður vegna grunnskóla


Með lögum um grunnskóla nr. 66/1995 færðist ábyrgð á rekstri og kostnaði við grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga. Ríkið ber þó enn kostnað af tilteknum þáttum er lúta að grunnskóla, s.s samræmdum prófum, kennaramenntun og námsgögnum.

Í þessum kafla verður farið yfir kostnað sveitarfélaga vegna grunnskóla eftir landshlutum, þ.e. það sem grunnskólinn kostar sveitarfélögin, kostnað vegna grunnskóla sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga og kostnað á hvern nemanda. Einnig verður gerð grein fyrir sundurliðun rekstrar eins og hægt er.

8.1. Kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla

Árið 2006 nam kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla 40,8 milljörðum króna eða því sem nemur um 3,5 % af vergri landsframleiðslu sama ár. Allar kostnaðartölur eru í þúsundum króna.

Mynd 8.1.1. Kostnaður sveitarfélaga vegna grunnskóla árið 2006



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Langstærsti kostnaðarliður vegna reksturs grunnskóla eru laun og launatengd gjöld en þau nema um tveimur þriðju af heildarkostnaði. Undir flokkinn annan rekstrarkostnað falla m.a. útgjalda-liðir eins og húsaleiga, vöru- og þjónustukaup, styrkir og framlög.

Tafla 8.1.1. Rekstrarreikningur sveitarfélaga árið 2006 vegna grunnskóla

	Alls
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-2.577.097
Tekjur alls	-2.577.097
Laun og launatengd gjöld	26.743.182
Annar rekstrarkostnaður	14.052.387
Kostnaður alls (brúttó)	40.795.568
Rekstrarútgjöld (nettó)	38.218.471

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Tvö fámenn sveitarfélög skiluðu ekki ársreikningi í tíma. Allar tölur í þús.kr.

Kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla var rétt tæpir 40,8 ma.kr. árið 2006. Þjónustutekjur og aðrar tekjur vegna málaflokksins eru rúmir 2,5 ma.kr. og eru rekstrarútgjöldin nettó því ríflega 38,2 ma.kr. á árinu 2006. Í þessum kafla verður fjallað um heildarkostnað vegna reksturs grunnskóla og þjónustutekjur því ekki dregnar frá.

Tafla 8.1.2 Kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla 2003–2006

	2003	2004	2005	2006	Breyting	% breyting
Rekstrarkostnaður	35.676.662	35.054.559	39.192.247	40.795.568	5.118.906	14%
Breyting frá fyrra ári		- 622.103	4.137.688	1.603.321		
% breyting frá fyrra ári		-2%	12%	4%		

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Allar tölur í þúsundum króna. Kostnaður er uppreiknaður á verðlagi ársins 2006

Á tímabilinu 2003–2006 jókst rekstrarkostnaður vegna grunnskóla um rúma 5 ma.kr. eða 14%. Kostnaðartölur eru uppreiknaðar á verðlagi ársins 2006. Hlutfallsleg breyting er mest milli árána 2004 og 2005 en þá jókst rekstrarkostnaður vegna grunnskóla um 12% eða ríflega 4 milljarða króna. Árið 2006 stóð rekstrarkostnaður í tæpum 40,8 ma.kr. og hækkaði um 1,6 ma.kr. frá fyrra ári og nam aukningin 4%.

Tafla 8.1.3. Rekstrarkostnaður sveitarfélaga vegna grunnskóla 2003–2006 eftir landshlutum


Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Kostnaður er uppreiknaður á verðlagi ársins 2006. Tölur í þús.kr.

Í töflu 8.1.3. má sjá kostnað sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla eftir landshlutum 2003–2006 og breytingu á tímabilinu. Á landsvísu hefur kostnaður aukist um 14% eða rúma fimm milljarða árið 2006 miðað við árið 2003. Ríflega 70% f þeim kostnaðarauka verður á höfuðborgarsvæðinu að Reykjavík meðtalinni en þar eykst kostnaður samtals um 3,6 ma.kr.

Kostnaður eykst í öllum landshlutum á tímabilinu, allt frá ríflega 3% á Vesturlandi til rúmlega 26% aukningar á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur. Hlutfallsleg aukning er mest í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur og á Suðurnesjum. Undantekning á þessu er á Norðurlandi vestra en þar lækkar rekstrarkostnaður vegna grunnskóla á tímabilinu um 13%, en áður hefur komið fram að starfsfólki við kennslu, sem og öðru starfsfólki í grunnskóla, fækkaði þar á tímabilinu.

Mynd 8.1.2. Kostnaður sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla 2003–2006



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Kostnaður er uppreiknaður á verðlagi ársins 2005. Tölur í þús.kr.

Í mynd 8.1.2 eru upplýsingar um heildarkostnað sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla árin 2003–2006 úr töflu 8.1.2 settar fram á myndrænan hátt. Árið 2004 lækkar kostnaður lítillega frá fyrra ári, en árið 2005 hækkar kostnaður um 12% frá fyrra ári. Þann 17. nóvember 2004 var undirritaður nýr kjarasamningur Kennarasambands Íslands og launanevndar sveitarfélaga. Sá samningur fól m.a. í sér hækkanir á launatöflu þann 01. október 2004 um 5,5%, þann 01. janúar 2005 um 3% og svo aftur þann 1. ágúst sama ár um 9,27%. Þann 1. janúar árið 2006 hækkaði taflan um 2,5% og 2007–2008 mun taflan hækka um 2,25% um hvor áramót. Þessar hækkanir eru þó háðar því að samningnum verði ekki sagt upp á tímabilinu.

Tafla 8.1.4 Rekstrarkostnaður vegna grunnskóla 2005–2006 eftir stærð sveitarfélaga

	2005	2006	Breyting	% breyting
< 500 íbúar	1.950.040	1.367.218	-582.822	-30%
501-2000	5.130.860	4.695.002	-435.858	-8%
2001-5000	5.397.517	5.641.425	243.908	5%
5001 >	13.192.562	15.295.837	2.103.275	16%
Reykjavík	13.501.625	13.795.353	293.728	2%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.


Tafla 8.1.4 sýnir rekstrarkostnað eftir stærð sveitarfélaga þar sem sveitarfélög eru flokkuð í stærðarflokka. Athygli vekur að rekstrarkostnaður í tveimur fámennari hópunum lækkaði milli árana 2005–2006. Skýring á þessu er fjölgun íbúa í einstökum sveitarfélögum og sameiningar enda fækkaði sveitarfélögum talsvert með 500 íbúa og færri árið 2006 miðað við árið 2005 og nokkur fækkun varð líka meðal sveitarfélaga með 501-2.000 íbúa. Á hinn bóginn fjölgaði sveitarfélögum mikið milli ára með 2.001–5.000 íbúa.

8.2. Rekstrarútgjöld í hlutfalli af skatttekjum

Hér að framan er greint frá því hve mikið sveitarfélög greiða í rekstrarkostnað vegna grunnskóla. Það er ekki síður fróðlegt að skoða hlutfall rekstrarútgjalda af skatttekjum þeirra, þ.e. hversu miklu af heildarskatttekjum sínum sveitarfélög verja í útgjöld vegna reksturs grunnskóla.

Skatttekjur sveitarfélaga eru útsvar, fasteignaskattur, greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og aðrar tekjur er hafa skattalegt ígildi.

Mynd 8.2.1. Rekstrarútgjöld vegna grunnskóla sem hlutfall af skatttekjum 2005–2006




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Um er að ræða vegið meðaltal landshluta og svo á landsvísu. Reiknað er hlutfall rekstrarútgjalda af skatttekjum, þ.e. sá kostnaður sem stendur eftir þegar þjónustutekjur hafa verið dregnar frá.

Á mynd 8.2.1. má sjá rekstrarútgjöld sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga eftir landshlutum árið 2006. Rekstrarútgjöld allra sveitarfélaga vegna grunnskóla nemur ríflega 35% af skatttekjum þeirra árið 2006. Sem hlutfall af skatttekjum er kostnaðarbyrðin hæst árið 2006 á Norðurlandi vestra, eða 40%, og Suðurlandi eða rúm 39%. Lægst er hún á Austurlandi eða um 30%. Hafa skal í huga að kostnaðarbyrði sveitarfélaga innan landshluta er afar misjöfn. Munur á kostnaðarbyrði sveitarfélaga innan landshluta er síst minni en munur þeirra milli landshluta.

Mynd 8.2.2. Flokkun á hlutfalli rekstrarútgjalda af skatttekjum sveitarfélaga árið 2006




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Reiknað er hlutfall rekstrarútgjalda af skatttekjum, þ.e. sá kostnaður sem stendur eftir þegar þjónustutekjur hafa verið dregnar frá.

Á mynd 8.2.2. kemur fram að í 61 sveitarfélagi liggur hlutfall rekstrarútgjalda vegna grunnskóla af skatttekjum á bilinu 31–50%. Í fjórum sveitarfélögum er hlutfallið 51–70% og 3 sveitarfélög verja meira en 71% af skatttekjum sínum til grunnskóla. Rétt er að benda á að þar sem rekstrarútgjöld eru hlutfallslega lægst er um sérstakar aðstæður að ræða. Annars vegar eru fámenn sveitarfélög sem ekki starfrækja grunnskóla sjálf en gert hafa samninga við stærri sveitarfélög um fræðslu grunnskólabarna gegn umsaminni greiðslu. Hins vegar er sveitarfélag þar sem skatttekjur hafa aukist gríðarlega mikið á undanförunum árum.

Mynd 8.2.3. Hlutfall rekstrarútgjalda af skatttekjum sveitarfélaga 2006




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýring: Reiknað er hlutfall rekstrarútgjalda, þ.e. sá kostnaður sem stendur eftir þegar þjónustutekjur hafa verið dregnar frá, af skatttekjum.

Á mynd 8.2.3. kemur fram dreifing sveitarfélaga á því hve háu hlutfalli þau verja af skatttekjum sínum til rekstrarútgjalda vegna grunnskóla. Myndin sýnir að dreifingin er mikil, allt frá því að sveitarfélög verja 13% af skatttekjum sínum til málaflokksins og upp í 73%. Hér skal aftur áréttað að þar sem rekstrarútgjöld sem hlutfall af skatttekjum eru lægst er um fámenn sveitarfélög að ræða sem ekki reka skóla sjálf en greiða rekstrarframlag til skóla vegna fræðslu barna sveitarfélagsins og í einu tilviki hafa skatttekjur aukist gríðarlega undanfarin ár. Í flestum sveitarfélögum er hlutfallið á bilinu 31–50%. Í einstaka sveitarfélögum er hlutfallið undir 30% og yfir 61%.

Að endingu er fróðlegt að skoða þessa kennitölu eftir stærð sveitarfélaga.

Mynd 8.2.4. Hlutfall rekstrarútgjalda af skatttekjum sveitarfélaga 2006



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skýring: Reiknað er hlutfall rekstrarútgjalda af skatttekjum, þ.e. sá kostnaður sem stendur eftir þegar þjónustutekjur hafa verið dregnar frá

Á mynd 8.2.4. má sjá hve háu hlutfalli af skatttekjum sínum sveitarfélög verja beint til reksturs grunnskóla eftir stærð þeirra. Gefið er upp vegið meðaltal fyrir hvern hóp sveitarfélags ásamt hæsta og lægsta gildi sem gefur vísbendingu um dreifingu innan hvers hóps. Vegið meðaltal hjá sveitarfélögum með 500 eða færri íbúa er 44%. Hæst er hlutfallið 73% og lægst 22% í þeim stærðarhópi. Með því að flokka gögnin eftir stærð sveitarfélaga kemur glögg í ljós að því fámennari sem sveitarfélög eru því herra hlutfalli verja þau til reksturs grunnskólans. Í flokki sveitarfélaga með 2.001–5.000 íbúa er lægsta gildið 13%, en um er að ræða sveitarfélag þar sem ekki er rekinn grunnskóli og skatttekjur hafa aukist mikið sl. ár.

8.3. Rekstrarkostnaður á hvern nemanda

Rekstrarkostnaður vegna grunnskóla á hvern nemanda er ein kennitala sem gjarnan er litið til, þ.e. hvað hver nemandi kostar sveitarfélagið. Hafa verður í huga að staðbundnar aðstæður og innri gerð landssvæða getur haft mikil áhrif á rekstrarkostnað vegna lögbundinnar þjónustu. Þannig er erfitt á fámennum og strjálbýlum svæðum að samnýta mannvirki og þekkingu og þar eru minni og óhagkvæmari rekstrareiningar en í fjölmennari sveitarfélögum.

Tafla 8.3.1. Rekstrarkostnaður á hvern nemanda 2003–2006 eftir landshlutum


	2003	2004	2005	2006	Breyting	% breyting
Reykjavík	790	786	887	922	132	17%
Höfuðborgarsvæði án Rvk	728	699	802	905	177	24%
Suðurnes	714	699	789	793	80	11%
Vesturland	875	884	944	910	35	4%
Vestfirðir	803	785	902	951	148	18%
Norðurland vestra	1.021	987	1.072	962	-59	-6%
Norðurland eystra	793	781	860	925	132	17%
Austurland	928	968	1.089	1.085	157	17%
Suðurland	898	878	989	1.015	117	13%
Landið allt	797	785	882	925	128	16%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skýring: Tölur í þús.kr. og uppreiknað á verðlagi ársins 2006. Vegið meðaltal landshluta og á landsvísu. Nemendafjöldi fyrir hvert ár er reiknaður út frá tveimur skólaárum og reiknað meðaltal þeirra. Athygli er vakin á því að kostnaður á hvern nemanda á landsvísu er lægri árið 2004 miðað við árið 2003 þrátt fyrir að nemendum fækkaði á sama tíma. Líklegt má telja að skýringu megi að einhverju leyti rekja til verkfalls grunnskólakennara haustið 2004.

Rekstrarkostnaður á hvern nemanda árið 2006 á landsvísu er 925 þús.kr. og hefur hækkað um 128 þús. kr. eða 16% miðað við árið 2003. Það er í samræmi við þá kostnaðarþróun sem lýst var í kafla 8.1. Kostnaður á hvern nemanda hækkar mest á tímabilinu á höfuðborgarsvæði utan Reykjavíkur og á Austurlandi. Kostnaður á hvern nemanda hækkar á öllum landssvæðum nema á Norðurlandi vestra. Þar lækkaði kostnaðurinn um 6% á tímabilinu enda fækkaði starfsfólki þar eins og lýst var í 7. Kafla. Árið 2006 er rekstrarkostnaður á hvern nemanda hæstur á Austurlandi en lægstur á Suðurnesjum.


Mynd 8.3.1. Rekstrarkostnaður á hvern nemanda 2003–2006 eftir landshlutum



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í mynd 8.3.1. eru gögn úr töflu 8.3.1. sett fram á myndrænan hátt. Árin 2003 og 2004 er rekstrarkostnaður á hvern nemanda hæstur á Norðurlandi vestra og árin 2005 og 2006 á Austurlandi. Lægstur er hann allt tímabilið á Suðurnesjum.

Mynd 8.3.2. Uppsöfnuð hlutfallsleg þróun kostnaðar á hvern nemanda 2003–2006



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Á mynd 8.3.2. má sjá uppsafnaða hlutfallslega þróun rekstrarkostnaðar á hvern nemanda 2003–2006.

Tafla 8.3.2 Rekstrarkostnaður á hvern nemanda árin 2003–2006

	Rekstrarkostnaður á hvern nemanda	% breyting frá fyrra ári
2003	797	0
2004	785	-1,5%
2005	882	12,4%
2006	925	4,8%
Breyting	128	
% breyting	16%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skýring: Tölur í þús. króna og uppreiknað á verðlagi ársins 2006. Vegið meðaltal landshluta og á landsvísu. Nemendafjöldi fyrir hvert ár er reiknaður út frá tveimur skólaárum og reiknað meðaltal þeirra.

Á tímabilinu 2003–2004 hækkaði rekstrarkostnaður á hvern nemanda um 128 þúsund krónur eða 16%. kostnaður á hvern nemanda lækkaði um 1,5% árið 2004 miðað við fyrra ár. Árið 2005 hækkaði hann um 12,4% miðað við fyrra ár. Kjarasamningur Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands 2005 áttu þar stærstan hlut að máli. Árið 2006 hækkaði kostnaður um 4,8% milli ára.

Tafla 8.3.3 Rekstrarkostnaður á hvern nemanda 2006 eftir stærð sveitarfélaga


	Lægsta gildi	Vegið meðaltal	Hæsta gildi	Munur á hæsta og lægsta gildi
< 500 íbúar	720	1.338	4.402	3.682
501-2000	618	1.050	2.042	1.424
2001-5000	656	890	1.113	457
5001 >	781	876	1.088	307
Reykjavík		922		

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skýring: Tölur í þús.kr. Vegið meðaltal hvers hóps ásamt hæsta og lægsta gildi. Nemendafjöldi fyrir hvert ár er reiknaður út frá tveimur skólaárum og reiknað meðaltal þeirra.

Í töflu 8.3.3 er búið að flokka rekstrarkostnað á hvern nemanda eftir stærð sveitarfélaga. Reiknað er vegið meðaltal fyrir hvern stærðarhóp. Að auki er uppgengið lægsta og hæsta gildi innan hvers hóps sem er vísbending um mun innan hópa. Vegið meðaltal rekstrarkostnaðar á hvern nemanda er hæst í fámennustu sveitarfélögunum eða 1.338 þús.kr., og lækkar eftir því sem sveitarfélögin eru fjölmennari. Þó er þessi lykiltala hærrí í Reykjavík en meðal annarra sveitarfélaga með 2001 íbúa og yfir. Munurinn er þó ekki síst minni innan hvers hóps og milli hópa. Þannig munar heilum 3.682 þús.kr. á hvern nemanda á lægsta og hæsta gildi meðal sveitarfélaga með 500 íbúa eða færri. Munur innan hóps, eða dreifingin, minnkar eftir því sem sveitarfélögin eru fjölmennari.

Mynd 8.3.3. Rekstrarkostnaður á hvern nemanda 2006 eftir stærð sveitarfélaga



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skýring: Tölur í þús. króna. Vegið meðaltal hvers hóps ásamt hæsta og lægsta gildi. Nemendafj. fyrir hvert ár er reiknaður út frá tveimur skólaárum og reiknað meðaltal þeirra.

Á mynd 8.3.3. eru upplýsingar úr töflu 8.3.3 settar fram á myndrænan hátt. Það sveitarfélag sem býr við hæstan rekstrarkostnað á hvern nemanda ver rúmum 4,4 m.kr. á hvern nemanda. Um er að ræða afar fámennt sveitarfélag með afar fáa nemendum. Mest er dreifing meðal fámennari sveitarfélaga, og minnkar eftir því sem sveitarfélögin verða stærri.

8.4 Samantekt

Árið 2006 nam heildarkostnaður sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla 40,8 ma.kr. eða um 3,5% af vergri landsframleiðslu sama ár. Stærsti kostnaðarliður eru laun og launatengd gjöld en þau nema um 2/3 af heildarkostnaði. Á tímabilinu 2003–2006 jókst kostnaður um rúma 5 ma.kr. sem samsvarar 14% aukningu. Milli árana 2004 og 2005 jókst kostnaður um tæp 12% sem má rekja til nýs kjarasamnings milli launanevndar og Kennarasambands Íslands árið 2005.

Sveitarfélög verja mismiklu hlutfalli af skatttekjum sínum vegna heildarrekstrarkostnaðar grunnskólans, allt frá 13% til tæplega 73%. Meðaltal allra sveitarfélaga eru 40% en vegið meðaltal á landsvísu er rúmlega 35%. Flest sveitarfélög verja 31–50% af skatttekjum sínum til grunnskóla eða 61 þeirra. Fámennari sveitarfélög verja herra hlutfalli af skatttekjum til málaflokksins en hin fjölmennari.

Kostnaður á hvern nemanda árið 2006 nam 925 þús.kr. og hefur hækkað um 16% frá árinu 2003. Árið 2006 er kostnaður á hvern nemanda hæstur á Austurlandi og er hann 37% hærri en á Suðurnesjum, þar sem hann er lægstur á hvern nemanda.

SKÓLAMÁLANEFND SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 18. febrúar 2005 var samþykkt að setja á fót skólamálanefnd sambandsins. Samþykktin byggði á tillögum sem fram komu á grunnskólaþingi sambandsins sem haldið var árið 2004. Á þinginu var m.a. lagt til að sambandið styrkti skrifstofu sína gagnvart skólamálum og yrði virkari stefnumótunar- og samræmingaraðili í þeim málaflokki. Í þeim tilgangi var jafnframt ráðið í nýtt starf þróunar- og skólafulltrúa á skrifstofu sambandsins. Skólamálanefnd kom saman til fyrsta fundar í ágúst 2005. Í nefndina voru kjörin Gerður G. Óskarsdóttir, þáverandi fræðslustjóri í Reykjavík, Gunnar Gíslason, fræðslustjóri á Akureyri og Gunnar Einarsson, þáverandi forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar og núverandi bæjarstjóri. Fljótlega var ákveðið að stækka nefndina og auka vægi landsbyggðar í henni. Tók Kristín Hreinsdóttir, forstöðumaður Skólaskrifstofu Suðurlands sæti í nefndinni í janúar 2006. Við fræðslustjóraskipti í Reykjavík á árinu 2007 tók núverandi fræðslustjóri, Ragnar Þorsteinsson, sæti Gerðar.

Hlutverk skólamálanefndar

Samkvæmt erindisbréfi skólamálanefndar er hlutverk hennar:

- að vera ráðgefandi fyrir stjórn og starfsemi sambandsins í skólamálum, þ.e. málefnum leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla, svo og öðrum skóla- og fræðslumálum sem snerta sveitarfélög.

Helstu verkefni skólamálanefndar eru að:

- gefa umsagnir um skólamál að beiðni stjórnar og starfsmanna sambandsins.
- taka þátt í undirbúningi stefnumótunar sambandsins á sviði skólamála
- vera til ráðgjafar á sviði skólamála við gerð árlegra starfsáætlana sambandsins
- vekja athygli á þróun og breytingum í skólamálum, innanlands og erlendis, sem nefndin telur þörf á að sambandið vinni að eða miðli upplýsingum um
- vekja athygli á málum í rekstri og starfsemi skóla sveitarfélaga sem nefndin telur að þarfnist úrlausnar á vettvangi sambandsins
- vera til ráðgjafar við undirbúning viðburða sambandsins á sviði skólamála, svo sem ráðstefna, þinga og námskeiða

Fundir skólamálanefndar fara fram mánaðarlega að jafnaði. Skólafulltrúi boðar fundi með skriflegri dagskrá og gengur frá fundargerðum í samráði við fundarmenn. Fundargerðir skólamálanefndar eru lagðar fyrir næsta stjórnarfund sambandsins til kynningar og birtar á vef sambandsins í kjölfarið á slóðinni <http://www.samband.is/files.asp?id=1688>.

Verkefni skólamálanefndar

Frá því nefndin tók til starfa og hélt sinn fyrsta fund 17. ágúst 2005 hafa alls verið haldnir 26 fundir. Verkefni skólamálanefndar hafa verið afar fjölbætt og yfirgripsmikil og er vísað á ofangreinda slóð inn á fundargerðir nefndarinnar til frekari upplýsingar um störf hennar. Þá hefur skólamálanefnd jafnframt fylgst grannt með vinnu við endurskoðun laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla auk vinnu annarra nefnda og starfshópa sem starfað hafa að undanfögnu í

menntamálaráðuneytinu að málefnum sem snerta málefni skóla og menntunar. Skólamálanefnd kom að skipulagningu og framkvæmd bæði málstofu með rannsakendum skólamála sem haldin var í mars 2006, norrænu skólamálaráðstefnunni Brennpunkt Norden í maí 2007 og Skólaþingi í nóvember 2007. Fjöldi gesta hefur komið á fundi skólamálanefndar í tengslum við umfjöllun um einstök mál sem og hefur nefndin gott samstarf við sérfræðinga og sviðsstjóra sambandsins í sama skyni.

Stefnt er að því að halda Skólaþing sveitarfélaga annað hvert ár og hitt árið málstofu um skólamál með svipuðu sniði og í mars 2006 með þátttöku rannsakenda og annarra sérfræðinga á sviði málefna skóla og menntunar. Málstofa sveitarfélaga um skólamál verður jafnframt vettvangur fyrir sveitarfélög sem unnið hafa að nýbreytni- og þróunarverkefnum á sviði skólamála til þess að gera grein fyrir þeim og kynna öðrum sveitarfélögum árangurinn.

Eitt stærsta verkefni skólamálanefndar sl. ár hefur verið vinna við fyrstu stefnumörkun sambandsins í skólamálum sem tekin verður til umfjöllunar á því skólaþingi sem nú er haldið. Það starf grundvallast á tillögu sem fram kom á grunnskólaþingi sambandsins árið 2004 um að mótuð yrði sameiginlega skólastefna á vettvangi sambandsins í skólamálum. Tilgangur stefnumörkunarinnar er fyrst og fremst sá að greina frá hlutverki sambandsins og áherslum í þessum stóra og fjölbætta málaflokki og hvernig það hyggt uppfylla það hlutverki sitt að vera bakhjarl sveitarfélaga vegna starfrækslu skóla og gæta hagsmuna þeirra gagnvart ríki og öðrum hagsmunaaðilum. Um það má lesa í ítarlegri greinargerð sem fylgir stefnuþlagginu og útfærslu einstakra verkefna skilgreind í árlegum starfsáætlunum viðkomandi sviða sambandsins.

Þá má nefna að skólamálanefndinni hefur öll tekið virkan þátt í því mikla verkefni sem unnið er á grundvelli tímasettrar aðgerðaáætlunar sem er hluti samkomulags Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna grunnskólans frá 8. mars sl., um mótun framtíðarsýnar fyrir grunnskólann, sem, auk annarra gagna, er ætlað að liggja til grundvallar undirbúningi kjarasamninga.

Það er því óhætt að segja að ærin verkefni hafi beðið skólamálanefndar strax frá upphafi og veruleg þörf hafi verið fyrir slíkt starf innan vébanda Sambands íslenskra sveitarfélaga eins og bent var á grunnskólaþinginu.

Starfsmaður skólamálanefndar og tengiliður við skólaskrifstofur landsins er Svandís Ingimundardóttir, þróunar- og skólafulltrúi.

BREYTT VINNUBRÖGÐ Í SAMSKIPTUM LN OG KÍ VEGNA GRUNNSKÓLANS

Tímasett aðgerðaáætlun er hluti samkomulags Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna grunnskóla sem undirritað var 8. mars 2007 um framkvæmd greinar í kjarasamningi aðila um forsenduákvæði.

Á grundvelli áætlunarinnar hafa tveir aðgreindir vinnuferlar verið í gangi. Annars vegar sá er tekur til faglegra málefna grunnskólans en hins vegar þess kjaralega. Hópur fólks hefur unnið að mótun framtíðarsýnar um málefni grunnskólans undir stjórn Hrannar Pétursdóttur verkefnisstjóra frá því í vor. Í þeim hópi eru 10 fulltrúar sveitarfélaga, að skólamálanefnd sambandsins meðtalinni og tveimur starfsmönnum þess, átta fulltrúar Félags grunnskólakennara og fimm fulltrúar Skólastjórafélags Íslands. Markmið starfsins er að finna leiðir til jákvæðrar skólaþróunar og að setja fram sameiginlega framtíðarsýn fyrir grunnskólann sem höfð verður til hliðsjónar við næstu kjaraviðræður. Haldnir hafa verið 3 heilsdagsvinnufundir þar sem hópurinn allur er saman kominn. Honum var svo skipt upp í 4 smærri vinnuhópa og þess gætt að allir aðilar ættu aðkomu að hverjum og einum. Hverjum hópi var ætlað að vinna með eina ákveðna vídd af fjórum í stefnumótunarferlinu (t.d. þjónustu- eða fjármálavídd) og setja niður markmið, leiðir og aðgerðir til þess að ná árangri við að uppfylla ákveðna stefnuþætti. Hefur hver hópur fundað að jafnaði þrisvar sinnum og nú stendur fyrir dyrum lokafundur alls hópsins í þessu vinnuferli.

Hins vegar hefur kjarasvið sambandsins á grundvelli áætlunarinnar í samstarfi við fulltrúa KÍ unnið að mikilli greiningar- og samanburðarvinnu á kjörum grunnskólakennara og skólastjórnenda til að undirbúa næstu kjarasamningsgerð. Í upphafi ársins 2008 munu kjaraviðræður aðila hefjast vegna nýs kjarasamnings sem stefnt er að því að undirrita í maí 2008 en þá rennur gildandi kjarasamningur út.

Í markmiðslýsingu samkomulagsins um aðgerðaáætlunina kemur fram að samningsaðilar eru sammála um að setja sér það markmið og leiðarljós að þegar eiginlegar kjaraviðræður hefjist í janúar 2008 liggi fyrir sem bestar upplýsingar um skólastarfið, framtíðarsýn sveitarstjórnarmanna, skólastjórnenda, kennara og foreldra á því hvernig skólastarfinu verði best hagað. Einnig liggi fyrir sameiginlegt mat á áhrifum núverandi kjarasamnings á skólastarfið, nákvæmar upplýsingar um kjör kennara og samanburður á kjörum þeirra við sambærilegar starfsstéttir og launaþróun undanfarin ár. Jafnframt þessu hefur sameiginlega verið unnið að því að skilgreina nánar þarfir og tilgang upplýsingaöflunar um einstaka þætti og kappkostað að ná hverju sinni samstöðu um að upplýsingarnar endurspegli þær staðreyndir sem leitað er eftir.

Gert er ráð fyrir því gildandi kjarasamningur verði greindur m.t.t. þeirrar framtíðarsýnar og hugmynda um skólaþróun sem aðilar verða sammála um og leitast verður við að skilgreina hverju þurfi að breyta í kjarasamningi svo ákvæði hans styðji við nauðsynlega framþróun í samræmi við sameiginlega framtíðarsýn í skólamálum.

Samvinnan sem þessi aðgerðaáætlun hefur lagt grunninn að felur í sér ný og betri vinnubrögð af beggja hálfu og gefur væntingar um aukið traust, faglegru vinnubrögð og að meiri friður ríki milli aðila en áður við gerð næsta kjarasamnings. Ljóst er, nú þegar reynsla er komin á þetta vinnulag, að aðilar eru sammála um að vel hafi tekist til og telja að afrakstur starfsins komi til með að standa undir þeim væntingum sem grunnur var lagður að við undirritun samkomulagsins frá 8. mars sl. Miklu máli skiptir að hægt sé að ræða fagleg málefni grunnskólans óháð þeim kjaralegu og er það mál manna, sem að þessu samstarfsverkefni hafa komið, að þar hafi vel tekist til. Alltof

oft hafa kjaraleg málefni starfsfólks grunnskólanna fengið of mikla athygli og yfirskyggt það mikla og metnaðarfulla starf sem grunnskólar sveitarfélaganna standa fyrir.

HEILDARENDURSKOÐUN LÖGGJAFAR UM ÖLL SKÓLASTIG

Menntamálaráðherra ákvað á síðasta kjörtímabili að ráðist skyldi í heildarendurskoðun laga um öll skólastig og fer nú að sjá fyrir enda þess umfangsmikla starfs. Ný lög um háskóla tóku gildi 1. júlí 2006 og einnig voru ný lög um námsgögn samþykkt á vörþingi 2007. Frumvörp til laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eru á lokastigi vinnslu í menntamálaráðuneytinu. Einnig stefnir menntamálaráðherra að því að leggja fram frumvarp til laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum kennara og skólastjórnenda á leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur átt fulltrúa í nefndum sem unnið hafa að gerð ofangreindra lagafrumvarpa, utan háskólafrumvarpsins, sem og í ýmsum starfshópum sem fjallað hafa um málefni í tengslum við þá vinnu.

Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla bíða enn endurskoðunar þrátt fyrir að menntamálaráðherra hafi skipað nefnd til þeirrar vinnu í ársbyrjun 2004. Sambandið hefur ítrekað vakið athygli ráðuneytisins á nauðsyn þess að umrædd endurskoðun hefjist og ábyrgðar- og kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga varðandi tónlistar-nám grunn- og framhaldsskólanema verði til lykta leidd. Ekkert samkomulag er lengur til staðar milli ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum og hafa óskýrar reglur um listnám valdið mörgum sveitarfélögum og tónlistarskólunemendum ófyrirsjáanlegum útgjöldum og tjóni. Má geta þess að í aprílmánuði 2007 kvað umboðsmaður Alþingis upp álit er varðaði kvartanir sem honum höfðu borist á grundvelli laganna, þar sem hann komst meðal annars að þeirri niðurstöðu að ríkinu bæri skylda til að greiða kostnað nemenda á listnámsbrautum framhalds-skóla sem sækja nám í tónlistarskólum en um alllangt skeið höfðu ríki og sveitarfélög deilt um hvor aðilinn bæri ábyrgð á námi þessara nemenda.

Þann 2. febrúar 2006 undirritaði menntamálaráðherra samkomulag við Kennarasamband Íslands um vinnu að verkefnum sem stuðla skyldu að betra og sveigjanlegra skólakerfi á grundvelli heildarendurskoðunar á námi og breyttrar námsskipunar skólastiganna. Samband íslenskra sveitarfélaga óskaði formlega eftir skýringum menntamálaráðherra á því að einungis var um að ræða tvíhliða samkomulag en ekki leitað jafnframt eftir samstarfi við sveitarfélögin, lögskylda rekstraraðila leik- og grunnskóla. Að áliti sambandsins varða langflest atriði samkomulagsins skólalald á leik- og grunnskólastigi. Í svarbréfi ráðherra kom fram að samkomulagið væri gert *„...vegna þeirra breytinga sem framundan eru á námsskipan til stúdentsprófs...“* *„...enda hagsmunamál komandi kynslóða að það verkefni sé unnið á faglegan hátt til að tryggja áfram gæði náms.“*². Þá segir í bréfinu að í þeim tilvikum þar sem breytingar munu hafa áhrif á rekstur grunnskólans og leikskólans, sem eru á forræði sveitarfélaganna, verði að sjálfsgöðu haft fullt samráð við fulltrúa sveitarfélaga.

Vinna við endurskoðun laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hófst árið 2006 og skiluðu nefndir tillögum um tvö fyrrnefndu frumvörpin í apríl 2007. Samband íslenskra sveitarfélaga átti 2 fulltrúa í hvorri nefnd. Nefnd um endurskoðun laga um framhaldsskóla hefur ekki skilað endanlegum tillögum þegar þessi orð eru rituð. Sambandið á áheyrnarfulltrúa í þeirri nefnd. Menntamálaráðherra stefnir að því að leggja öll frumvörpin fram á Alþingi í nóvember. Nefnd um endurskoðun lögverndunarlaga skilaði tillögum til ráðherra í nóvember 2006.

² Úr bréfi menntamálaráðherra til framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 14.02.06.

Grundvallarbreytingar hafa verið gerðar á því frumvarpi síðan í menntamálaráðuneytinu og hefur Samband íslenskra sveitarfélaga komið athugasemdum á framfæri við ráðuneytið. Frumvarpið er til frekari skoðunar í ráðuneytinu og mun sambandið hafa beina aðkomu að þeirri vinnu. Jafnframt hefur sambandið óskað eftir því á að lög um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla verði tekin til endurskoðunar.

Nefndafulltrúar sveitarfélaganna vegna endurskoðunar laga um leik- og grunnskóla lögðu fram við upphaf nefndastarfsins *Áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna endurskoðunar laga um leikskóla og grunnskóla*. Þessar áherslur, ásamt þeim fyrirvörum sem þeir settu við skil frumvarpstillagnanna til ráðherra, er að finna í fylgiskjólum með Skólaskýrslunni. Þar eru einnig skilabréf nefndanna eða nefndarálit til ráðherra sem fylgdu tillögum þeirra til lagafrumvarpa um leik- og grunnskóla. Hér á eftir verður gerð grein fyrir ýmsum þeim breytingum sem stefnt er að með endurskoðun laga um leikskóla og grunnskóla. Tekið skal fram að aðeins er tæpt á ýmsum helstu atriðum en ekki er tímabært að fjalla ítarlega um efni frumvarpanna að öðru leyti þar sem þau kunna enn að taka einhverjum breytingum áður en þau verða lögð fram á Alþingi.

Aukinn sveigjanleiki í námi

Almennt má segja að með frumvörpunum er stefnt að auknum sveigjanleika við upphaf og lok skólaskyldu. Gert er ráð fyrir að félagsþroski og námsframvinda ráði því hvenær nemendur ljúki leikskólanámi og hefji nám í grunnskóla og geti foreldrar eða forráðamenn barns sótt um eða samþykkt að það hefji skólagöngu fyrir eða síðar. Kveðið er á um heimild sveitarfélaga til að reka saman leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla, enda mæli fagleg og rekstrarleg sjónarmið með því fyrirkomulagi.

Í frumvarpi til laga um grunnskóla er kveðið skýrar en í gildandi lögum á um ábyrgð skólastjóra grunnskólans til að meta hvenær grunnskólanemendur hafa lokið grunnskólanámi og að útskrifa þá úr grunnskóla. Heimilt er að útskrifa nemanda úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið. og lagt er til að í aðalnámskrá verði sett árangursviðmið um það hvenær nemandi telst hafa lokið einstökum námsgreinum eða námssviðum. Skólaskyldu er unnt að fullnægja í grunnskólum á vegum sveitarfélaga, í sjálfstætt reknum grunnskólum eða með öðrum viðurkenndum hætti. Foreldrar geta t.a.m. sótt um að kenna börnum sínum heima að hluta eða öllu leyti að höfðu samráði við grunnskóla, skólanefnd og sérfræðipjónustu.

Þá er í frumvarpi til grunnskólalaga kveðið á um rétt nemenda til að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi samhliða grunnskólanámi að fenginni heimild skólastjóra grunnskóla. Á undanförmum árum hefur orðið hröð þróun í þá átt að grunnskólanemendur stunda samtímis nám á grunn- og framhaldsskólastigi og hafa ýmsar tilraunir verið gerðar í þeim efnum. Skólaárið 2006–2007 stunduðu t.a.m. um 1.300 grunnskólanemendur eitthvert framhaldsskólanám samhliða grunnskólanámi. Í frumvarpinu er kveðið skýrar á um framkvæmdina þ.m.t. kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Hlutverk sveitarfélaga er skýrar afmarkað í frumvörpunum en í gildandi lögum. Má þar nefna að sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds á vegum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúrræðum, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga. Mats- og eftirlitshlutverk sveitarfélaga er aukið og þar er einnig kveðið á um að sveitarfélög setji almenna stefnu um skólahald í sveitarfélaginu og kynni fyrir íbúum. Sveitarfélög og skólastjórar bera ábyrgð á að samræma þjónustu við nemendur innan hvers skóla og við aðra aðila sem sinna sérfræðipjónustu, svo sem félagsþjónustu sveitarfélags og heilsugæslu, eftir því sem við á.

Velferð og ábyrgð nemenda

Meginmarkmið beggja frumvarpa er að tryggja öryggi og velferð barna, skýra ábyrgð, réttindi og skyldur, auka gæði og eftirlit með skólastarfi, auka sveigjanleika og samfellu á milli skólastiga. Kveðið er á um kærurétt til menntamálaráðuneytis vegna tiltekinna ákvarðana sem varða rétt og skyldur nemenda eða foreldra leik- og grunnskólabarna.

Frá upphafi grunnskóla eigi nemendur að eiga val í námi sínu, svo sem um viðfangefni, námsaðferðir og námsgreinar, í samræmi við nánari skilgreiningu í aðalnámskrá grunnskóla og skipulag skóla. Markmiðið með því er að gera nemendur ábyrga fyrir eigin námi og skapa sveigjanleika í skólastarfi. Allir nemendur skulu fá sem jöfnust tækifæri til náms og eiga þess kost að velja sér viðfangsefni og nálgun í eigin námi.

Í frumvörpunum er tekið mið af því að samfélagið sé fjölmenningslegt og að bera verði virðingu fyrir fjölbreytileikanum. Jafnframt er að finna nýmæli um móttökuáætlanir fyrir nemendur og að leik- og grunnskólum beri að leitast við að tryggja foreldrum sem ekki tala íslensku eða nota táknmál túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla. Í stað orðalags í markmiðsgrein gildandi laga um að starfshættir skólans skuli móttast af kristilegu siðgæði komi jafnrétti, ábyrgð, umhyggja, sáttfýsi og virðing fyrir manngildi, en það eru m.a. þau atriði sem samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eiga að einkenna kristilegt siðgæði.

Lokaorð

Eins og áður segir er ekki tímabært á þessu stigi að greina ítarlegar frá efni frumvarpanna en hér er gert. Ljóst er að frumvörpin munu hafa ýmsar breytingar í för með sér fyrir skólahald sveitarfélaga. Fulltrúar sambandsins sem komið hafa að frumvarpsvinnunni hafa í meginatriðum verið sammála áherslum menntamálaráðuneytisins um aukna samfellu og sveigjanleika í skólastarfi og að hlutverk og ábyrgð allra þeirra sem koma að skólahaldi verði skýrari en í gildandi lögum. Fara þær áherslur að mörgu leyti saman við áherslur sambandsins sem settar voru við upphaf nefndavinnunnar og má þar nefna sérstaklega ákvæði um samrekstur skólastiga. Hins vegar er jafnljóst að ekki náðist samkomulag um önnur mikilvæg áhersluatriði sambandsins, t.a.m. ákvæðið um framlög sveitarfélaga til einkarekinna grunnskóla, sem sambandið vildi sjá fellt brott úr lögum. Þá vildi sambandið sjá dregið enn frekar úr miðstýringarvaldi menntamálaráðuneytisins en gert er í frumvarpinu.

Á haustmánuðum 2007 hafa sérfræðingar sambandsins og menntamálaráðuneytis fundað um efni frumvarpanna og hefur samstarfið verið með miklum ágætum. Hafa verið gerðar allmargar breytingar á fyrirbyggjandi drögum í samræmi við ábendingar sambandsins. Vinna við mat á kostnaðaráhrifum frumvarpanna gagnvart sveitarfélögum stendur enn yfir í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga þar um. Afar mikilvægt er að vel verði vandað til þeirrar vinnu og hagsmunir sveitarfélaga tryggðir svo þau geti uppfyllt ákvæði nýrra laga um leik- og grunnskóla af sama metnaði og hingað til.

FYLGISKJÖL

Fylgiskjal 1 - Áhersluatriði sambandsins vegna heildarendurskoðunar grunnskólalaga

- **Grunnskólalögin verði rammalöggjöf.** Í stað þess að grunnskólalögin feli í sér ítarleg fyrirmæli um starfrækslu grunnskólans verði þau rammalöggjöf um starfsemi hans.
- **Dregið verði úr miðstýringu grunnskólans og sveigjanleiki í starfsemi hans aukinn.** Sveitarfélögin fái aukið forræði til ákvarðanatöku í málefnum grunnskólans, bæði varðandi ytri og innri starfsemi. Með þeim hætti fái sveitarfélögin aukin tækifæri til að stuðla að fjölbreytni og auknum gæðum skólastarfs. Sveitarfélögin fái aukið frelsi bæði um rekstrarfyrirkomulag, stjórnun og faglegar áherslur og þróun og mótun skólastarfs í samræmi við aðstæður í hverju sveitarfélagi. Markmiðið verði að ná fram aukinni skilvirkni og gæðum og sem bestri nýtingu opinberra fjármuna
- **Samrekstur skólastiga verði heimilaður.** Það verði gert til að koma til móts við ólíkar aðstæður í sveitarfélögunum og breytilegar þarfir nemenda. Jafnframt til að auka sveigjanleika og fjölbreytni í rekstri skóla og sveitarfélaga.
- **Hagsmunir nemenda verði í forgrunni.** Hagsmunir starfsstétta, sveitarfélaga, annarra rekstraraðila grunnskóla og stjórnvalda taki mið af hagsmunum nemenda.
- **Önnur löggjöf um grunnskóla taki mið af framangreindum áherslum.** Þar má nefna ýmis ákvæði laga- og reglugerða tengdum lögverndun, réttindum og skyldum kennara og skólastjórna, o.fl.
- **Staða og hlutverk skólastjóra gagnvart stjórnáslu sveitarfélaga verði endurskilgreind.** Löggjöf um hlutverk og valdsvið skólastjóra er með öðrum hætti en annarra forstöðumanna stofnana sveitarfélaganna.
- **Aðalnámsskrá grunnskóla verði einfölduð.** Í kjölfar þess að lög um grunnskóla verði einföld rammalöggjöf þarf með sama hætti að einfalda aðalnámsskrá grunnskóla. Gildandi aðalnámsskrá er of ítarleg og stýrandi fyrir skólastarfið.
- **Ákvæði um bundin framlög sveitarfélaga til einkarekinna grunnskóla verði felld út úr grunnskólalögum.** Ákvæðið var sett inn í grunnskólalög í vor í andstöðu við sveitarfélögin.
- **Tekið verði á kerfislægum vanda sem felst í skörun ábyrgðarskyldu.** Hlutverk og ábyrgð menntamála-, félagsmála, og heilbrigðisráðuneytis vegna grunnskólanemenda sem búa við fötlun, sjúkdóma og aðrar sérstakar aðstæður þarf að vera skýrt. Samstarfsfleti milli þessara ráðuneyta í þessum málum þarf að skerpa.
- **Endurskoðunin leiði ekki til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélögin.** Ítarlegt kostnaðarmat þarf að fara fram á frumvarpi til nýrra grunnskólalaga í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um kostnaðarmat lagafrumvarpa. Komi í ljós að í frumvarpinu felist aukinn kostnaður fyrir sveitarfélögin þurfa að fylgja samsvarandi tekjustofnar til sveitarfélaga til að mæta þeim kostnaði.

Við framsetningu þessara áhersluatriða Sambands íslenskra sveitarfélaga var höfð hliðsjón af umræðu og ályktunum sveitarstjórnarmanna, annarra fulltrúa sveitarfélaga og þeirra sem tekið hafa þátt í umræðu um málefni skóla og menntunar á vettvangi sambandsins. Þar má nefna

skólamálalagning sambandsins sem haldið var í mars árið 2004, málstofu sambandsins með rannsakendum skólamála sem haldið var í mars 2006, störf skólamálanefndar er tók til starfa í ágúst 2005 og nefndastörf fulltrúa sambandsins í ýmsum nefndum og starfshópum um málefni skóla og menntunar. Einnig var höfð hliðsjón af umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um grunnskóla sem lagt var fram á Alþingi í upphafi árs 2006.

Fylgiskjal 2 - Fyrirvari fulltrúa sambandsins í endurskoðunarnefnd grunnskólalaga

Við undirrituð, fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefnd sem vann að heildarendurskoðun grunnskólalaga og samningu þessara draga að frumvarpi til nýrra grunnskólalaga, teljum að mikil og góð vinna hafi farið fram í nefndinni. Í frumvarpsdrögunum koma fram ýmis mikilvæg nýmæli sem stuðlað geti að skilvirkara og árangursríkara skólastarfi. Um ýmsar greinar frumvarpsdraganna var ágæt samstaða í nefndinni en aðrar bera þess merki að leitast var við að ná samstöðu um málamiðlanir milli ólíkra sjónamiða nefndarmanna og þeirra aðila sem þeir voru fulltrúar fyrir. Þó er ljóst að undirrituð og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa enn athugasemdir við nokkur ákvæði frumvarpsdraganna.

Vegna mikils hraða sem var á starfi nefndarinnar undir lok nefndastarfsins áttum við undirrituð ekki möguleika á samráði við sveitarstjórnarmenn, starfsmenn sveitarfélaga og starfsmenn og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga eins og æskilegt hefði verið og við hefðum kosið.

Fullvíst er að frumvarpsdrögin muni hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin og teljum nauðsynlegt að sem fyrst fari fram mat á þeim kostnaðarauka og að samhliða því að frumvarp til nýrra grunnskólalaga verði lagt fyrir Alþingi liggi fyrir með hvaða hætti sveitarfélögunum verði tryggt fjármagn til að standa undir þeim kostnaðarauka.

Af framangreindum ástæðum gerum við þennan fyrirvara við undirskrift skilabréfs nefndarinnar og áskiljum Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem og einstökum sveitarfélögum allan rétt til að gera athugasemdir við þau frumvarpsdrög sem hér liggja fyrir.

Fylgiskjal 3 - Skilabréf nefndar um heildarendurskoðun á grunnskólalögum

Nefnd sem skipuð var hinn 13. mars 2006 til að endurskoða lög um grunnskóla nr. 66/1995 með síðari breytingum hefur lokið störfum og fylgir bréfi þessu frumvarp til laga um grunnskóla ásamt greinargerð. Nefndin hélt samtals 43 fundi og átti mjög víðtækt samstarf við hagsmunaaðila vegna frumvarpsgerðarinnar.

Samstaða varð meðal nefndarmanna um niðurstöður en með þeim fyrirvörum og athugasemdum sem hér greinir:

Ljóst er að ýmislegt í áliti nefndarinnar hefur áhrif á útgjöld og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Það er skilningur nefndarmanna að meta þurfi sérstaklega kostnaðaráhrif að tillögunum og að ríki og sveitarfélög þurfi að komast að samkomulagi um það hvernig slíkum kostnaði skuli mætt. Þetta á m.a. við um ný ákvæði í frumvarpinu um túlkapjónustu vegna foreldra eða forráðamanna sem ekki tala íslensku eða nota táknmál vegna samskipta við grunnskóla, vegna aukins hlutverks sveitarfélaga í mati og eftirliti með skólastarfi, vegna tillagna

um flutning fjármagns vegna símenntunar kennara frá ríki til sveitarfélaga og vegna ákvæða um gjaldfrjálsan grunnskóla. Sama á við um nám grunnskólanemenda í framhaldsskólaáföngum og viðbótarkostnað vegna nemenda í grunnskólum með annað móðurmál en íslensku.

Nefndarmenn leggja mikla áherslu á að sátt náist um ný grunnskólalög og telja því mikilvægt að á næstunni fari fram kynning á frumvarpinu þar sem leitað verði eftir athugasemdum og ábendingum frá hagsmunaaðilum. Nefndin er reiðubúin taka aftur til starfa til að vinna úr þeim athugasemdum ef þess verður óskað áður en frumvarpið verður lagt fyrir Alþingi.

Fylgiskjal 4 - Áherslur sambandsins vegna endurskoðunar laga um leikskóla nr. 78/1994

- **Leikskólalögin verði áfram rammalöggjöf.** Hvert einstakt sveitarfélag hafi frelsi og ákvarðanavald til útfærslu starfshátta í leikskólum í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins.
- **Virkni einstakra ákvæða í núgildandi lögum verði tekin til sérstakrar skoðunar.** Dregið er í efa að ýmis ákvæði laganna hafi verið uppfyllt, t.a.m. þau er taka til hlutverks, ábyrgðar og fjármögnunar ráðuneytis varðandi þróunar- og tilraunastarf, mats á uppeldisstarfi leikskóla og ráðgjafarhlutverki gagnvart stjórnendum leikskóla, sbr. 4. og 5. gr. Ýmis þessara ákvæða kunna að vera úrelt og ekki í samræmi við þá þróun sem orðið hefur.
- **Draga þarf úr miðstýringu laga um leikskóla á starfshætti og rekstrarfyrirkomulag og skerpa ábyrgðar- og verkefnaskil ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum.** Núgildandi lög takmarka á ýmsan hátt sjálfstæði sveitarfélaga til að laga leikskólastarf að þörfum og aðstæðum á hverjum stað. Nægir að nefna ákvæði 12. gr. laganna um starfsfólk, sem setur leikskólastarfi óþarfar skorður og er ekki til þess fallin að ýta undir fjölbreytni og sveigjanleika í leikskólahaldi eða möguleika til hagræðingar og aðlögunar að aðstæðum í hverju sveitarfélagi. Hafa þarf í huga að börn á leikskólaaldri eru ekki skólaskyld heldur er um ræða þjónustu sveitarfélaga við börn og foreldra eins og fram kemur í 1. gr. laganna
- **Tekið verði á kerfislægum vanda sem felst í skörun ábyrgðarskyldu.** Hlutverk og ábyrgð ríkis og sveitarfélaga vegna leikskólabarna sem búa við fötlun, sjúkdóma og aðrar sérstakar aðstæður þarf að vera skýrt. Það mál er til umfjöllunar í sérstakri nefnd ríkis og sveitarfélaga og niðurstöður hennar kunna að hafa áhrif á vinnu við endurskoðun leikskólalaga. Jafnframt er mikilvægt að ábyrgð og skyldur menntamála-, félagsmála, og heilbrigðisráðuneytis vegna þessara barna sé skýrt. Samstarfsfleti milli þessara ráðuneyta í þessum málum þarf að formgera.
- **Samrekstur skólastiga verði heimilaður.** Það verði gert til að koma til móts við breytilegar þarfir nemenda, samfellu í skólastarfi og stuðla að fljótandi skilum skólastiga. Jafnframt til að koma til móts við ólíkar aðstæður í sveitarfélögunum og auka sveigjanleika og fjölbreytni í rekstri skóla og sveitarfélaga.
- **Sveitarfélögin ákveði sjálf sína skóla- og uppeldisstefnu.** Óeðlilegt er að menntamálaráðuneytið móti uppeldisstefnu leikskóla, sbr. 4. grein. gildandi laga.
- **Hagsmunir nemenda verði í forgrunni.** Hagsmunir starfsstétta, sveitarfélaga, annarra rekstrar- aðila leikskóla og stjórnvalda taki mið af hagsmunum nemenda.

- **Önnur löggjöf þar sem vikið er að leikskóla taki mið af framangreindum áherslum.** Þar má t.d. nefna ýmis ákvæði laga- og reglugerða tengdum lögverndunarlögum. Nú er að störfum nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins sem vinnur að endurskoðun lögverndunarlaga og niðurstöður þeirrar nefndar kunna að hafa áhrif á endurskoðun leikskólalaganna.
- **Skilgreind verði ýmis hugtök í lögnum.** Í fyrsta kafla laganna um gildissvið þarf t.a.m. að skilgreina aldursbilið sem löggin eiga að ná til þ.e. „undir skólaskyldualdri“. Nú þegar hafa ýmis sveitarfélög tekið upp þjónustu fyrir börn á aldursbilinu 6 til 18 og 24ra mánaða Aðlaga þarf löggin að þeim veruleika.
- **Endurskoðunin leiði ekki til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélögin.** Ítarlegt kostnaðarmat þarf að fara fram á frumvarpi til nýrra leikskólalaga í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um kostnaðarmat lagafrumvarpa. Komi í ljós að í frumvarpinu felist aukinn kostnaður fyrir sveitarfélögin þurfa að fylgja samsvarandi tekjustofnar til sveitarfélaga til að mæta þeim kostnaði.

Við framsetningu þessara áhersluatriða Sambands íslenskra sveitarfélaga var höfð hliðsjón af umræðu og ályktunum sveitarstjórnarmanna, annarra fulltrúa sveitarfélaga og þeirra sem tekið hafa þátt í umræðu um málefni leikskóla og uppeldismál á vettvangi sambandsins. Þar má nefna skólamálanefnd sambandsins er tók til starfa í ágúst 2005 og nefndastörf fulltrúa sambandsins í ýmsum nefndum og starfshópum um málefni skóla og menntunar. Einnig var höfð hliðsjón af umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um grunnskóla sem lagt var fram á Alþingi í upphafi árs 2006.

Fylgiskjal 5 - Fyrirvari fulltrúa sambandsins í nefnd um endurskoðun leikskólalaga

Við undirritaðar, fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefnd sem vann að heildarendurskoðun leikskólalaga og samningu þessara draga að frumvarpi til nýrra leikskólalaga, teljum að mikil og góð vinna hafi farið fram í nefndinni. Í frumvarpsdrögunum er að finna mörg nýmæli sem stuðlað geta að enn skilvirkara, fjölbreyttara og árangursríkara leikskólastarfi. Nægir að nefna nýjan kafla um réttindi og skyldur foreldra og um innra og ytra eftirlit með gæðum skólustarfs. Um vel flestar greinar frumvarpsdraganna náðist góð samstaða í nefndinni en aðrar bera þess merki að leitast var við að ná samstöðu um málamiðlanir milli ólíkra sjónamiða nefndarmanna og þeirra aðila sem þeir voru fulltrúar fyrir.

Vegna mikils hraða sem var á starfi nefndarinnar undir lok nefndastarfsins áttum við undirritaðar þess ekki kost að eiga viðhlítandi samráð við sveitarstjórnarmenn, starfsmenn sveitarfélaga og starfsmenn og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga í þeim mæli sem æskilegt hefði verið.

Frumvarpsdrögin munu augljóslega leiða af sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin og teljum við nauðsynlegt að sem fyrst fari fram mat á þeim kostnaðarauka og að samhliða því að frumvarp til nýrra grunnskólalaga verði lagt fyrir Alþingi liggja fyrir með hvaða hætti sveitarfélögunum verði tryggt fjármagn til að standa undir þeim kostnaðarauka.

Af framangreindum ástæðum gerum við þennan fyrirvara við undirskrift skilabréfs nefndarinnar og áskiljum Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem og einstökum sveitarfélögum allan rétt til að gera athugasemdir við þau frumvarpsdrög sem hér liggja fyrir.

Fylgiskjal 6 - Skilabréf nefndar um endurskoðun laga um leikskóla nr. 78/1994.

Nefnd sem skipuð var hinn 31. maí 2006 til að endurskoða lög um leikskóla nr. 78/1994 hefur lokið störfum og fylgir bréfi þessu frumvarp til laga um leikskóla ásamt greinargerð og fylgiskjölum.

Samstaða varð meðal nefndarmanna um niðurstöður af starfi hennar, en með þeim fyrirvörum og athugasemdum sem hér greinir:

Ljóst er að fjölmargt í álitni nefndarinnar hefur áhrif á útgjöld og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Það er sameiginlegur skilningur nefndarmanna að meta þurfi sérstaklega kostnaðaráhrif af tillögnum og að fulltrúar ríkis og sveitarfélaga þurfi að komast að samkomulagi um það, hvernig slíkum kostnaði skuli mætt. Er því afrit samkomulags um kostnaðarmat lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla gagnvart sveitarfélögum meðal fylgiskjala frumvarpsins. Var það verkefni nefndarinnar að ræða efnislegt inntak frumvarpsins án tillits til kostnaðar þar sem kostnaðarmat frumvarpsins færi fram í kjölfarið. Var það forsenda fyrir allri vinnu nefndarinnar.

Er sérstaklega bent á neðangreind ákvæði frumvarpsins í þessu sambandi:

1. 10. gr. þar sem gert er ráð fyrir rétti til túlkabjónustu
2. 21. gr. þar sem fjallað er um ábyrgð sveitarfélaga á ytra mati.

Nefndin vill taka sérstaklega fram að það er samhljóma álit hennar að rétt sé að tekið verði á réttindum mismunandi hópa til ákveðinnar þjónustu m.a. vegna fötlunar ýmis konar með heildstæðum hætti í heildstæðum lögum er fjalla um sérstöðu viðkomandi hóps óháð aldri, skólastigi, búsetu eða öðru. Sama á við um þjónustu við nemendur með annað móðurmál en íslensku. Ekki sé rétt að kveðið verði á um réttindi sértilgreindra hópa umfram aðra í rammalöggjöf um leikskóla enda nefndin komin þá langt út fyrir verksvið sitt.

Sérstaklega er vakin athygli á ákvæði frumvarpsins um kæruleiðir, en það kemur inn í frumvarpið frá lögfræðisviði ráðuneytisins. Hefur nefndin ekki tekið afstöðu til þeirrar framsetningar sem þar kemur fram, með formlegum hætti, enda var litið svo á að ákvæðið væri ekki endanleg mótað af hálfu ráðuneytisins. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefndinni fallast ekki á það í þeirri mynd sem það er nú í frumvarpi þessu. Var hugmyndin að sambærileg ákvæði yrðu í endanlegum útgáfum frumvarpa til laga um leikskóla og grunnskóla í þessum eignum.

Ljóst er að tímarammi sem nefndin hafði til mótunar frumvarps var afar knappur. Gafst lítill sem enginn tími til samræmingar frumvarpa til laga um leikskóla og grunnskóla af þeim sökum og nefndinni því í reynd útilokað að skila frumvarpi í því samræmda horfi sem ætlunin var samkvæmt skipunarbréfi. Er sérstaklega bent á þörf á samræmingu þeirra ákvæða frumvarpana sem snerta samrekstur leik- og grunnskóla, 30. gr. leikskólafrumvarps og 45. gr. grunnskólafrumvarps, og ákvæða sem varða samvinnu skólastiganna en skv. leikskólafrumvarpinu er skylda til slíks samstarfs en sambærilegt ákvæði skortir í grunnskólafrumvarpið.

Þá er rétt að undirstrika að við gerð frumvarps til leikskólalaga var gengið út frá því sem forsendu að frumvarp til nýrra lögverndunarlaga verði að lögum og ákvæði varðandi starfsfólk byggð á þeirri forsendu.

Frumvarpið og greinargerðin endurspeгла samkvæmt framansögðu fyrst og fremst afstöðu þeirra aðila sem ráðherra skipaði til mótunar löggjafar um leikskólamál en ljóst er að samræming frumvarpanna er stutt á veg komin.

Undirritaðar erum reiðubúnar að koma að frekari vinnu við samræmingu frumvarpanna óski ráðherra eftir slíku og væri æskilegt að sömu aðilar og sömdu frumvörpin fengju tækifæri til að ljúka þeirri vinnu.

Í því ljósi má líta á skil á frumvarpi þessu nú sem mikilvægt skref á leið til þeirra markmiða sem ætlunin var að ná við skipan nefndarinnar og að fyrir liggji efnisleg afstaða nefndarinnar um hvernig löggjöf um leikskólamálefni skuli háttað.

Fylgiskjal 7 - Skólaskrifstofur sveitarfélaga og skólar utan þeirra

Heiti skrifstofu	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími/Bréfsími	Netfang	Veffang	Sveitarfélag
Menntasvið Reykjavíkurborgar	Frikkirkjuvegi 1	101 Reykjavík	411 7000/477 7050	menntasvið@reykjavik.is	www.menntasvið.is	Reykjavíkurborg
Höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkur						
Fræðslu- og menningarsvið Seltjarnarness	Austurströnd 2	170 Seltjarnarnes	595 9100/595 9101	ludvik@seltjarnarnes.is	www.seltjarnarnes.is	Seltjarnarneskaupstaður
Fræðslusvið Kópavogs	Fannborg 2	200 Kópavogi	570 1600/570 1601	simi2@kopavogur.is	www.kopavogur.is	Kópavogskaupstaður
Skólaskrifstofa Garðabæjar	Garðatorgi 7	210 Garðabæ	525 8500/565 2332	gardabaer@gardabaer.is oddnye@gardabaer.is	www.gardabaer.is	Garðabær
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar	Strandgötu 31	220 Hafnarfirði	585 5500/585 5509	skolaskr@hafnarfjordur.is	www.hafnarfjordur.is	Hafnarfjarðarkaupstaður
Sveitarfélagið Álftanes	Bjarnastöðum	225 Álftanesi	550 2300/550 2309	gunnar@alftanes.is	www.alftanes.is	Sveitarfélagið Álftanes
Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar	Pverholti 2	270 Mosfellsbæ	525 6700/525 6739	bth@mos.is	www.mos.is	Mosfellsbær
Suðurnes						
Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar	Tjarnargötu 12	230 Reykjanesbæ	421 6700/421 6199	fraedsluskrifstofa@reykjanesh.is	www.reykjanesbaer.is	Reykjanesbær, Sveitarfélagið Garður og Sandgerðisbær
Vesturland						
Fræðslu-, tómskund- og íþróttasvið Akraness	Stillholti 16-18	300 Akranesi	433 1000/433 1001	helgag@akranes.is	www.akranes.is	Akraneskaupstaður
Fræðslu- og menningarsvið Borgarbyggðar	Borgarbraut 14	310 Borgarnesi	433 7100/4337101	borgarbyggd@borgarbyggd.is	www.borgarbyggd.is	Borgarbyggð
Félags- og skólabjónusta Snæfellinga	Klettsbúð 4	360 Hellissandi	430 7800/430 7801	albert@skoli.net		Stykkishólmabær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær, Lýsuhólsskóli
Vestfirðir						
Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar	Hafnarstræti 1	400 Ísafirði	450 8000/456 3508	skolafolsk@isafjordur.is	www.isafjordur.is	Ísafjarðarbær, Súðavíkurreppur og Bolungarvíkurkaupstaður
Norðurland vestra						
Fræðsluskrifstofa Austur-Húnavatnings	Pverbraut 1	540 Blönduós	452 2600/452 4787	gol@mi.is		Blönduósbær, Höfðahreppur, Húnavatnshreppur og Skagabyggð (börn í Skagab. Fara í skóla í Höfðahr.) Húnaþing vestra kaupir þjónustu
Fjölskylduþjónusta Skagfirðinga	Ráðhúsinu, Skagfirðingabr. 21	550 Sauðárkróki	455 6080/455/6001	runar@skagafjordur.is	www.skagafjordur.is	Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur
Norðurland eystra						
Skólaskrifstofa Fjallabyggðar	Gránugötu 24	580 Siglufirði	464 9100	olafur@fjallabyggd.is	www.fjallabyggd.is	Fjallabyggð
Skóladeild Akureyrarbæjar	Glerárgötu 26	600 Akureyri	460 1455/460 1460	gunnarg@akureyri.is	http://skoladeild.akureyri.is	Akureyri, Hrísey og Hlíðarskóli
Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar	Glerárgötu 26	600 Akureyri	460 1401/460 1440	gudruns@akureyri.is	www.akureyri.is	Annast einstakl. þj. við grunnskóla Akureyrar ásamt Pelamerkurskóla, Hrafnagilsskóla, Valsárskóla og Grenivíkurskóla
Fjölskyldu- og þjónustusvið Norðurþings	Ketilsbraut 7-9	640 Húsavík	464 6123/464 6101	erla@husavik	www.nordurthing.is	Norðurþing
Fræðslu- og menningarsvið Dalvíkurbyggðar	Ráðhúsinu	620 Dalvík	460 4900/460 4901	hildur@dalvik.is	www.dalvik.is	Dalvíkurbyggð
Fjölskylduþjónusta Þingeyinga	Ketilsbraut 7	640 Húsavík	464 6130/464-6131	linda@thingey.is	www.thingeyarsveit.is	Áldalælahreppur, Þingeyrarsveit, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur og Langanesbyggð

Heiti skrifstofu	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími/Bréfsími	Netfang	Veffang	Sveitarfélag
Austurland						
Skólaskrifstofa Austurlands	Búðareyri 4	730 Reyðarfirði	474 1211/474 1311	sigurbjorn@skolaust.is	www.skolaust.is	Vopnafjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Fljótisdalshreppur, Fljótisdalshérað, Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpvogshreppur
Fræðslu- og félagssvið Hornafjarða	Hafnarbraut 27	780 Höfn	470 8000/470 8001	stefan@hornafjordur.is	www.hornafjordur.is	Sveitarfélagið Hornafjörður
Fræðslusvið Fljótisdalshéraðs	Lyngási 12	700 Egilsstöðum	470 0700/470 0701	helga@egilsstadir.is	www.egilsstadir.is	Fljótisdalshérað
Fræðslu- og menningarsvið	Hafnargötu 2	730 Reyðarfirði	470 9092/470 9001	gulli@fjardabyggd.is	www.fjardabyggd.is	Fjarðabyggð
Suðurland						
Skólaskrifstofa Suðurlands	Austurvegi 56	800 Selfossi	480 8240/480 8201	skolasud@sudurland.is	www.sudurland.is/skolasud	Sveitarfélagið Árborg, Myrdalshreppur, Skaftárhreppur, Ásahreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Grímsnes- og Grafingshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskólabýggð og Flóahreppur
Fjölskyldu- og fræðslusvið Vestmannaeyja	Ráðhúsinu	900 Vestmannaeyjum	488 2000/488 2001	erna@vestmannaeyjar.is	www.vestmannaeyjar.is	Vestmannaeyjabær
Grunnskóla- og menningardeild Árborgar	Ráðhúsinu Austurvegi 2	800 Selfossi	480 1900/480 1901	siggi@arborg.is	www.arborg.is	Sveitarfélagið Árborg
Sveitarfélög án skólaskrifstofu en með skólafulltrúa á bæjarskrifstofu						
Grindavíkurbær	Víkurbraut 62	240 Grindavík	420 1100/420 1111	nmi@grindavik.is	www.grindavik.is	Grindavíkurbær
Skólar utan skólaskrifstofu						
Landakotsskóli	Túngötu	101 Reykjavík	510 8200/510 8209	regina@landakot.is	www.landakot.is	Reykjavíkurborg
Tjarnarskóli	Lækjargötu 14b	101 Reykjavík	551 6820/552 6074	tjarnar@ismennt.is	www.tjarnarskoli.is	Reykjavíkurborg
Ísaksskóli	Bólstaðarhlíð 20	105 Reykjavík	553 2590/553 4600	eddahuld@isaksskoli.is	www.isaksskoli.is	Reykjavíkurborg
Suðurlíðarskóli	Suðurlíð 36	105 Reykjavík	568 7878/568 7807	sudurhlidarskoli@simnet.is	www.sudurhlidarskoli.is	Reykjavíkurborg
Waldorfskólinn Sólstafir	Pósthólf 8812	128 Reykjavík	577 1110/699 8804	solskoli@ismennt.is	www.waldorf.ismennt.is	Reykjavíkurborg
Waldorfskólinn í Lækjarbotnum	Pósthólf 10011	130 Reykjavík	587 4499/587 4470	thorat@visir.is		Reykjavíkurborg
Grunnskóli Grindavíkur	v/Ásabraut	240 Grindavík	420 1150	gulli@grindavik.is	www.grindavik.is	Reykjavíkurborg
Stóru-Vogaskóli	Akurgerði 2	190 Vogar	424 6655	skoli@vogar.is	www.vogar.is	Grindavíkurkaupstaður
Heiðarskóli	Leirársveit	301 Akranesi	433 8920/433 8911	heidarskoli@heidarskola.is	www.heidarskoli.is	Hvalfjarðarsveit
Varmalandsskóli		311 Borgarnesi	430 1500/430 1501	varmaland@varmaland.is	www.varmaland.is	Borgarbyggð
Laugargerðisskóli	Snæfellsnesi	311 Borgarnesi	435 6600/435 6603	laugarg@ismennt.is	www.laugargerðisskoli.is	Borgarbyggð
Grunnskólinn í Búðardal	Miðbraut 10	370 Búðardal	434 1133/434 1406	ggh@simnet.is	www.dalabyggd.is	Dalabyggð
Grunnskólinn Tjarnarlundi	Kirkjubóli	371 Búðardal	434 1545	tjarnarlundur@snerpa.is	www.dalabyggd.is	Dalabyggð
Reykhólabólaskóli		380 Reykhólum	434 7731/434 7891	reyksk@ismennt.is	www.reykholar.is	Reykhólahreppi
Grunnskóli	450 Patreksfirði	456 1590/435 1637	456 1590/435 1637	gustaf@vesturbyggd.is	www.vesturbyggd.is	Patreksfjörður, Tálknafjörður
Grunnskóli	Höfðastíg 3-5	415 Bolungarvík	456 7249/456 7029	sossa@bolungarvik.is	www.bolungarvik.is	Bolungarvíkurkaupstað
Súðavíkurskóli		420 Súðavík	456 4924/456 5909	skoli@sudavik.is	www.sudavik.is	Súðavíkurbreppur
Grunnskólinn Borðeyri	Borðeyri	500 Stað	451 1142	karna@ismennt.is	www.strandir.is	Bæjarhreppur
Grunnskólinn á Hólmavík	Skólbraut 20	510 Hólmavík	451 3129/451 3429	skolastjorar@homavik.is	www.strandabyggd.is	Strandabyggð
Grunnskóli Drangsnæs		520 Drangsnæs	451 3436/451 3379	drnes@ismennt.is	www.drangsnæs.ismennt.is	Kaldranæshreppi
Finnbogastöðaskóli	Finnbogastöðum	523 Bæ	451 4032/451 4031	finnbs@simnet.is		Árneshreppi
Grunnskóli Húnaþings		530 Hvammstanga	455 2900/455 2908	grhv@ismennt.is	www.hunathing.is	Húnaþing vestra
Pelamerkurskóli		601 Akureyri	462 1772/461 2337	skoli@thelask.is	www.thelask.is	Hörgarbyggð
Hrafnagilsskóli		601 Akureyri	464 8100/464 8101	hrafnagilsskoli@krummi.is	www.krummi.is	Eyjafrjáðarsveit
Stóru-Tjarnarskóli	Ljósavatnsskarði	601 Akureyri	464 3220/464-3224	ollarn@stortjarnarskoli.is	www.stortjarnarskoli.is	Pingeyjarsveit
Valsárskóli	Svalbarðsströnd	601 Akureyri	462 3105/462 3106	valsar@valsar.is	www.valsarskoli.is	Svalbarðsstrandarhreppi
Grenivíkurskóli		610 Grenivík	463 3118/463 3181	grenivikurskoli@grenivikurskol.is	www.grenivikurskoli.is	Grýtubakkahreppi
Grunnskólinn í Grimsey		611 Grimsey	467 3138	skoli@grimsey.is	www.grimsey.is	Grimseyjarhreppur